

# Segir völdum rænt um stundarsakir

Málþóf Miðflokksmanna heldur áfram á Alþingi og önnur mál komast ekki á dagskrá. Forseti þingsins segir þingvilja ekki komast til skila nema með atkvæðagreiðslu. Formaður Miðflokksins segir dagskrárvaldið hins vegar vera hjá þingforseta.

**ALÞINGI** „Það er augljóst að það er búið að ræna völdum hér um stundarsakir,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis, og á þar við að Miðflokksmenn stunda nú það sem flestir vilja kalla grimulaust málþóf um þriðja orkupakkann. Hljóðið í öðrum þingmönnum er þungt þessa dagana og fer þolinmæði þverrandi með hverjum deginum sem líður.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, er ósamhála því að Miðflokkurinn hafi tekið völdin á þingi.

„Það er hálf einkennileg túlkun þar sem forseti sjálfur er með dagskrárvaldið. Við höfum margoft boðið honum að taka önnur mál fram fyrir og ljúka þeim. Við erum öll af vilja gerð til að láta þingstörfin ganga vel,“ segir Sigmundur.

„Hins vegar hefur umræðan verið góð og nýjar upplýsingar að koma á yfirborðið. Þær upplýsingar kalla á spurningar sem við viljum fá svör við. Því teljum við að það myndi flýta fyrir málinu ef stuðningsmenn tillögunnar gætu talað fyrir henni og veitt okkur þau svör sem við teljum okkur þurfa.“

Átta af níu nefndarmönnum í utanríkismálanefnd lögðu það til eftir meðferð í nefndinni, að málið yrði samþykkt. Aðeins Sigmundur Davíð vildi hafna tillögunni.

„Við búum við ákveðnar leikreglur

**Þetta er algjört einsdæmi, að einn þingflokkur skuli halda uppi svona málþófi.**

Steingrímur J. Sigfússon, forseti Alþingis



hér í þinginu. Þingviljinn birtist í atkvæðagreiðslu og það er miður ef þingmenn vilja ekki láta þingviljann ráða för,“ segir Steingrímur. „Ég hef áður beðið þingflokk Miðflokksins að láta staðar numið og vonast til að sú verði raunin. Þetta er algjört einsdæmi, að einn þingflokkur skuli halda uppi svona málþófi.“

Fréttablaðið hefur rætt við þingmenn sem segja að markmið Sigmundar sé að forseti eða þingmenn stöðvi umræðurnar á grundvelli þingskaparlaga. Hins vegar sé enginn tilbúinn til að láta það eftir honum. Menn telji það vera áætlun Sigmundar að þannig komi hann út sem sigurvegari í þessari stórkeppni. Menn biði hins vegar eftir því að Miðflokksmenn brotni og hætti málþófinu. Á meðan þessi pattstaða er uppi er þingið óstarfhæft að öðru leyti. – sa

## Vill leyfi sem viðskiptabanki


**VIÐSKIPTI** Lykill fjármögnun, sem er að mestu í eigu bandaríska vognarsjóðsins Davidson Kempner, hefur skilað inn formlegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins (FME) um starfsleyfi sem viðskiptabanki. Magnús Scheving Thorsteinsson, stjórnarformaður Lykils, staðfestir þetta í samtali við Markaðinn.

Markmið Lykils með viðskiptabankaleyfi er að sækjast eftir hagstæðari fjármögnun en félaginu hefur staðið til boða hingað til en með slíku leyfi mun Lykill fá heimild til að taka á móti innlánum frá almenningi. – hae / sjá Markaðinn

## Bjartsýnn á að fá að taka sæti

**SPÁNN** „Það að neita kjörnum fulltrúum um pólitísk réttindi sín er andlýðræðislegt,“ segir Oriol Junqueras, fyrrverandi varaforseti Katalóniu, í samtali við Fréttablaðið. Hann er nýkjörinn þingmaður, bæði á spænska þingið og Evrópuþingið. Það flækir hins vegar stöðu Junqueras að hann er í gæsluvarðhaldi.

Junqueras var sendur í leyfi frá þingstörfum á spænska þinginu eftir að hafa fengið leyfi úr fangelsi til að sækja innsetningarathöfn. Hann segist hins vegar bjartsýnn á að svo verði ekki með Evrópuþingmennskuna. – þea / sjá síðu 6



Tákn, listaverk Steinunnar Þórarinsdóttur, var sett upp á þaki Arnarhvals í gær. Formleg opnun verður á föstudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

FRÉTTABLAÐIÐ  
**+PLÚS**


Fleiri myndir af uppsetningunni er að finna á +Plússiðu Fréttablaðsins. Fréttablaðið +Plús er í Fréttablaðs-appinu og PDF-útgáfu á Fréttablaðið.is.

**Besta uppskeran núna!**

Ferskur grill aspas beint frá Spáni

**KRONAN**

## Veður



N-átt 8-15 m/s. Bjart SV- og V-lands, dálítill el á N- og A-landi, en skúrir syðst. Hiti í dag frá frostmarki í innsveitum NA-til, upp í 13 stig á SV-landi. **SJÁ SÍÐU 16**



Umræðurnar hefjast klukkan hálf átta í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Eldhúsdagur á Alþingi í dag

**ALÞINGI** Almennar stjórn mála- umræður, sem í daglegu tali kallast eldhúsdagsumræður, fara fram á Alþingi klukkan hálf átta í kvöld. Í þessum umræðum sem haldnar eru undir þinglok er fjallað um störf og stefnu ríkisstjórnarinnar og farið yfir þingveturinn.

Samkvæmt starfsáætlun eiga þinglok að vera eftir slétta viku en ljóst er að svo verður ekki. Mikill fjöldi mála biður eftir að komast til umræðu en að undanförunu hefur lítið sem ekkert annað verið rétt en þriðji orkupakkinn. – sar

## Skipverjum sagt upp eftir dýranið

**DÝRAVERND** Tveimur skipverjum Bildseyjar SH 65, sem útgerðarfélagið Sæfella á og rekur, hefur verið sagt upp störfum eftir að þeir skáru sporð af lifandi hákarli og slepptu svo lausum. Myndband sem skipverjarnir tóku upp af verknaðinum fór eins og eldur í sinu um netheima í gær og vakti hörð viðbrögð.

Í yfirlýsingu frá stjórn útgerðarfélagins er hegðun mannanna forðæmd. „Þeir sem stóðu þarna að verki eiga sér engar málsbætur,“ segir þar. Af þessum sökum sjái stjórnin ekki annað í stöðunni en að segja mönnum upp. – dfb

## Hvalreki við Eiðsgranda



Fjöldi fólks dreifað hvalshraei sem rak á land við Eiðsgranda í gær. Hraeið er af fullorðinni hrefnukú. Reykjavíkurborg mun að höfðu samráði við Umhverfisstofnun fjarlægja hraeið við fyrstu hentugleika en búast má við nokkurri ólykt í nágrenninu þangað til. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Kyrrsetta Wow þotan leigð til Englands

**FLUGMÁL** Airbus A321 farþegaþotunni, sem Isavia kyrrsetti á Keflavíkurflugvelli vegna tveggja milljarða króna skuldar hins gjaldþrota WOW air, hefur verið stefnt til Englands.

Samkvæmt skráningu þotunnar biður hún þess að verða tekin í þjónustu flugfélagsins Thomas Cook sem tekið hefur hana á leigu frá bandaríska fyrirtækinu ALC. Hún bar áður einkennisstafina TF-GPA en hefur nú verið skráð sem T-GCDS. Óljóst er hvenær losnar um þotuna hér á landi vegna ágreinings á milli Isavia og ALC. Eins og kunnugt er dæmdu Landsréttur í síðustu viku að Isavia væri í rétti að halda vélinni þar til allar skuldir WOW air vegna þjónustugjalda á Keflavíkurflugvelli eru greiddar. Thomas Cook flýgur til um 60 áfangastada í Evrópu og Vesturheimi. – gar

# Álftagerðisbræður kveðja stóra sviðið

Álftagerðisbræður hafa sungið sig inn í hug og hjörtu þjóðarinnar í gegnum tíðina. Nú eru kaflaskil hjá þeim og segja þeir skilið við stórtónleikahald. Kveðja með stórtónleikum í Hörpu í haust og ætla svo að taka því rólega.

**SAMFÉLAG** „Þetta er alltaf jafn gaman. Við værum ekki í þessu ef okkur þætti þetta ekki svona gaman, það er alveg á hreinu,“ segir Pétur Pétursson Álftagerðisbróðir en hann mun ásamt bræðrum sínum syngja á tónleikum í Hörpu í haust. Tónleikarnir bera heitið Álftagerðisbræður kveðja stóra sviðið og marka ákveðin tímamót í lífi bræðranna.

„Það má segja að þetta séu ákveðin kaflaskil hjá okkur,“ segir Pétur. „Við vorum ákveðnir í því að við ætludum ekki að syngja svona stóra tónleika í Hörpu aftur og við ætludum bara að kveðja þegjandi og hljóðalaust. En svo kom upp hugmynd um að halda eina lokatónleika, syngja einu sinni enn á stóra sviðinu.“

Bræðurnir slógu til og taka því fagnandi hversu vel hefur selst á tónleikana. „Það er farinn slasti af miðum og við erum mjög ánægðir með það,“ segir Pétur og bætir því við að Álftagerðisbræður hafi verið heppnir með það hversu vel þeim hefur verið tekið í gegnum tíðina. „Við höfum bara alltaf fengið fullt hús, það er bara þannig. Við getum ekki kvartað yfir því.“

Bræðurnir Pétur, Sigfús, Gísli og Óskar hafa sungið saman frá því að þeir muna eftir sér en komu fyrst saman sem Álftagerðisbræður fyrir 32 árum. Þá sungu þeir við jarðarför föður síns. Þeir óðluðust fljótt hylli sveitunga sinna og urðu skömmu síðar þekktir um allt land. Þeir búa allir á Norðurlandi og segir Pétur að þrátt fyrir að þeir séu að kveðja stóra sviðið séu þeir hvergi nærri hættir.

„Við erum alls ekki að hætta, bara að yfirgefa stóra sviðið. Þetta lítur nú út eins og hálfgerðir minningartónleikar, eins og við séum



Sigfús, Óskar, Pétur og Gísli Pétursson kveðja stóra sviðið með stórtónleikum í Hörpu í haust. Eru þó ekki hættir og munu halda áfram að syngja.

**Við erum alls ekki að hætta, bara að yfirgefa stóra sviðið.**

Pétur Pétursson  
Álftagerðisbróðir



dauðir, en svo er nú alls ekki. Við ætlum okkur að taka því rólega núna,“ segir Pétur glettinn. „Við munum halda áfram að syngja. Óskar syngur mikið á Akureyri og við hinir höldum áfram hér í Skagafirðinum.“ Bræðurnir koma fram við ýmis tækifæri á Norðurlandi, svo sem brúðkaup og jarðarfari. Einnig eru þeir meðlimir í Karlaórnum Heimi.

Tónleikarnir fara fram í Hörpu laugardaginn 26. október kl. 20. Miða má nálgast á tix.is og harpa.is. Tónlistarstjóri og stjórnandi er Stefán Reynir Gíslason og verða ýmsar perlu Álftagerðisbræðra á dagskránni. birmadrofn@frettabladid.is

**Holta**  
KJÚKLINGUR

**NÝTT OG SPENNANDI**  
FRÁ HOLTA

**Hefur þú prósað Holta drumsticks?**



Way of Life!

# IGNIS 4X4 MILD HYBRID

## FYRIR UMHVERFIÐ OG ÞIG



**HYBRID**

Suzuki Ignis er fánlegur með 1.2l Dualjet Mild Hybrid tvinnafliásarvél.  
Suzuki Swift og Suzuki Baleno eru einnig fánlegir með Mild Hybrid búnaði.

Komdu í heimsókn og kynntu þér Suzuki Mild Hybrid.

\*Suzuki Mild Hybrid eru eingöngu fánlegir beinskiptir.

VERÐ KR.

**3.050.000**



**SUZUKI**

FLUTT MEÐ  
**EIMSKIP**

● Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](http://suzuki.is)

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

# Engin viðhorfsbreyting orðið til Mannréttindadómstóls Evrópu

**STJÓRN MÁL** Engin viðhorfsbreyting hefur orðið í ráðuneytinu gagnvart Mannréttindadómstól Evrópu að sögn Þórdísar Kolbrúnar R. Gylfadóttur dómismálaráðherra. Í grein í Morgunblaðinu á laugardaginn vísaði Sigríður Á. Andersen, fyrrverandi dómismálaráðherra, til dómstólsins sem erlendrar nefndar sem hefði ekkert umboð frá sjálfstæðum Íslendingum. Vísaði Sigríður til

dómsins í Landsréttarmálinu sem atlögu pólitískt kjörinna dómara í Strassborg að íslensku dómkerfi.

„Það er ekki um neina viðhorfsbreytingu að ræða,“ segir Þórdís í svari við fyrirspurn blaðsins um hvort viðhorf ráðuneytisins til dómstólsins hafi breyst eftir dóminn og hvort fyrirgreind viðhorf Sigríðar endurspeglir viðhorf ráðuneytisins. Þórdís segir málið flókið og með



Lyklaskipti voru höfð í ráðuneytinu 14. mars sl. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

marga vinkla og því skiljanlega mismunandi skoðanir á því. Hún segist hlusta á öll sjónarmið enda felist oft mesta ábyrgðin í að gera stöðuna ekki verri með illfærum inngrípum.

„Ég er sem fyrr ekki þeirrar skoðunar að Ísland eigi að fella niður aðild sína að Mannréttindasáttmálanum og við höfum skuldbundið okkur að þjóðarétti til að fullnusta þá dóma sem upp eru kveðnir um

Ísland,“ bætir Þórdís við og segir fullnustu þeirra falla ýmist í skaut dómstóla eða stjórnvalda.

„Það er þó alveg skýrt að við höfum ekki framselt dómvald til Evrópu,“ segir Þórdís og telur eðlilegt að stjórnvöld hafi óskað endurskoðunar á fordæmalausri niðurstöðu sem stangist á við dóm Hæstaréttar og fari inn á svið íslenskra dómstóla við tulkun á landslögum. – aa



Undirritunin fór fram í Ráðherra-bústaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Samstarf um loftslagsmál

**UMHVERFIS MÁL** Samkomulag um samstarfsveitvang stjórnvalda og atvinnulífs um loftslagsmál og grænar lausnir var undirritað í gær. Er markmiðið að bæta árangur Íslands í loftslagsmálum en aðilar ætla að vinna í sameiningu að aðgerðum í samræmi við markmið stjórnvalda.

„Ríkisstjórnin leggur mikla áherslu á aðgerðir til að stemma stigi við loftslagsvánni en ljóst er að samfélagið allt þarf að taka þátt í þeirri baráttu,“ sagði Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra við undirritunina.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, tók undir mikilvægi samstarfs atvinnulífs og stjórnvalda. „Það er þörf á nýrri hugsun og nýrri tækni til að ná þeim metnaðarfullu markmiðum sem hafa verið sett í málaflokknum.“ – sar

# Uppbygging í Bláfjöllum geti hæglega endað í katastrofu

Forstöðumaður hjá Veitum varar við fyrirhugaðri uppbyggingu á skíðasvæðinu í Bláfjöllum. Brýnar úrbætur þurfi á Bláfjallavegi og frekari rannsókna sé þörf á þeim áhrifum sem hugsanleg mengunarslys geti haft á vatnsból höfuðborgarsvæðisins. Áætlað að umferð stóruaúkst yfir grunnvatnsstrauma.

**UMHVERFIS MÁL** Forstöðumaður Vatnsveitu hjá Veitum ohf. óttast að verið sé að bjóða hættunni heim með framkvæmdum á Bláfjallasvæðinu. Slys af völdum aukinnar umferðar geti endað í katastrofu fyrir vatnsból höfuðborgarsvæðisins. Margir umsagnaraðilar lýstu áhyggjum af þessum uppbyggingaráformum með tilliti til vatnsverndarsjónarmiða. Skipulagsstofnun komst að þeirri niðurstöðu í síðasta mánuði að framkvæmdirnar hefðu ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og þyrfti því ekki að fara í umhverfismat.

Til hefur staðið lengi að ráðast í uppbyggingu á skíðasvæðinu sem felur í sér skíðabrekkur, skíðalyftur, skíðagöngusvæði og snjóframleiðslu sem áætlað er að muni auka heildaraðsókn um 50 prósent og gestafjöldi verði um 60 þúsund að meðaltali á ári. Það er þessi aukning, með tilheyrandi umferð um lélega vegi yfir grunnvatnsstrauma höfuðborgarsvæðisins sem Arndís Ósk Ólafsdóttir Arnalds, forstöðumaður Vatnsveitu hjá Veitum ohf. hefur alvarlegar áhyggjur af.

„Við höfum fyrst og fremst áhyggjur af þessari umferð sem mun fylgja uppbyggingunni og hvernig skýrslan sem ákvörðunin er byggð á er unnin. Grunnvatnsstraumar eru ekki algjörlega þekktir þarna og því ákveðin hættu að byggja upp áður en það liggur til grundvallar,“ segir Arndís og bætir við að Veitur hafi skilað umsögn en þótt skýrtið að vera ekki umsagnaraðili í málinu miðað við hlutverk sitt í vatnsveitu til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Brýnar úrbætur þurfi á Bláfjallavegi og bilastæði svæðisins. „Báðir grunnvatnsstraumar sem



Snjóframleiðsla í Bláfjöllum mun fjölga opnunardögum og áætlað er að heildaraðsókn aukist um 50 prósent. Aukin bílaumferð eykur líkur á slysum og skapar þar með ógn við vatnsvernd. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

**Við verðum að passa upp á þetta mikla fjöregg sem við eigum. Það er ekki hlaupið að því að finna ný vatnsból.**

Arndís Ósk Ólafsdóttir Arnalds, forstöðumaður Vatnsveitu hjá Veitum ohf.



veita vatni til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar og Kópavogs liggja í gegnum þennan veg og uppbyggingarsvæðið sjálf. Ég hef ekki miklar áhyggjur af snjóframleiðslu og mannvirkjagerð. Það er þessi umferð. Vegaáætlun þarf að vera komin og í mínum huga þarf fyrst að vera búið að tryggja að vegurinn verði bættur og horft til vatnsverndarsjónarmiða áður en farið er í uppbyggingu.“

Sú staðreynd að verkið þurfi ekki í umhverfismat segir Arndís að þýði að hægt sé að hefja uppbygginguna í Bláfjöllum. „En engu að síður er ekki búið að negla niður í vegaáætlun

uppbyggingu á vegum sem þýði að þeir fara bara af stað með lélegan veg og það gæti bara endað mjög katastrofískt.“

Hún varar við að enn þurfi miklar rannsóknir á svæðinu til, meðal annars á grunnvatnsstraumunum og hvar vatnaskil liggja.

„Við verðum að horfa margar kynslóðir fram í tímann og ef við lendum í olíumengun þá getum við eyðilagt vatnsból. Við verðum að passa upp á þetta mikla fjöregg sem við eigum. Það er ekki hlaupið að því að finna ný vatnsból.“

mikael@frettabladid.is

## Vegagerðin tekur við Speli í dag

**SAMGÖNGUR** Stjórn Spalar ehf. hefur komist að samkomulagi við Vegagerðina um að hún taki við félaginu á aðalfundi Spalar sem boðað er til á Akranesi í dag. Gangi þetta eftir tilnefni Vegagerðin fulltrúa sína í öll stjórnarsæti Spalar á aðalfundinum. Í framhaldinu undirrita hluthafar yfirlýsingu um að þeir framselji Vegagerðinni eignarhluta sína án sérstakrar greiðslu eða krafna af neinu tagi á hendur henni. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Speli.

„Þegar samningur um afhendingu Hvalfjarðarganga var undirritaður lá fyrir að greiða viðskiptavinum Spalar inneignir sínar. Það gekk vel en ennþá er samt allnokkuð útstandandi. Allir starfsmenn nema framkvæmdastjóri félagsins eru hættir störfum,“ segir Gísli Gíslason, stjórnarformaður Spalar ehf., en Gísli hefur setið í stjórninni



Spölur afhenti ríkinu Hvalfjarðargöng síðastliðið haust. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

óslitið síðan í 25. janúar árið 1991. Útlit er fyrir að með Speli fylgi að minnsta kosti 120 milljónir króna í handbæru fé til Vegagerðarinnar eftir yfirtöku. Þar af telst hátt í helmingur upphæðarinnar ógreiddar kröfur viðskiptavina á félagið vegna inneigna á reikningum og veglykla og afsláttarmiða sem ekki hefur verið skilað. Hinn

hlutinn, 60-70 milljónir króna, eru fjármunir sem eftir verða hjá Speli þegar allur kostnaður félagsins hefur verið greiddur og hlutafé til eigenda sömuleiðis.

„Að því söguð er ekki annað eftir en að þakka viðskiptavinum Spalar og landsmönnum öllum fyrir viðskipti og samskipti í liðlega tvo áratugi,“ bætir Gísli við. – pk

FRÉTTABLAÐIÐ  
Vertu fyrst/ur  
að lesa blaðið

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á [www.frettabladid.is/nyskraning](http://www.frettabladid.is/nyskraning). Það kostar ekkert.

## BANNER-UP STANDAR



**Ódýr og einföld leið til að kynna þína vöru.**

**XPRENT**  
HÖNNUN OG MERKINGAR

Sundaborg 3  
104 Reykjavík  
777 2700  
[xprent@xprent.is](mailto:xprent@xprent.is)

# SUPER 1

MJÖG GOTT - MJÖG GOTT - MJÖG GOTT VERÐ - OPIÐ TIL 22:00 ALLA DAGA

499kr.

JARÐARBER  
HOLLAND  
250g



259kr.

BLÁBER  
SPÁNN  
125g



176kr.

REMA 1000 ÍSTE  
5 X 250ml

251kr.

REMA 1000 ÍSTE  
1.5L

427kr.

ÞYKKNI BLANDAÐ Í VATN  
500ML. LÍFRÆNT  
RABARBARA, SÓLBERJA, YLLIBLÓMA



SUPER 1

HALLVEIGARSTÍG 1



SUPER 1

FAXAFENI 14



SUPER 1

SMIÐJUVEGI 2

OPIÐ 10:00 TIL 22:00 ALLA DAGA

## Netanjahú á síðasta séns með stjórnarmyndun

**ISRAEL** Fresturinn sem Benjamín Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels og leiðtogi Líkúd-flokksins, hefur til þess að mynda ríkisstjórn rennur út í dag. Ef það gengur ekki upp er búist við að boðað verði til kosninga á ný og greindi Reuters frá því að ísraelska þingið sé nú þegar farið að undirbúa nýjar kosningar.

Líkúd fékk flest atkvæði í þingkosningum aprilmánaðar og uppskar 35 þingsæti. Það dugur hins vegar ekki til þess að mynda meirihluta heldur þarf Netanjahú að leita til hefðbundinna samstarfsflokka. Avigdor Lieberman, leiðtogi Yisrael Beiteinu, hefur hins vegar ekki viljað samþykka boð Netanjahús hingað til þar sem forsætisráðherrann er ekki tilbúinn að samþykka



Benjamín Netanjahú.

undanþágur á herskyldu fyrir gyðinga í rabbínaskólum.

Netanjahú hefur þó ekki áhyggjur af því að boðað verði til kosninga á ný. „Þeim mun meira sem það lítur út fyrir að kosningar séu óumflýjanlegar, því líklegra verður að það verði engar kosningar,“ sagði hann á fundi með flokksmönnum í gær og vildi þannig meina að umræðan um nýjar kosningar væru brella. – þea



Halla Signý hefur áhyggjur af sýklalyfjaónæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Kjötfrumvarp úr nefnd

**LANDBÚNAÐUR** Frumvarp landbúnaðarráðherra um innflutning á fersku kjöti var afgreitt út úr atvinnuveganefnd í gærkvöldi. Nefndarálit og hugsanlegar breytingartillögur lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Halla Signý Kristjánsdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins og annar varaformaður nefndarinnar, sagði fyrir nefndafundinn að verið væri að leita leiða til að mæta þeim áskorunum sem málinu fylgdu.

„Sýklalyfjaónæmar bakteríur eru ein mesta ógn samtímans. Í dag liggja þrjár inni á Landspítalanum

með þannig bakteríur. Við verðum að bregðast við og þora því.“

Leita þurfi leiða til að banna dreifingu á matvælum sem innihalda ákveðnar tegundir sýklalyfjaónæmra baktería, alveg eins og gert sé innanlands þegar salmonella greinist.

„Vísindaheimurinn er að þróa aðferðir til að taka og greina svona sýni á ódýrari og skilvirkari hátt. Þetta snýst ekki bara um að vernda innlenda framleiðslu, þetta snýst líka um heilsu þjóðarinnar og að íslenskur landbúnaður keppi á jafnvægisgrundvelli.“ – ab



Junqueras sést hér sverja spænsku stjórnarskránni hollustueið er hann tók sæti á spænska þinginu. NORDICPHOTOS/AFP

## Segir aðgerðir Spánar skandal fyrir lýðræðið

**Oriol Junqueras, nýkjörinn spænskur og Evrópuþingmaður og fyrrverandi varaforseti Katalóníu, segir í samtali við Fréttablaðið að það sé andlýðræðislegt að hann hafi verið sendur í leyfi frá þingstörfum gegn vilja sínum.**

**SPÁNN** „Það er nokkuð undarlegt að ég megi bjóða mig fram, ná kjöri, taka opinberlega sæti á þingi en fái síðan ekki að nýta pólitískan rétt minn til þess að vera málsvari þeirra þúsunda sem greiddu mér atkvæði sín. Með þessu er verið að virða réttindi mín og kjósenda minna að vettugi.“

Þetta segir Oriol Junqueras, fyrrverandi varaforseti Katalóníu, í samtali við Fréttablaðið. Junqueras er nýkjörinn þingmaður, bæði á spænska þingið og Evrópuþingið. Það flækir hins vegar stöðu varaforsetans að hann hefur verið í gæsluvarðhaldi frá því í nóvember 2017.

Mál hans, og ellefu annarra leiðtoga katalónsku sjálfstæðishreyfingarinnar, er nú fyrir hæstarétti í Madrid þar sem áratugalangs fangelsis er krafist vegna uppreisnar, uppreisnaráróðurs og annarra meintra glæpa sem leiðtogarnir eiga að hafa framið haustið 2017 í kringum sjálfstæðisatkvæðagreiðslu og -yfirlýsingu héraðsins.

Junqueras náði kjöri á spænska þingið í lok apríl auk fjögurra annarra ákærðra sjálfstæðissinna. Junqueras og félagar fengu leyfi úr fangelsinu til að sækja innsetningarathöfn og taka formlega sæti á þingi. Í kjölfarið var hann ferjaður aftur í fangelsi og sendur í leyfi frá þingstörfum. Óljóst er hvornig Evrópuþingmennsku hans verður háttáð en hann náði, auk tveggja annarra leiðtoga sem eru í sjálfskipaðri útleðu í Belgíu, kjöri þar sömuleiðis.

Fyrir liggur að útlagarinn tveir, sem kveðast nú njóta þinghelgi, ætla að láta á það reyna fyrir dómstólum hvort þeir þurfi að mæta til Spánar, þar sem handtaka biður þeirra, til að sverja stjórnarskránni hollustueið áður en þeir taka sæti. Samkvæmt katalónska héraðsmiðlinum ACN er búist við því að Junqueras fái leyfi úr fangelsi til þess að sverja hollustueið en þyrfti þá að segja af sér frá spænska þinginu þar sem ekki má sitja á báðum þingum.

Sjálfur segir Junqueras það skandal fyrir lýðræðið að hann hafi verið sendur í leyfi frá þingstörfum. „Það

**Katalónska þjóðin hefur valið mannréttindi og lýðræði fram yfir kúgun. Hún hefur nú sýnt það endurtekið við kjörkassann.**

Oriol Junqueras, katalónskur sjálfstæðissinni og þingmaður

að neita kjörnum fulltrúum um pólitísk réttindi sín er andlýðræðislegt. Okkur var leyft að bjóða okkur fram en við fáum ekki að tala máli þeirrar rúmu milljónar sem greiddi Katalónska lýðveldisflokknum (ERC) atkvæði sitt í spænsku þingkosningunum þann 28. apríl,“ segir Junqueras og bætir við:

„Spænska rikid verður að skilja að við munum aldrei gefast upp. Stjórnvöld þurfa að útskýra ástæður sínar fyrir því að mér sé neitað um réttindi mín á spænska þinginu og á Evrópuþinginu ef til þess kemur.“

Katalóninn segist þó bjartsýnn með Evrópuþingsætið þar sem hann telur pólitískan rétt sinn í málinu ósnortinn. „Ég hef ekki verið fordæmdur fyrir neitt og ætti því að geta tekið sæti mitt á Evrópuþinginu, rétt eins og ég gat tekið sæti mitt á spænska þinginu í síðustu viku. Ég sé enga ástæðu fyrir því að það ætti ekki að mega.“

Þá segir Junqueras þátttöku sína og kollega sinna á þinginu til þess fallna að „afhjúpa kúgun spænska ríkisins“ fyrir alþjóðasamfélaginu. „Jafnframt til þess að fá Evrópuþingmenn og evrópskar stofnanir til að átta sig á því hvað er í gangi,“ bætir hann við.

Hart hefur verið tekist á í réttarhöldunum í Madrid og standa þau enn yfir. Katalónarnir hafa ítrekað sagst pólitískir fangar og sagt að brotið sé á réttindum þeirra. Enginn

glæpur hafi verið framinn heldur hafi spænskum stjórnvöldum einfaldlega mislikað sjálfstæðisbaráttan. Sækjendur í málinu sem og stjórnvöld á Spáni hafa hins vegar haldið því fram að málið sé ekki pólitískt. Hafa þeir reynt að sýna fram á að Katalónarnir hafi kynt undir ofbeldi í sjálfstæðisbaráttunni.

Junqueras segist ekki viss um hvort „vaxandi stuðningur katalónskra kjósenda“ hafi haft nokkur áhrif á réttarhöldin. Hann segir þó að hæstiréttur átti sig nú á því að ljúka þurfi réttarhöldunum sem allra fyrst.

„Réttarhöldin sjálf eru hvorki sanngjörn né hefur ferlið verið sanngjarn. Við erum að horfa upp á brot á réttindum okkar með þessu langa gæsluvarðhaldi. Og við höfum séð að þessi réttarhöld eru annmörkum háð. Til að mynda með því að verjendum hefur verið meinað að sýna myndbönd sem afsanna vitnisburð. Þá höfum við einnig fengið ónógan tíma og aðbúnað til að undirbúa málsvörn okkar,“ segir Junqueras.

Katalóninn segist hins vegar viss um að réttarhöldin og fangelsisvistin færi Katalóna „einu skrefi nær frelsinu“. Fangelsunin sé pólitískt verkfæri sem yfirvöld noti til að slá vopnin úr höndum sjálfstæðissinna. Að mati Junqueras hefur sjálfstæðishreyfingin aldrei verið öflugri. „Nú í þing-, sveitarstjórnar- og Evrópuþingskosningum höfum við unnið í Katalóníu enn á ný,“ segir Junqueras.

Hann heldur áfram og segir að sigrarnir sýni fram á styrk hreyfingarinnar. „Katalónska þjóðin hefur valið mannréttindi og lýðræði fram yfir kúgun. Hún hefur nú sýnt það endurtekið við kjörkassann.“

Um næstu skref í deilunni segir Junqueras að lokum: „Eins og ég sagði við leiðtoga sósíalista, Pedro Sánchez, á spænska þinginu í síðustu viku þá er þörf á viðræðum. Það er nauðsynlegt að opna viðræður af því að það er örökrétt að halda að hægt sé að leysa pólitískt deilumál fyrir dómstólum eða með fangelsun.“

thorgnyr@frettabladid.is



## StofnFiskur

### Umhverfismat fyrir eldisstöð Stofnfisks

Stofnfiskur hefur undanfarið unnið að undirbúningi vegna stækkunar á starfs- og rekstrarleyfi fyrir eldisstöð fyrir-tækisins í Vogavík. Framkvæmdin er matsskyld samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Drög að tillögu að matsáætlun hafa nú verið lögð fram til kynningar á heimsíðu Stofnfisks; Stofnfiskur.is undir media.

Allir geta kynnst sér drögin og lagt fram athugasemdir.

Athugasemdafrestur er frá 28.maí til 11.júní 2019.

Athugasemdir skal merkja „Eldisstöð Stofnfisk Vogavík“ og senda með tölvupósti á netfangið audur@stofnfiskur.is eða með bréfpósti á:

#### Stofnfiskur

Auður Eyberg Helgadóttir  
Staðarbergi 2-4  
221-Hafnarfjörður

The logo for 'Snarlið' is written in a stylized, cursive font with a white outline and a dark blue fill. It is set against a teal circular background. The background of the top section of the poster features a collage of food images: a burrito on a wooden board, a bowl of chicken, and a close-up of a bruschetta with tomatoes and basil.

# Snarlið

# Grillnámskeið

Grillnámskeið Snarlsins fyrir börn  
á aldrinum 10-14 ára verða haldin dagana  
12.-14. júní í boði Krónunnar

Á námskeiðinu hjálpa matreiðslumeistararnir  
Hinrik Carl Ellertsson og Fanney Dóra Sigurjónsdóttir  
krökkunum að taka sín fyrstu skref við grillið.

Opnað verður fyrir skráningar á 6 grillnámskeið  
í dag kl. 12 á [www.kronan.is/snarlid](http://www.kronan.is/snarlid)



Snarlið er eitt af samfélags-  
verkefnum Krónunnar sem hefur  
það að markmiði að vekja áhuga  
barna á hollri fæðu og matargerð.



Hægt er að nálgast fjöldann allan  
af matreiðslumyndböndum fyrir  
börn á [www.snarlid.is](http://www.snarlid.is) og á  
Youtube síðu Snarlsins.



KRÓNAN

+PLÚS



# Tákn sett upp á þaki fjármálaráðuneytisins

Verkið Tákn eftir listakonuna Steinunni Þórarinsdóttur var í gær sett upp á þaki Arnarhvals sem hýsir fjármála- og efnahagsráðuneytið. Verkið var fyrst sett upp í Dresden í Þýskalandi 2017. Ernir Eyjólfsson, ljósmyndari Fréttablaðsins, fylgdist með. Listasafn Reykjavíkur stendur fyrir uppsetningunni.





# Gífurleg áhætta?



Ólöf Skaftadóttir  
olo@frettabladid.is

Fyrirsjáanleg þróun, að óbreyttu, er á þann veg að umfang skipulagðrar glæpastarfsemi aukist á Íslandi. Aukin samkeppni á milli skipulagðra brotahópa kann að leiða til gengjamyndunar og grófra ofbeldisverka gagnvart einstaklingum sem þeim tengjast. Ástæða er til að óttast aukid og fjölbreyttara framboð fikniefna. Hið sama á við um tilfelli mansals og misneytingar gagnvart innflytjendum og erlendu vinnuafli.

Þetta og meira til kemur fram í kolsvartri skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra sem hefur nú komist að þeirri niðurstöðu að áhætta vegna skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi sé „gífurleg“. Að mati ríkislögreglustjóra er skipulögð glæpastarfsemi að náttúruhamförum undanskildum alvarlegasta ögn við samfélag og einstaklinga hér á landi. Lögreglan sé of veikburða til að taka á þessum málum sem svo hafi þær afleiðingar að auka líkur á brotastarfsemi af þessu tagi. Hættan sem greiningardeildin sér í hverju horni kemur að mestu frá útlöndum.

Gjarnan er því haldið fram í umræðunni að heimurinn fari versnandi. Alið er á tortryggni, yfirleitt út frá einangruðum tilvikum sem látið er í skína að sýni þróun í átt til hins verra. Staðreyndin er hins vegar sú að hryðjuverkaögn í heiminum fer almennt minnkandi, ofbeldi líka og styrjöldum fækkar. Heimurinn er almennt friðsælli en á nokkru öðru skeiði í mannkynssögunni.

Sennilega er það rétt sem kemur fram í skýrslunni svörtu að lögreglumenn eru of fáir og sum embættin of veikburða. Það er engin nýlunda að ríkisstofnanir kvarti undan fjárþurrð og í sumum tilvikum eru kvartanirnar réttmætar. Ljóst er að löggæslan er grunnstöð okkar samfélags og mikilvægt að vel sé haldið á spöðunum. Áherslur í löggæslumálum undanfarin ár hafa þróast í takt við tímann; mál sem áður þóttu einkamál fólks eru tekin föstum tókum, mál á borð við heimilisofbeldi og kynferðisbrot – með stöku undantekningum. Þar má helst nefna skýrslur greiningardeildarinnar sem verða æ svartari með hverju árinu og græjudellu sumra embættismanna sem vilja vopnavæða íslensku lögregluna frekar en nú er.

Ísland er ekki hættulaust land, en það er ábyrgðarlaus að hræða fólk með orðræðu líkt og greiningardeildin hefur uppi. Mikilvægt er að skilja á milli ótta og raunverulegrar hættu. Ísland hefur trónað á toppi lista World Economic Forum um friðsælustu lönd í heimi samfleytt í mörg ár og hefur frekar aukid á forskot sitt á listanum en hitt. Upplifun fólks sem landið sækir er almennt sú að það sé öruggt og því líði vel.

Í flestum málum er betra að fá óháð álit til að draga upp raunsanna mynd af stöðunni. Enginn er dómari í eigin sök.

Sennilega er óheppilegt fyrirkomulag að ríkislögreglustjóri meti fyrst áhættuna og svo fjárþörfina til eigin rekstrar.



Staðreyndin er hins vegar sú að hryðjuverkaögn í heiminum fer almennt minnkandi, ofbeldi líka og styrjöldum fækkar.

Halldór



## Frá degi til dags

**Íslenska leyniþjónustan**  
Þátttaka Björgólfs Thors Björgólfsfsonar í skuldabréfaútböð WOW air sýnir hversu nauðsynlegt það er að setja á laggirnar íslenska leyniþjónustu að mati útvarpsstjóra Útvarps Sögu. Röksemdafærslan er nokkuð þökkennd en virðist ganga út á að hið opinbera eigi að vita hvort fyrrverandi bankamenn láti aðila leppa kaup á íslenskum fyrirtækjum. Hvað hið opinbera á að gera við þær upplýsingar er önnur saga. Ef það skiptir almenning lítlu máli hver á fyrirtækin í landinu þá getur það varla verið stjórnvalda að breyta því gildismati.

**Annir**  
Skýrsla Seðlabankans um neyðarlánið til Kaupþings var afhjúpuð í gær. Skýrslan hefur verið í vinnslu í fjögur ár, eða allt frá árinu 2015. Skýrslan er rúmar 50 blaðsíður. Bankinn opinberaði gerð skýrslunnar árið 2016 og sagði þá að gerð hennar hefði dregist vegna mikilla anna þeirra sem til málsins þekkjá. Í formála seðlabankastjóra í skýrslunni er að finna nákvæmlega sömu skýringu. Kemur þar einnig fram að án utanaðkomandi aðstoðar hefði verið mjög erfitt að vinna skýrsluna sökum anna í Seðlabankanum. Spurning hvort þetta beri að túlka sem beiðni um að grúska ekki um of í fortíð og starfsemi bankans. arib@frettabladid.is

## Sætir sigrar



Ingimar Einarsson  
félags- og stjórnsmálafræðingur

Um áratugaskeið voru heilbrigðismál nánast utan hinnar stjórnsmálagælu umræðu í þjóðfélaginu. Ráðuneyti heilbrigðismála var ekki stofnað fyrr en árið 1970 og stjórnvölduleg ábyrgð málaflokksins var áður á hendi dómsmála-, félagsmála- og ekki síst fjármálaráðuneytis.

Á 8. og 9. áratugum síðustu aldar beitti Evrópu-deild Alþjóðaheilbrigðismálastofnunar (WHO) sér fyrir stefnumótun og áætlanagerð í heilbrigðismálum meðal aðildarríkja sinna. Flestar þjóðir Evrópu höfðu á þessum tíma sett sér sérstakar landsáætlanir í því skyni að uppfylla þau 38 heilbrigðismarkmið sem sett voru í Evrópu árið 1984 í samræmi við stefnumótunina „Health for All“ til ársins 2000 og Alma Ata yfirlýsinguna frá árinu 1978.

Í upphafi fyrsta áratugar þessarar aldar var samþykkt heilbrigðisáætlun fyrir Ísland til ársins 2010 og fylgdi hún í stórum dráttum Evrópuáætlun WHO (Health21) en jafnframt voru skilgreind séríslensk markmið fyrir Ísland og tölulegir mælikvarðar. Í heilbrigðisáætluninni voru þannig sett fram mælanleg forgangsmarkmið, m.a. á sviði áfengis-, fikniefna- og tobaksvarna, slysavarna, krabbameinsvarna, geðverndar og hjarta- og heilsuverndar. Við lok fyrsta áratugar aldarinnar var ráðist í gerð heilbrigðisáætlunar til ársins 2020 og varðandi Ísland var ætlunin að hún myndi leysa af hólmi fyrrnefnda áætlun til ársins 2010. Við þá áætlanagerð var heilbrigðisáætlun Evrópuskrifstofu WHO einkum höfð til hlíðsjónar. Árið 2012 samþykktu svo aðildarríki WHO í Evrópu evrópska heilbrigðisstefnu til ársins 2020 (Health 2020).

Í upphafi þessa árs lagði heilbrigðisráðherra fram þingsályktunartillögu um heilbrigðisstefnu til ársins 2030. Var þar lögð áhersla á að efla grunnstöðir heilbrigðiskerfisins og þá þjónustu sem veitt er og þörf á að veita. Þessi stefnumótun er í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Þar snýr þriðja markmiðið af 17 að heilsu og velliðan allra aldurshópa, frá vöggu til grafar. Þannig gæti markvissari heilbrigðis- og velferðarstefna orðið lykillinn að bjartari framtíð í heilbrigðismálum.



Þannig gæti markvissari heilbrigðis- og velferðarstefna orðið lykillinn að bjartari framtíð í heilbrigðismálum.

**kaffi Rjómi**  
– Frábær út í kaffið

# Arfavitlausir blómatollar



**Ólafur Stephensen**  
framkvæmda-  
stjóri Félags  
atvinnurekenda


Þetta er nærtækasta skýringin á háu verði á blómum á Íslandi. Afskorin blóm í búntum, þ.e. sem blómaskreytir hefur ekki sett saman í vönd, eru tvö- til þrefalt dýrari en í nágrannalöndum okkar. Þessi vara, sem neytendur í nágrannalöndunum grípa nánast án umhugsunar með sér úr búðinni til að prýða heimili sitt, er lúxusvara á Íslandi.

## Tollkvótarnir duga ekki

Stjórnvöld gefa tvisvar á ári út heimild til að flytja inn takmarkað magn af blómum á lægri tollum. Þá hefur ríkið af örlæti sínu gefið eftir stykkjatollinn og verðtollurinn situr eftir. Hins vegar er vaxandi eftirspurn eftir tollkvótanum – í ár eru umsóknir innflytjenda þrefalt það magn sem er í boði – og það þýðir að útboðsgjaldið, sem innflytjendur greiða fyrir að fá að flytja blómin inn, fer hækkandi. Fyrir síðari helming ársins er það 40-45 krónur á hvert afskorið blóm og 119-126 krónur fyrir hvert pottablóm, samkvæmt niðurstöðum útbóds sem birtar voru í vikunni. Það er farið að slaga vel upp í hina almennu ofurtolla.

Vegna þess að stykkjatollur eða útboðsgjald – sem er igildi tolls – leggst á hvert blóm, borgar sig ekki fyrir innflytjendur að flytja inn ódýrari vöru. Þeir neyðast til að flytja inn lúxusvöru, annars margfaldar stykkjatollurinn innkaupsverðið.

Ein ástæðan fyrir umframeftirspurn eftir tollkvótum er að blóma- markaðurinn hefur farið stækk-



andi. Fólk hefur vaxandi áhuga á að skreyta hífylli sín með blómum. Vöxtur ferðabjónustunnar þýðir margfalda eftirspurn frá hótelum og veitingahúsum á við það sem gerðist fyrir fáeinum árum. Tollkvótarnir hafa hins vegar staðið óbreyttir árum saman og innlend framleiðsla fær þannig hlutfallslega minnkandi samkeppni.

## Innlent annar ekki markaðnum

Axel Sæland, stærsti blómabóndi landsins, hélt því fram í Fréttablaðinu fyrir skömmu að innlend framleiðsla annað eftirspurn eftir afskornum blómum og innflutningur væri óþarfur. Þetta eru hrein ósannindi. Fáar tegundir eru ræktaðar á Íslandi í samanburði við nágrannalönd og reglulega vantar blóm af þeim tegundum, þannig að blómaverslanir fá lítið eða jafnvel ekkert af því sem þær panta frá framleiðendum. Fyrir flesta stóra „blómadaða“, til dæmis mæðradag, konudag og Valentínusardag, fá

blómabúðir minna af blómum en þær vilja.

Við slíkar kringumstæður hefur landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra heimild til að gefa út tímabundinn tollkvóta á lægri tollum. Beiðnum innflytjenda um skortkvóta er hins vegar ídulega hafnað með þeim röksemdum að innlendir framleiðendur segist eiga til nóg af blómum. Þetta er augljóslega meingallað kerfi.

Hvað pottaplöntur til innanhússnota varðar, er sáralítill innlend framleiðsla á þeim; líklega helzt á jólastjörnum í lok árs.

## Í hvers þágu eru ofurtollarnir?

Þetta er fráleit staða, hvort sem horft er til hagsmuna neytenda eða innflytjenda og seljenda blóma. Eins og kom fram í greinargerð nefndarinnar sem lagði til að tollar yrðu felldir niður (á öllu nema mat) geta innlendir framleiðendur haldið uppi verðinu á sinni vöru í skjóli tolla. Það gera blómaframleiðendur svikalaust.



**Spyrja má í hvers þágu það sé að viðhalda ofurtollum á blóm. Röksemdir, sem hafa verið notaðar fyrir háum matartollum, eins og þeir eigi að tryggja fæðuöryggi, eiga augljóslega ekki við.**

Spyrja má í hvers þágu það sé að viðhalda ofurtollum á blóm. Röksemdir, sem hafa verið notaðar fyrir háum matartollum, eins og þeir eigi að tryggja fæðuöryggi, eiga augljóslega ekki við. Það er heldur ekki verið að vernda hefðbundinn íslenskan landbúnað sem stendur á aldagömlum merg-blómarræktun er tiltölulega nýleg atvinnugrein.

Axel Sæland greip til loftslagsröksemdarinnar hér í blaðinu og benti á að kolefnisspor innfluttra blóma væri stærra en innlendra. Þessa röksemd er hægt að nota til að leggja ofurtolla á ótalmargar vörur, til dæmis innfluttan stein af ýmsu tagi, sem er mun þyngri í flutningi en blóm. Erum við ekki sjálfbær með grjót á Íslandi? Auðvitað er þetta gerviröksemd; það getur ekki verið að vara megi kosta hvað sem er af því að það sé svo loftslagsvænt að framleiða hana á Íslandi.

Það er jafnt í þágu neytenda og verzlunarinnar í landinu að breyta þessu arfavitlausu kerfi.

**OUTLET DAGAR - ALLT AÐ**

**80%  
AFSLÁTTUR**

**ALLT FYRIR ÚTIVISTINA**

Flíspeysur frá kr. 4.990.-

Léttir dúnjakkar frá kr. 8.495.-

Hybrid jakkar frá kr. 7.450.-

„Þykka“ Parka úlpur frá kr. 15.990.-

Langerma undirlag/miðlag frá kr. 4.000.-

Göngubuxur frá kr. 4.995.-

Göngusokkar frá kr. 745.-

Gönguskór frá kr. 9.995.-

Barnaskór 50% afsláttur



**ICEWEAR OUTLET | REYKJAVÍK LAUGAVEGUR 91 · FÁKAFEN 9**


# Frumskýndur í næstu viku




## Audi e-tron 55



### Volkswagen Golf GTE



### Volkswagen Golf TGI



### Volkswagen Eco-Up!



### Mitsubishi Outlander PHEV



### Audi A3 e-tron



### Volkswagen Passat GTE



### Volkswagen ABT e-Transporter



### Volkswagen ABT e-Caddy

VÆNTANLEGUR



VÆNTANLEGUR



VÆNTANLEGUR





Volkswagen ID. 3



Audi A3 g-tron



Audi Q7 e-tron

Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!

[www.hekla.is/vefverslun](http://www.hekla.is/vefverslun)



SKODA Octavia G-Tec



Volkswagen e-Golf



Volkswagen e-Crafter



Volkswagen Caddy TGI



Volkswagen e-up!

## Stígðu skrefið inn í framtíðina á vistvænum bíl frá HEKLU

Hjá HEKLU finnur þú afar fjölbreytt úrval vistvænna bíla í öllum stærðum og gerðum. Þeir eiga það allir sameiginlegt að ganga fyrir íslenskri orku en vörumerki HEKLU eru leiðandi í tækniframförum, hönnun og þróun fjölbreyttra aflgjafa, hvort sem um ræðir rafmagn, metan eða blöndu tveggja aflgjafa. Velkomin í HEKLU-hópinn!



Metan



Rafmagn



Tengiltvinn



# Álagið of sveiflukennt yfir sumarið

Þjálfarar í Pepsi Max-deild karla í knattspyrnu ræddu það flestir í viðtölum eftir leiki liða sinna í síðustu umferð að álagið á leikmönnum hefði verið of mikið síðasta mánuðinn. Þá sé álagið of sveiflukennt yfir sumarið.

**FÓTBOLTI** Nú í vikunni fara fram leikirnir í 16 liða úrslitum Mjólkurbikarsins og um næstu helgi fer svo sjöunda umferð Pepsi Max-deildarinnar fram. Eftir það verður gert hlé vegna landsliðsverkefna. Þar á eftir munu liðin leika tvo leiki í deildinni í júní og þrjá leiki í heildina séu þau enn í leik í bikarnum. Það þýðir að farið er úr því að leika níu leiki á rúmlega 30 dögum í þrjá leiki á svipuðum dagafjölda. Í kjölfar þess munu þau lið sem taka ekki þátt í Evrópukeppni leika með um það bili viku millibili. Þegar fyrsta umferð deildarinnar var leikin var



Þjálfarar liðanna í Pepsi Max-deild karla í knattspyrnu hafa flestir tjáð sig um það að breyta þurfi leikjafyrirkomulagi deildarinnar. FRÉTTABLAÐID/VALGARÐUR

## TILKYNNING UM BIRTINGU LÝSINGAR

Marel hf. birti lýsingu þann 28. maí 2019 í tengslum við almennt hlutafjárútboð, umsókn um töku allra hluta í félaginu til viðskipta í Euronext kauphöllinni í Amsterdam og töku hlutafjárukningar í félaginu til viðskipta á Aðalmarkaði Nasdaq Iceland.

Lýsingin er eingöngu birt á ensku en samantekt lýsingarinnar hefur verið þýdd á íslensku og hollensku. Í 12 mánuði frá birtingu lýsingarinnar má nálgast hana á vef Marel, [www.marel.com/listing/prospectus](http://www.marel.com/listing/prospectus), auk þess sem fjárfestar geta nálgast útprentuð eintök sér að kostnaðarlausu hjá Marel, Austurhrauni 9, 210 Garðabæ.

### Hlutafjárútboð Marel 29. maí – 6. júní 2019

Boðnir verða til sölu allt að 90.909.091 nýir hlutir í Marel ásamt því sem Marel hefur veitt umsjónaraðilum útboðsins kauprétt á allt að 9.090.909 nýjum hlutum í Marel til að mæta umframeftirspurn og vegna verðjöfnunaraðgerða í kjölfar útboðsins. Ef kauprétturinn verður nýttur að fullu mun hlutafjárukningin í Marel nema u.þ.b. 15% af útgefnum hlutum í félaginu.

Heildarföldi hluta í Marel fyrir hlutafjárukninguna er 671.007.916 hlutir. Hver hlutur er ein króna að nafnverði og eru allir hlutirnir í einum flokki. Auðkenni hlutanna er MAREL og ISIN er 0000000388. Hlutafjárútboðið skiptist á eftirfarandi hátt:

- Almennt hlutafjárútboð á Íslandi
- Almennt hlutafjárútboð í Hollandi
- Alþjóðlegt útboð til fagfjársasta sem uppfylla ákveðin skilyrði samkvæmt lögum, sem nánar er lýst í lýsingu Marel

Hlutafjárútboðið hefst þann 29. maí kl. 7:00 (GMT). Almennu hlutafjárútboði á Íslandi og í Hollandi lýkur 5. júní kl. 15:30 (GMT) og alþjóðlegu útboði til fagfjársasta lýkur 6. júní kl. 11:00 (GMT). Niðurstöður hlutafjárútboðsins verða birtar opinberlega þann 6. júní 2019.

Nánari upplýsingar um Marel, hlutabréf í félaginu, áhættuþætti og skilmála hlutafjárútboðsins má finna í lýsingu Marel sem dagsett er 28. maí 2019.

Garðabæ 29. maí 2019

ADVANCING  
FOOD PROCESSING

**marel**

●● Ég finn það vel á leikmönnum að álagið er farið að segja til sín og það á bæði við um yngri og eldri leikmenn liðsins.

Helgi Sigurðsson



meira en mánuður síðan öll liðin nema ÍA og KR, sem fóru alla leið í úrslit Lengjubikarsins, léku keppnisleiki.

**Purfum að færa Lengjubikarinn** Fréttablaðið fékk tvo þjálfara í deildinni til þess að rekja sín sjónarmið varðandi leikjafyrirkomulagið en þess ber að geta að báðir tóku það skýrt fram að sama gilti um öll lið og þeir væru alls ekki að kvarta.

„Það þarf, að mínu mati og flestra þeirra þjálfara sem ég hef rætt við, að endurskoða það hvenær Lengjubikarinn er spilaður. Það færi betur á því að ekki myndi liða meira en vika eða tíu dagar frá síðasta leik í Lengjubikarnum og fyrsta leik í deild eða bikar. Svo finnst mér leikið of þétt í upphafi tímabilsins í deild og bikar. Þetta er ekki nýtt vandamál, svona hefur fyrirkomulagið verið í langan tíma og umræðan hefur áður farið fram. Nú þarf bara að gera einhverjar breytingar næsta haust,“ segir Helgi Sigurðsson, þjálfari Fylkis, um málið.

„Ég finn það vel á leikmönnum að álagið er farið að segja til sín og það á bæði við um yngri og eldri leikmenn. Hákon Ingi [Jónsson] er að glíma við vöðvatögnun og Ólafur Ingi [Skúlason] hefur verið stífur aftan í læri. Leikmenn mínir og FH voru orðnir þreyttir þegar liða tók á leikinn um síðustu helgi. Spilamennska beggja liða síðustu 20 mínútur leiksins bar þess skýr merki að leikið hafði verið þétt fram að þeim leik og sendingar og aðrar aðgerðir ekki jafn vel framkvæmdar og ella. Leikurinn var spilaður á háu tempó í klukkutíma en leikmenn

●● Við höfum leikið á rúmlega þriggja daga fresti og það gefur augaleið að slíkt álag á leikmenn er of mikið.

Srdjan Tufegdžic



höfðu ekki kraft til þess að fylgja því eftir,“ segir Helgi enn fremur.

**Ættum að skoða að fjölga liðum** Srdjan Tufegdžic, þjálfari Grindavíkur, tekur í sama streng. Hann segir erfitt að skipuleggja sig fram í tímamann og leikmannahópar liðanna ráði illa við það mikla álag sem verið hefur síðustu vikurnar.

„Eftir leikinn við Vestra í bikarnum og Víking í deildinni höfum við spilað níu leiki á 33 dögum sem er leikur á rúmlega þriggja daga fresti. Það gefur augaleið að leikmenn ráða illa við það og endurheimt milli leikja verður ekki fullnægjandi. Svo tekur við rölegur kafli í júní og það er leikið á viku fresti yfir hásumarið þegar vellirnir eru hvað bestir og umgjörð leikja eins og best verður á kosid. Mótið er líka svo stutt að hver leikur er gríðarlega mikilvægur og þjálfarar freistast til þess að nota sömu leikmenn leik eftir leik. Þá eru leikmannahópar flestra liða bara svo þunnir að það er ekki möguleiki að rótera mikið milli leikja,“ segir Túfa.

„Að mínu mati ættum við að spila 14 liða efstu deild og byrja fyrir og hætta seinna. Það eru sex lið í deildinni sem spila á gervigrasi núna og einhver lið með það í farvatninu að spila á velli sem getur verið klár í lengri tíma en eins og staðan er núna. Þess vegna gætum við hæglega spilað mótið á lengri kafli. Það myndi auka gæðin og auðvelda þjálfurum og leikmönnum að bæta leikmenn ef leikið væri með reglulegra millibili og sveiflurnar á dögum milli leikja minnkaðar,“ segir hann.

[hjorvaro@frettabladid.is](mailto:hjorvaro@frettabladid.is)

# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 29. maí 2019

21. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL



**ROLEX**  
OYSTER PERPETUAL  
DATEJUST 41

**MICHELSEN**  
ÚRSMÍÐIR  
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík  
511 1900 - www.michelsen.is

## Lágvaxtalandið Ísland?

Stórbætt efnahagsstaða gerir Seðlabankanum kleift að mæta samdrætti með því að lækka vexti. Hagfræðingur segir það stórtíðindi að vextir hafi lækkað frá hátindi uppsveiflunnar. » 6-7

**756**  
milljarðar króna er gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands.



### »2 Lykill sækist eftir viðskiptabankaleyfi

Eignaleigufyrirtækið hefur skilað inn umsókn um starfsleyfi sem viðskiptabanki til FME. Horfir til hagstæðari fjármögnunar með því að fá heimild til að taka á móti innlánum frá almenningi.

### »4 Velta Bílanausts helmingaðist á fimm árum

Velta Bílanausts dróst saman um helming frá 2013 fram að gjaldþroti félagsins. Uppsafnað tap nemur 600 milljónum. Félag í Toyota-samstæðunni keypti eignir úr búinu á 270 milljónir.


### »10 Rukkað fyrir hagræðingu

„Umbylting er að eiga sér stað vegna framþróunar stafrænnar tækni, hvaða nafni sem menn kjósa að kalla hana. Það er löngu tímabært að stjórnvöld og þjónustufyrirtæki á borð við fjármálafyrirtæki hefji samtal um þessi mál,“ segir Örn Arnarson, sérfræðingur hjá SFF, í aðsendri grein.

Ray-Ban

Ray Ban sólgleraugu með styrkleika

Optical Studio  
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK



Kaupþing og Taconic eiga samanlagt 36 prósent í Arion. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Selji sig niður fyrir þriðjungshlut

Fjármálaeftirlitið hefur skyldað Kaupskil, dótturfélag Kaupþings, og bandaríska vognarsjóðinn Taconic Capital til þess að minnka samanlagðan eignarhlut sinn í Arion banka niður fyrir 33 prósent fyrir 16. september næstkomandi. Þetta kemur fram í nýbirtum ársreikningi Kaupskila.

Kaupskil og Taconic fara nú með samanlagt 36 prósent hlut í Arion banka en til samanburðar var eignarhlutur félaganna tæplega 43 prósent í lok síðasta árs.

FME lítur svo á að Kaupskil og Taconic séu í samstarfi í skilningi

laga um fjármálafyrirtæki – vognarsjóðurinn er stærsti hluthafi Kaupþings – og hefur því takmarkað heildaratkvæðisrétt félaganna tveggja við 33 prósent hlut.

Kaupþing, sem er stærsti hluthafi Arion banka, gekk í síðasta mánuði frá sölu á um fimmtán prósent hlut í bankanum og heldur nú á fimmtungshlut í honum. Þar af seldi félagið tæplega fimm prósent hlut til Taconic fyrir um 6,5 milljarða en vognarsjóðurinn er í kjölfar kaupanna næst stærsti hluthafi bankans með sextán prósent hlut. – kjj

## Kvika á leið í Höfðatorgsturninn

Öll starfsemi Kviku banka á Íslandi, sem er nú til húsa í Borgartúni 25, mun flytjast yfir í Höfðatorgsturninn á næstu mánuðum. Samkvæmt heimildum Markaðarins er bankinn að ganga frá endanlegu samkomulagi við Regin fasteignafélag, sem er eigandi turnsins, og til stendur að starfsemi Kviku verði þá á þremur hæðum – 7., 8. og hluta af 9. hæð – í Höfðatorgsturninum við Katrínartúni.

Samtals starfa nú um 130 manns í fjárfestingabankanum en Kvika sameinaðist sem kunnugt er GAMMA Capital Management fyrr á þessu ári. Samkvæmt heimildum Markaðarins er jafnframt áformað að selja fasteignina að Garðastræti 37, þar sem höfuðstöðvar GAMMA hafa verið til húsa, en húsnæðið er um 680 fermetrar að stærð.



Marinó Örn Tryggvason, forstjóri Kviku.

Í afkomutilkynningu sem bankinn sendi frá sér síðastliðinn mánudag kom fram að hagnaður fyrir skatta hefði numið 852 milljónum króna og var arðsemi eigin fjár rúmlega 22 prósent. Bankinn hefur uppfært afkomuspá sína fyrir árið 2019 um meira en þriðjung og er nú gert ráð fyrir því að hagnaður ársins verði um 2,7 milljarðar króna.

Kvika banki, sem er með eignir í stýringu að fjárhæð um 442 milljarða króna, var skráður á aðallista Kauphallarinnar í marsmánuði. – hae

### MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFEÐLAG Torg, Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími 550 5051

Ritstjóri Hördur Ægisson hordur@frettabladid.is

Ábyrgðarmaður Kristín Þorsteinsdóttir

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

# Gamalgróinn veitingastaður í miðbæ Reykjavíkur til sölu

## Frábært tækifæri og auðveld kaup

Áhugasamir hafi samband við netfangið:  
veitingastaðurinn.minn@gmail.com

# Lykill sækist eftir leyfi sem viðskiptabanki

Fyrirtækið hefur skilað inn umsókn um starfsleyfi sem viðskiptabanki til Fjármálaeftirlitsins. Horfir til hagstæðari fjármögnunar með því að fá að taka á móti innlánnum. Eigandi Lykils er vognarsjóðurinn Davidson Kempner.

Lykill fjármögnun, sem er að stærstum hluta í eigu bandaríska vognarsjóðsins Davidson Kempner, hefur skilað inn formlegri umsókn til Fjármálaeftirlitsins (FME) um starfsleyfi sem viðskiptabanki. Magnús Scheving Thorsteinsson, stjórnarformaður Lykils, staðfestir þetta í samtali við Markaðinn. Umsóknin var send fyrir í þessum mánuði og er nú til skoðunar hjá FME.

Markmið Lykils, sem er eignaleigufyrirtæki og fjármagnar bíla-, véla- og tækjakaup, með því að sækjast eftir viðskiptabankaleyfi er að sækjast eftir hagstæðari fjármögnun en félaginu hefur staðið til boða hingað til en með slíku leyfi mun Lykill fá heimild til að taka á móti innlánnum frá almenningi.

Þannig horfir Lykill til þess, samkvæmt heimildum Markaðarins, að færa út kviarnar og breikka vöruframboð félagsins – bæði hvað varðar inn- og útlánstarfsemi – þar sem meðal annars er til skoðunar að bjóða upp á innlánsreikninga á netinu.

Lykill hefur að undanfögnu fjármagnað sig að stærstum hluta með útgáfu á skráðum skuldabréfum og víxlum. Í fyrra nam skuldabréfaútgáfa félagsins samtals um 11 milljörðum króna. Fyrr í þessum mánuði lauk Lykill skuldabréfaútbóði á nýjum verðtryggðum skuldabréfaflokki, sem er til sjö ára, og voru samþykkt tilboð að nafnvirði 3,53 milljarðar króna á verði sem jafngilti 3,34 prósentu ávöxtunarkröfu.

### Söluferli rann út í sandinn

Áform Davidson Kempner, sem á yfir 80 prósent hlut í Klakka, eignarhaldsfélagi sem heldur utan um 100 prósent hlut í Lykli, áður Lýsing, um að selja eignaleigufyrirtækið rannu út í sandinn í júlí í fyrra þegar slitnaði upp úr viðræðum félagsins við TM. Ástæða viðræðuslitanna, eins og áður hefur verið greint frá í Markaðinum, var einkum sú að tilboð tryggingafélagsins, sem hljóðaði upp á 10,6 milljarða króna, eða sem jafngilti genginu 0,8 miðað við eigið fé félagsins á þeim tíma, var ekki



Með starfsleyfi sem viðskiptabanki mun Lykill fjármögnun meðal annars fá heimild til að taka á móti innlánnum frá almenningi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**1.200**  
milljónir króna var hagnaður Lykils í fyrra.

í samræmi við væntingar stjórnenda og eigenda Lykils. Þá fór TM jafnframt fram á að fá seljendalán til þess að fjármagna kaupin en fulltrúar Klakka vildu ekki fallast á það.

Afar ólíklegt er talið að söluferli Lykils verði endurvakið í bráð, ekki síst eftir ákvörðun stjórnar félagsins um að sækjast eftir starfsleyfi sem viðskiptabanki, samkvæmt heimildum Markaðarins.

Hagnaður Lykils nam rúmlega 1.200 milljónum króna á árinu 2018 og dróst saman um 850 milljónir

króna frá fyrra ári. Heildareignir félagsins í árslok 2018, sem samanstóðu meðal annars af reiðufé að andvirði 4,7 milljarða króna, voru samtals 38 milljarðar og er eigið fé Lykils rúmlega 12,6 milljarðar króna. Eiginfjárhlutfallið var því um 35,5 prósent og lagði stjórn félagsins til að greiddur yrði arður á þessu ári til hluthafa að fjárhæð 1.200 milljónir króna.

Fyrir utan Davidson Kempner, sem er langsamlega stærsti hluthafi Lykils í gegnum eignarhaldsfélagið Klakka, eru aðrir helstu hluthafar félög á vegum bræðranna Ágústs og Lýðs Guðmundssonar og Sigurðar Valtýssonar, viðskiptafélaga þeirra og fyrrverandi forstjóra Exista. Íslenskir lífeyrissjóðir, sem átta samanlagt um 6 prósent hlut í Klakka í árslok 2017, gengu hins vegar frá sölu á stærstum hluta bréfa sinna í félaginu í árslok 2018. hordur@frettabladid.is

## Keypti í Icelandair fyrir 700 milljónir

Bandaríski fjárfestingarsjóðurinn PAR Capital Management, sem kom fyrst inn í hluthafahóp Icelandair Group í síðasta mánuði, bætti við sig hlutum í flugfélaginu í lok síðustu viku fyrir jafnvirði um 700 milljóna króna og er sjóðurinn eftir kaupin orðinn stærsti hluthafi Icelandair.

Samkvæmt heimildum Markaðarins stóð PAR Capital að baki kaupum á um 70 milljónum hluta í félaginu síðastliðinn föstudag, sem jafngildir um 1,3 prósentu eignarhlut, og fer sjóðurinn því núna með 13,7 prósentu hlut í Icelandair. Er sá hlutur metinn á rúmlega 7,4 milljarða króna miðað við núverandi gengi bréfa Icelandair. Fyrir fjárfestinguna var Lífeyrissjóður verslunarmanna stærsti hluthafi flugfélagsins með tæplega 12,8 prósentu hlut.

PAR Capital, sem er fjárfestingarsjóður í Boston með um fjóra milljarða dala í stýringu, jafnvirði um 500 milljarða króna, náði samkomulagi við Icelandair Group í byrjun



Bogi Nils Bogason er forstjóri Icelandair Group. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

apríl um kaup á um 11,5 prósentu eignarhlut fyrir samtals 5,6 milljarða króna með útgáfu á nýjum hlutum í félaginu. Sú hlutafjárhækkun, eða samtals 625 milljón hlutir, var samþykkt á hluthafafundi síðar í sama mánuði. Þá stækkaði sjóðurinn hlut sinn skömmu síðar þegar hann keypti í félaginu fyrir jafnvirði um 500 milljóna króna.

PAR Capital, sem leggur áherslu

á langtímafjárfestingar og ferðaþjónustu og stafrænum miðlum, er meðal annars hluthafi í bandarísku flugfélagunum United Airlines, þar sem sjóðurinn er með tvo menn í stjórn, Delta Airlines, JetBlue Airways og Southwest Airlines.

Hluthafaverð Icelandair hefur hækkað um líðlega 4 prósent frá áramótum og stóð í 9,95 krónum á hlut við lokun markaða í gær. – hae

01

# Elephant stóll & kollur



NORR11 kynnir: Elephant kollinn. Elephant kollurinn er hugsaður sem skemill við Elephant hægindastólinn eða bara sem kollur einn og sér.



# Veltan helmingaðist á fimm árum

Velta Bílanausts dróst saman um helming frá 2013 fram að gjaldþroti félagsins. Uppsafnað tap nemur 600 milljónum króna. Félag í Toyota-samstæðunni keypti eignir úr búinu á 270 milljónir króna en AB varahlutir náðu til sín stórum umboðssamningum.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson  
tfh@frettabladid.is



Velta varahlutaverslana Bílanausts helmingaðist á þeim fimm árum sem liðu frá því að félagið var keypt út úr oliufélaginu N1 og þangað til það var tekið til gjaldþrotaskipta í byrjun þessa árs. Taprekstur einkenndi starfseminna á tímabilinu og nam uppsafnað tap félagsins tæplega 600 milljónum króna.

Rekstrarsaga Bílanausts nær aftur til ársins 1962 en félagið sameinaðist N1 árið 2007. Árið 2013 stofnaði N1 dótturfélag undir merkjum Bílanausts og var félagið selt sama ár til eignarhaldsfélagsins Efstasunds. Stærsti hluthafinn var Coldrock Investments limited sem er í eigu systkinanna Gunnars Þórs, Guðnýjar Eddu, Halldórs Páls og Eggerts Árna Gíslabarna, en þau eru meðal annars eigendur að innflutningsfyrirtækinu Mata og matvælafyrirtækjunum Síld og fiski og Matfugli. Bræðurnir Lárus Blöndal Sigurðsson og Dagur Sigurðsson áttu einnig töluverðan hlut.


Samkvæmt heimildum Markaðarins nam kaupverðið um 700 milljónum króna. Þá var Bílanaust stærsta varahlutafyrirtæki landsins með árstekjur upp á rúma 2,2 milljarða króna. Það var tvöfalt meiri velta en hjá Stillingu, helsta keppinautnum.

Samningarnir í tengslum við kaupin á Bílanaust út úr N1 drógu hins vegar dilk á eftir sér. Afskrifa þurfti stóran hluta af vörubirgðum sem fylgdu með kaupunum þar sem hann samanstóð af varahlutum í gamla bíla sem stöðust ekki tímans tönn. Vörubirgðir minnkuðu úr 600 milljónum árið 2013 í 226 milljónir árið 2018. Bílanaust var auk þess samningsbundið N1 um vöruhýsingu og hafði því lítinn sveigjanleika til að afhenda vörur. Það gerði félaginu erfitt fyrir í samkeppni við



Bílanaust á að baki langa rekstrarsögu. Síðustu ár hafa þó verið fyrirtækinu erfið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Velta og afkoma Bílanausts í milljónum króna



önnur varahlutafyrirtæki á borð við Stillingu og AB varahluti. Þá hafði aukin áhersla N1 á smásölu á kostnað verkstæðaþjónustu á bensinstöðvum fyrirtækisins á síðustu árum veruleg áhrif á viðskipti oliufélagsins við Bílanaust og þar af leiðandi veltuna.

Samkvæmt óbirtum ársreikningi Bílanausts fyrir árið 2018 námu tekjur félagsins 1.150 milljónum króna sem er um helmingi minni upphæð en árið 2013. Tap rekstrarársins nam 279 milljónum króna og eigið fé félagsins var í árslok orðið neikvætt um 528 milljónir. Í byrjun janúar 2019 var Bílanaust tekið til gjaldþrotaskipta eftir að samningsumleitani við Arion banka, viðskiptabanka félagsins, báru ekki árangur. Arion banki hafði lagt félaginu til hálfan milljarð króna í tengslum við eigendaskiptin árið

2013. Eftirstöðvar aflánunum nema um 450 milljónum króna.

Skömmu eftir gjaldþrotið náði þrotabú Bílanausts samkomulagi við Motormax, um sölu á tilteknum eignum úr búinu. Áformað er að reka verslanir Bílanausts í Reykjavík, Hafnarfirði, Reykjanesbæ og á Selfossi áfram og stefnt er að opnun verslananna á Akureyri og Egilsstöðum síðar. Samkvæmt heimildum Markaðarins nemur kaupverðið 270 milljónum króna en Motormax er að fullu í eigu UK fjárfestinga, móðurfélags Toyota á Íslandi. Eignirnar sem Motormax keypti úr búinu eru fasteignir Bílanausts í Hafnarfirði og Selfossi fyrir 170 milljónir, allir rekstrarfjármunir, vörumerkið og lénin, ásamt vörubirgðum. Þessar eignir höfðu verið veðsettar Arion banka til tryggingar á lánunum en einnig voru viðskiptakröfur að bókfærðu virði 62 milljónum króna veðsettar bankanum.

Í samrunaskrá vegna kaupa Motormax á eignum og rekstrarfjármunum Bílanausts, sem Markaðurinn hefur undir höndum, kemur fram að stór vörumerki sem voru mikilvæg í rekstri Bílanausts hafi farið til AB varahluta, eins af stærstu keppinautunum. Nefnd eru vörumerki á borð við Glasurit lakkvörur, Britax barnastóla, Triscan bílavarahluti og Mirka málningarvörur. Forsvarsmenn Motormax telja ljóst að talsverður hluti af veltu Bílanausts muni flytjast til AB varahluta. Samkvæmt heimildum Markaðarins vildu AB varahlutir kaupa þrotabúin en skiptastjórnir taldi félagið ekki hafa bolmagn í það.

Samkeppniseftirlitið hefur heimilað kaup Motormax á eignum úr þrotabúinu eftir að hafa rannsakað markaðinn. Er það mat eftirlitsins að markaðshlutdeild Motormax, Bílanausts og TK bíla, sem er einnig innan Toyota-samstæðunnar, verði áþekkt hlutdeildum AB varahluta og Stillingar, það er, á bilinu 20-25 prósent. Hins vegar hefði hlutdeildin verið á bilinu 30-35 prósent ef Motormax hefði haldið öllum umboðssamningum Bílanausts.

## RAFMÓTORAR



**SCANVER** EHF 588 80 40  
www.scanver.is

GÍRAR - FÆRIBÖND - RAFMÓTORAR - LEGUR

## Virði Oculis jókst um sjötíu prósent og er nú metið á nærri átta milljarða

Virði lyfjaþróunarfyrirtækisins Oculis, sem hefur þróað tækni við meðhöndlun augnsjúkdóma, jókst um hátt í sjötíu prósent í bókum vaxtarsjóðsins Brunnis í fyrra og var um 7,9 milljarðar króna í lok ársins.

Sjóðurinn, sem er í rekstri Landsbréfa og Brunnis Ventures GP, á 18 prósent hlut í Oculis sem var í lok síðasta árs metinn á ríflega 1,4 milljarða króna í ársreikningi hans.

Til samanburðar fór Brunnur með 24 prósent hlut í Oculis að virði rúmlega 1,1 milljarðs króna í lok árs 2017.

Lyfjaþróunarfyrirtækið, sem er með höfuðstöðvar í Lausanne í Sviss, tryggði sér fjármögnun upp á 15,5 milljónir svissneskra franka, jafnvirði um 1,9 milljarða króna, í byrjun ársins en fjármögnunin var leidd af fjárfestingafélaginu Tekla Capital Management í Boston. Auk félagsins lögðu Nan Fung Life Sciences, sem er hluti af kínversku samstæðunni Nan Fung Group, og fyrri hluthafar Oculis lyfjaþróunarfyrirtækinu til fé.

Árið áður samdi Oculis við alþjóðlega vaxtarsjóði, Bay City Capital, Novartis Venture Fund og Pivotal bio Venture Partners, ásamt Brunnis vaxtarsjóði og Silfur-



Oculis á rætur að rekja til Háskóla Íslands og Landspítalans.

**7,9** milljarðar króna er virði Oculis í bókum Brunnis vaxtarsjóðs.

bergi um jafnvirði 2,1 milljarðs króna hlutafjáraukningu.

Oculis var stofnað árið 2003 af dr. Einari Stefánssyni, prófessor í augnlækningum, og dr. Þorsteini Loftssyni, prófessor í lyfjafræði. Þeir leða enn rannsóknir og nýsköpun fyrirtækisins. – kj



Íslensk verðbréf hafa gengið frá kaupum á Viðskiptahúsinu.

## Eignast helming í Íslenskum verðbréfum

Fyrirverandi eigendur Viðskiptahússins hafa eignast helmingshlut í Íslenskum verðbréfum í kjölfar kaupa síðarnefnda fyrirtækisins á því fyrirnefnda. Öllum skilyrðum fyrir kaupunum hefur verið fullnægt og var gengið endanlega frá þeim í byrjun vikunnar.

Félagið Björg Capital, sem er í eigu Þorbjargar Stefánsdóttur, er þannig orðið langsamlega stærsti hluthafi Íslenskra verðbréfa en Þorbjörg er eiginkona Jóhanns M. Ólafssonar, stofnanda Viðskiptahússins og nýs forstjóra Íslenskra verðbréfa.

Þar á eftir koma Stapi lífeyrissjóður, Brú lífeyrissjóður, Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar, KEA, Kjálkanes, Maritimus Investors og Kaldbakur, hver um sig með 4,99 prósentu hlut.

FME komst að þeirri niðurstöðu í lok mars að Björg Capital teldist hæft til þess að fara með virkan eignarhlut sem nemur 50 prósentum í Íslenskum verðbréfum, þar með talið í dóttur- og hlutdeildarfélögum ÍV sjóðum og T Plús.

Haft var eftir Sigurði Atla Jónssyni, stjórnarformanni Íslenskra verðbréfa, í tilkynningu fyrr í vikunni að markmiðið með kaupunum væri að skapa sérhæft fjármálafyrirtæki í eignastýringu, miðlun og ráðgjöf með sérstöðu í staðsetningu utan höfuðborgarsvæðisins.

Viðskiptahúsið hefur frá stofnun árið 1999 sérhæft sig í ráðgjöf til fyrirtækja í sjávarútvegi. – kj

## Hagnast um 339 milljónir króna

Framtakssjóðurinn Icelandic Tourism Fund, sem er í rekstri Landsbréfa, hagnaðist um 339 milljónir króna á síðasta ári og dróst hagnaðurinn saman um 28 milljónir króna frá fyrra ári, samkvæmt nýjum ársreikningi sjóðsins. Sjóðurinn greiddi út 400 milljónir króna á árinu.

Icelandic Tourism Fund fór í lok síðasta árs með 94 prósentu hlut í félaginu Into the Glacier, sem býður upp á daglegar ferðir inn í ísgöngin í Langjökli, og er hluturinn metinn á 1.387 milljónir króna í bókum sjóðsins.

# 1.387

milljónir er 94% hlutur í Into the Glacier metinn á.

Ísgöngin, sem eru stærstu manngerðu ísgöngin í heimi, eru stærsta einstaka eign sjóðsins en alls átti sjóðurinn, sem er í eigu Icelandair Group, Landsbankans og sjö lífeyrissjóða, eignir upp á tæplega fjóra milljarða króna í lok síðasta árs.

Næststærsta eign framtakssjóðsins er 34 prósentu hlutur í ST Holding, eignarhaldsfélagi Special Tours, en eignarhluturinn er metinn á 637 milljónir í ársreikningi sjóðsins.

Sem kunnugt er samþykkt Samkeppniseftirlitið í síðasta mánuði kaup Arctic Adventures á helstu eignum Icelandic Tourism Fund en eins og Markaðurinn hefur greint frá eru kaupin hins vegar ekki frágengin og eru viðræðurnar um þau sagðar á viðkvæmu stigi. – kj

# Velta Toyota dróst saman um meira en tvo milljarða

Velta TK bíla ehf., sem sér um sölu á Toyota-bílum og tengdum vörum og þjónustu á Íslandi, nam um 14,4 milljörðum króna í fyrra. Til samanburðar nam veltan 16,8 milljörðum á árinu 2017 og var samdrátturinn því 14 prósent á milli ára.

Upplýsingar um tekjur TK bíla koma fram í kynningu fyrirtækisins sem Markaðurinn hefur undir höndum. Þar kemur einnig fram að eigið fé hafi í lok árs verið 682 milljónir og eiginfjárlutfallið 23 prósent. 143 starfsmenn störfuðu



Úlfar Steindórsson, forstjóri Toyota á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

að meðaltali hjá félaginu.

TK bílar kaupa og selja áfram bíla frá systurfélaginu Toyota á Íslandi sem flytur þá inn. Félagin tvö eru í fullri eigu eignarhaldsfélagsins UK fjárfestinga sem er í 50 prósentu eigu Úlfars Steindórssonar og Jónínu Óskar Pétursdóttur annars vegar í gegnum Jú ehf. og 50 prósentu eigu Kristjáns Þorbergssonar og Þórunnar Sigurðardóttur hins vegar í gegnum ÞK fjárfestingar. Úlfar og Jónína eiga einnig hlut í Bláa lóninu í gegnum Jú. – tfh

## Samkaup

# INNKÖLLUN VEGNA RAFRÆNNAR SKRÁNINGAR HLUTABRÉFA

**Föstudaginn 28. júní 2019** verða hlutabréf

í **Samkaupum hf., kt. 571298-3769**, tekin til

rafrænnar skráningar hjá Nasdaq verðbréfa-

miðstöð hf. í samræmi við ákvörðun stjórnar

félagsins þar að lútandi. Skráningin tekur gildi

kl. 09:00 árdegis. Frá þeim tíma ógildast hin

áþreifanlegu hlutabréf í félaginu í samræmi

við ákvæði laga nr. 131/1997, um rafræna eignar-

skráningu verðbréfa og reglugerðar settri á

grundvelli þeirra.

Nánar tilgreint verða öll hlutabréf í Samkaupum

hf. tekin til rafrænnar skráningar, en þau eru öll

í einum flokki, auðkennd með númerum og gefin

út á nafn hluthafa. Útgáfudagsetningar er getið

á hverju bréfi.

Hér með er skorað á alla eigendur ofangreindra

hlutabréfa, sem telja nokkurn vafa leika á því

að eignarhald þeirra sé réttilega fært í hluta-

skrá Samkaupa hf., að staðreyna skráninguna

með fyrirspurn til skrifstofu þess, Krossmóum

4, 260 Reykjanesbæ. Komi í ljós við slíka könnun

að eigendaskipti hafi ekki verið rétt skráð ber

eigendum að færa sönnur á þau gagnvart félaginu.

Ennfremur er skorað á alla þá sem eiga takmörkuð

réttindi til ofangreindra hlutabréfa, s.s. veðréttindi,

að koma þeim á framfæri við fullgilda reiknings-

stofnun fyrir skráningardag. Gæta skal þess að

reikningsstofnun hafi gert aðildarsamning við

Nasdaq verðbréfamíðstöð hf.

Að rafrænni skráningu aflokinni munu arð-

greiðslur til hluthafa einungis fara fram í gegnum

kerfi Nasdaq verðbréfamíðstöðvar hf. Hluthafar

þurfa því að fela reikningsstofnun, sem gert hefur

aðildarsamning við Nasdaq verðbréfamíðstöð hf.,

umsjón með eignarhlut sínum í félaginu. Hluthafar

munu fá sendar tilkynningar og reikningsyfirlit í

samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 397/2000.

Athygli hluthafa er vakin á því að hlutabréfin

verða ógilt sjálfkrafa og því er ekki þörf á að

skila þeim til félagsins.

Reykjanesbæ, 29. maí 2019

Stjórn Samkaupa hf.



Fjárfestar tóku vel í hálfprósentsvaxtalækkun peningastefnunnar Seðlabanka Íslands í síðustu viku – úr 4,5 prósentum í 4 prósent – og búast við frekari lækkunum á allra næstu mánuðum. Nefndin segir svigrúm peningastefnunnar til þess að mæta efnahagssamdrættinum töluvert haldist verðbólga og verðbólguvæntingar við markmið bankans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Nota vextina til þess að milda höggið

Stórbætt efnahagsstaða gerir Seðlabankanum kleift að mæta samdrætti í hagkerfinu með því að lækka vexti. Hagfræðingur Viðskiptaráðs segir það stórtíðindi að vextir hafi lækkað frá hátindi uppsveiflunnar. Forstjóri GAMMA segir allar forsendur til þess að vextir haldi áfram að lækka, þó svo að Ísland verði ekki lágvaxtaland á einni nóttu. Aðstæður til að bæta í innviðafjárfestingu.

Kristinn  
Ingi Jónsson  
kristinni@frettabladid.is



Sú gjörbreyting sem hefur orðið á íslensku hagkerfi á síðustu árum, sem endurspeglast í viðvarandi viðskiptaafgangi við útlönd og umskiptum á erlendri stöðu þjóðarbúsins, gerir Seðlabanka Íslands kleift að bregðast við samdrætti í þjóðarbúskapnum með því að lækka vexti og milda þannig yfirstandandi niðursveiflu hagkerfisins. Hingað til hafa hag- sveiflur hérlendis endað með gengisfalli og verðbólgu, líkt og gerðist til að mynda árin 2001 og 2008, en nú bendir fátt til annars en að lendingin verði mjúk.

„Nú er hægt að nýta stýrítæki Seðlabankans – vextina – á mun árangursríkari hátt en áður,“ segir Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA Capital Management.

Jón Bjarki Bentsson, aðal- hagfræðingur Íslandsbanka, segir Seðlabankann hafa nú mun frjálshari hendur til þess að lækka raunvexti þar sem trúverðugleiki bankans og möguleikar hans til viðnáms séu allt aðrir og meiri en þeir hafi verið árin 2001 og 2008.

Í kjölfar falls fjármálakerfisins haustið 2008 voru stýrivextir Seðlabankans hækkaðir í 18 prósent, krónan hríðföll í verði og verðbólga rauh upp í 19 prósent. Í lok uppsveiflunnar árið 2001 fóru vextirnir hæst í 11,4 prósent, verðbólga jókst í tæp níu prósent og gengi krónunnar lækkaði um fimmting. Nú standa stýrivextirnir hins vegar í fjórum prósentum – eftir hálfprósentu-

stigs lækkun í síðustu viku – og telja greinendur að þeir lækki enn frekar á næstu mánuðum.

Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs, segir athyglisvert að vextir hafi farið lækkanði frá því að uppsveiflan í hagkerfinu náði hátindi á árunum 2016 til 2017. Það sé stórtíðindi í efnahagslegum skilningi.

„Hefði einhver nefnt það fyrir fimm til tíu árum að það væri raunhæft að Ísland yrði lágvaxtaland, land með lága vexti og íslenska krónu, þá hefðu flestir spurt viðkomandi hvað honum gengi til,“ segir Konráð.

„En miðað við þróun síðustu ára og stöðuna eins og hún blasir nú við okkur er það orðinn raunhæfur möguleiki,“ bætir hann við.

Valdimar bendir aðspurdur á að allar forsendur standi til þess að vextir fari lækkanði hér á landi. Sparnaður hafi aukist mikið og þá sé þjóðin hægt og bitandi að eldast. „Það má kannski orða það þannig að við þurfum ekki á eins miklum vaxtamun við útlönd að halda og áður til þess að lada hingað fjármagn,“ segir Valdimar.

Í yfirlýsingu peningastefnunnar Seðlabankans frá því í liðinni viku var sérstaklega tekið fram að svigrúm peningastefnunnar til þess að mæta samdrætti í þjóðarbúskapnum – en í stað 1,8 prósentu hagvaxtar á þessu ári eins og gert var ráð fyrir í febrúar spáir bankinn nú 0,4 prósentu samdrætti – væri töluvert. Það ætti sérstaklega við ef verðbólga og verðbólguvæntingar héldust við 2,5 prósentu markmið bankans.

Már Guðmundsson seðlabanka-

## Allt aðrar aðstæður en fyrir tíu árum

Þótt efnahagshorfur hafi breyst til hins verra – meðal annars vegna samdráttar í ferðaþjónustu og loðnubrests – er lítil hætt á sambærilegu efnahagsáfalli og hér varð fyrir tíu árum, að mati Seðlabankans.

Í vorhefti Peningamála bankans, sem kom út í síðustu viku, er tekið fram að á meðan fjármálakreppan og efnahagssamdrátturinn í kjölfar hennar hafi litast af miklu efnahagslegu og fjármálalegu ójafnvægi sem byggst hafði upp í aðdraganda kreppunnar og hafi meðal annars birst í miklum viðskiptahalla með tilheyrandi erlendri skuldsetningu og mikilli skuldsetningu heimila og fyrirtækja,

þá séu aðstæður nú með allt öðrum hætti.

„Viðvarandi afgangur hefur verið á viðskiptum við útlönd og byggst hefur upp erlend eignastaða sem er hærri en erlendar skuldir þjóðarbúsins. Heimili og fyrirtæki hafa byggt upp sparnað og dregið verulega úr skuldsetningu sinni og lagfært eigin efnahagsreikninga þannig að þau eru mun betur í stakk búin til að takast á við efnahagsáfall.“

Skuldsetning í erlendum gjaldmiðlum hefur jafnframt minnkað verulega og innlent bankakerfi stendur mun traustari fótum nú en fyrir áratug,“ segir í Peningamála.

**756**  
milljarðar króna var gjald-  
eyrisforði Seðlabankans í  
lok aprilmánaðar.

stjóri bætti um betur á kynningarfundum í tilefni af vaxtalækkuninni og sagði að í kjölfar þess að skrifað var undir kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í apríl og verðbólguvæntingar lækkuðu hefði svigrúmið aukist til þess að nýta peningastefnuna til þess að mæta efnahagssamdrættinum. „Svo verður bara að koma í ljós hvað það er sem nákvæmlega kemur,“ nefndi hann.

## Hófleg gengisveiking

Jón Bjarki segir nokkra þætti auðvelda okkur að takast á við niðursveifluna í hagkerfinu.

„Einn þáttur er sá,“ útskýrir hann, „að í staðinn fyrir verulegt gengisfall er veiking krónunnar enn sem

komið er hófleg. Því til viðbótar er smíðið frá gengishreyfingunni yfir í verðlag innfluttra vara og þar með verðbólgunu almennt með minna móti. Svo virðist sem mörg fyrirtæki hafi gengið eins langt og þeim var unnt í að taka hluta af gengislækkuninni á sig.“

Jón Bjarki bendir jafnframt á að trú á Seðlabankanum og ytri viðnámsþrótti þjóðarbúsins – getu þjóðarinnar til þess að standa af sér mótlæti án þess að krónan falli óhóflega – hafi aukist verulega sem dempi verðlagsáhrifin og geri bankanum einnig auðveldara fyrir að lækka raunvexti til samræmis við hægari snúning hjóla efnahagslífsins án þess að fórn trúverðugleika peningastefnunnar eða missa verðbólgu á hæstu hæðir.

Þá hafi útspil aðila vinnumarkaðarinnar, þar sem samið hafi verið um laun á hóflegri nótum en margir hafi óttast, hjálpað til.

„Við þetta bættist einnig að skuldastaða heimila, fyrirtækja og hins opinbera er gjörbreytt,“ segir Jón Bjarki.

Íslendingar hafi lært mikið af síðustu niðursveiflu og breytt ýmsu til batnaðar sem við njótum nú ávaxtanna af.

„Það þýðir þá að Seðlabankinn getur farið lægra með raunvextina en annars væri. Seðlabankastjóri jáði einmitt að því á kynningarfundum í síðustu viku að oft væri tekin stærri sveifla í skammtíma- raunvöxtum en endilega væri hægt að reikna út frá líkönun til þess að viðbrögðin skilðu sér þá fyrir.“

Bankinn hefur miklu frjálshari hendur til þess nú því trúverðugleiki hans og möguleikar til við-

# LEIÐ

MIDVIKUDAGUR 29. MAÍ 2019

## Heimili



Í garðinum er lítið hús fyrir barnabörnum þar sem þau geta leikið sér. Þarna sést hvernig Anna og Hannes byggðu yfir hluta pallsins.

# Lítill paradís í Mosó

Anna Fíff Friðriksdóttir tanntæknir og eiginmaður hennar, Hannes Vilhjálmsson smiður, hafa komið sér vel fyrir í Mosfellsbæ. Þau njóta þess að sitja úti og dunda í garðinum. Pallurinn hefur verið mikið notaður undanfarið. ➔2

30% afsláttur  
í hádeginu alla virka daga



Osushi  
Tryggvagötu

## Framhald af forsiðu →

Elin  
Albertsdóttir  
elin@frettabladid.is



Það hafa verið góðviðris dagar og það hafa Anna og Hannes nýtt sér í garðinum. Þau hafa meðal annars unnið að viðhaldi og hreinsun. „Ég er mikil áhugamanneskja um gróður og garða,“ segir Anna sem notar hverja frístund til að undirbúa garðinn fyrir sumarið. „Við erum með góðan garð sem er svolítið skipt niður, það eru pallar á þremur stöðum og í einum hlutanum erum við með heitan pott. Við búum skammt frá Reykjalundi í mjög fallegu umhverfi en við fluttum hingað fyrir tveimur og hálfu ári,“ segir Anna.

„Við nýttum það í garðinum sem fyrir var og svo höfum við verið að bæta við, setja niður tré og alls kyns rósur. Mér finnst mjög skemmtilegt að dunda í garðinum en þar sem við bjuggum áður voru einungis pallar og blóm í pottum. Okkur langaði mikið að eignast garð. Sumarblómin eru svo falleg en við viljum líka hafa tré í kringum okkur. Við erum eiginlega með alls konar tré í garðinum,“ segir hún. „Ég prófaði í fyrsta skiptið núna að setja niður lauka. Þeir voru finir á meðan þeir voru innanhúss en drápu allir þar sem ég setti þá of snemma út. Það er samt stefna mín að rækta frá grunni,“ segir Anna.

Þau hjónin hafa verið að stækka pallinn hjá sér og byggðu yfir hann að hluta. „Í framtíðinni ætlum við



Pallurinn er framlenging af stofunni og er mikið notaður eftir að byggt var yfir hluta hans. FRETATABLAÐIÐ/ERNIR



Anna vildi gera pallinn notalegan enda nota hjónin hann mjög mikið.



Það eru nokkur góð horn í garðinum þar sem er hægt að hafa það notalegt.



Hér lætur Anna fara vel um sig á pallinum. Hún er með græna finger og finnst mjög skemmtilegt að dunda sér í garðinum. FRETATABLAÐIÐ/ERNIR

## FÖGNUM KVENNLEIKANUM Í LAXDAL



Fylgið okkur á  
FACEBOOK



KJÓLAÚRVAL skoðið [Laxdal.is/kjolar](http://Laxdal.is/kjolar)



Skipholti 29b • Sími 551 4422 • [www.laxdal.is](http://www.laxdal.is)



Anna hefur sótt gamla hluti úr kössum, sprejjað og gefið nýtt líf.



Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Benedikt Bóas Hinriksson, benediktboas@frettabladid.is, s. 550 5763 | Ásta Eir Árnadóttir, astaeir@frettabladid.is, s. 550 5764 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Sólrun Freyja Sen, solrunfreyja@frettabladid.is, s. 550 5765 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Útgefandi: Ábyrgðarmaður: Sólunn: Arnar Magnússon, arnarn@frettabladid.is, s. 550 5652, Atli Bergmann, atli@frettabladid.is, s. 550 5657, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@Torg ehf Kristín Þorsteinsdóttir@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

hugsanlega að loka honum alveg. Við fengum nóg af rigningarveðrinu síðasta sumar og mig langar til að hafa fint á pallinum án þess að vera alltaf að spá í veðurfarið. Núna þarf ég engar áhyggjur að hafa af veðrinu og nota pallinn sem aðra stofu. Við sitjum oftast úti þannig að húsnæðið okkar stækkaði við breytinguna. Ég vil geta notið þess að vera utandyra þótt það sé kannski ekki glampandi sól. Við sitjum stundum úti í úlpu og með teppi. Við erum með arin á pallinum og það má segja að við séum alltaf úti. Svo grillum við og höfum það kósi.“

Anna er alltaf að gera fint á pallinum. Hún hefur tekið upp gamla hluti sem voru komnir ofan í kassa og gefið þeim nýtt líf. „Ég hef verið að sprejja alls konar hluti sem ég get núna notað úti á palli til að gera vistlegt. Mér finnst æðislega skemmtilegt að dunda þannig,“ segir hún. „Yfirbyggði pallurinn er okkar önnur stofa núna en svo byggðum við annan pall til að nýta til sólbaða í góðu veðri. Þar er ég með sólbekki og frábært að vera þar í sólinni þegar maður á frí. Það er mikil veðursæld hér og gott

að vera nálægt náttúrunni,“ segir Anna og viðurkennir að garðurinn kalli á talsverða vinnu en hún sé skemmtileg.

„Ég er að mestu búin að fara yfir garðinn núna en það er alltaf eitthvað eftir. Við erum búin að bera á pallinn að hluta en eigum eftir smávægis. Það er alltaf hægt að bæta á sig vinnu í garðinum en það er bara gaman. Við erum líka með garðhús með eldhúsi í garðinum þar sem barnabörnin geta leikið sér en þau eru orðin sex,“ segir Anna en á heimilinu eru þau hjónin ásamt 21 árs gamalli dóttur þeirra og heimilishundinum. Anna starfar sem tannlæknadeild Háskóla Íslands en Hannes er umsjónarmaður fasteigna hjá Reginn fasteignafélagi.

Anna og Hannes eiga sumar-bústað en segjast nota hann miklu minna eftir að þau fluttu í Mosfellsbæ. „Maður þarf hann ekki lengur,“ segir hún. „Ég veit ekki hvað við gerum við hann. Bústaðurinn er svo miklu minna notaður. Hér búum við í paradís og viljum bara vera heima þegar við erum í frí. Svo er stutt í fallega náttúruna hér allt í kring.“

# Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16  
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Suzuki mótörhjul. Komdu og kattu við í sýningarsal Suzuki. Ýmislegt spennandi til, sjón er sögu ríkar.

**SUZUKI**  
Skeifunni 17, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5100  
suzukisport@suzuki.is  
Suzuki.is

## Bílar óskast

### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?

Kaupi bíla 25-350þús

Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Óska eftir að kaupa 100 þús. kr bíl. Verður að vera í toppstandi og skoðaður. Staðgreiðist. Upp. í s: 483-3568

## Bátar



### HEIMAVÍKUR PLÖTUKRÓKAR TILBOÐ.

10 stk plötukrókar-10 stk sigurnaglar nr 5 tvö þör vettlingar 5580 kr Heimavík.is Heimavík s: 555-6090 eða 892-8655

### LAXANETIN

Þjósá-Hvítá-Ölfusará tilbúin. Heimavík.is

## Varahlutir



### Altenatorar & Startarar



ljosboginn@ljusboginn.is  
s. 553-1244

## Þjónusta

## Pípulagnir

**PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA**  
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.  
Uppýsingar í síma 868-2055

Pípulagnþjónustan oje 780-3939.  
Allt almennt viðhald og breytingar.  
Dren, frárennsli.

## Hreingerningar



Hreingerningar - Bónun -  
Bónleysing Flutningsþrif - Þrif  
eftir iðnaðarmenn thvegillinn.  
is - Stofnað 1969 Traustir og vanir  
menn.

### VY-ÞRIF EHF.

Öll almenn þrif, fyrir heimili,  
húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum  
verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og  
einstaklinga, klippingar og umhirðu  
á gördum. Uppl. í s. 616 1569.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,  
fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra  
stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj.  
Mikael S. 894 4560 www.flytja.is  
flytja@flytja.is

## Bókhald

### RÉTTA- BÓKHALDSÞJÓNUSTA.

Getum bætt við okkur verkefnum.  
Alhliða bókhaldsþjónusta.  
Sanngjörn verð og góð þjónusta.  
Uppl. í s. 8548080/5168080 eða  
olafur@retta.is.

### HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald,  
Vsk. & launauppgjör,  
Ársuppgjör.  
Ódýr og góð þjónusta  
www.hsebokhald.is  
hsebokhald@hsebokhald.is  
Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur  
og stofnun fyrirtækja. Fagleg  
vinnubrögð á sanngjörnu verði.  
Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511  
2950.

## Bólstrun

### Svampur.is

Þjóðum uppá sérsníðnar  
svampdýnur og bólstrun fyrir:

- Tjaldvagninn • Fellihsíð
- Húsbílinn • Bátinn
- Hjólhýsið • Sumarhúsið
- Heimilið o.m.fl!

### Fljót og góð þjónusta

Svampur.is • Vagnhöfða 14 Reykjavík  
Símar 567 9550 og 858 0321

## Húsviðhald

### FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi  
fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar  
fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994



LOFTSTOKKAHREINSUNIN

- FYRIRTÆKI
- FJÖLBÝLISHÚS
- SKIP
- VEITINGASTAÐIR

Við hreinsum allar gerðir  
lofttræstikerfa. Hafðu samband og  
pantaðu fría ástandsskoðun í síma:  
557 7000 eða inná www.k2.is

Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir  
sem og allt almennt viðhald  
fasteigna s:6974650



## VANTAR ÞIG STARFSFÓLK?

Traust og fagleg  
starfsmannaveita  
sem þjónað hefur íslenskum  
fyrirtækjum í áraraðir

Við útvegum hæfa  
starfskrafta í flestar  
greinar atvinnulífsins



Suðurlandsbraut 6, Rvk | S. 419 9000

info@handafl.is | handafl.is

567 2277 NÝJA WWW.NYJA.IS

## BÍLAHÖLLIN

BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK

## GÓÐIR Í SUMAR

Opíð: Mánudaga-föstudaga kl. 10-18, laugardaga 12-15.



**VW Golf r 4 motion.**  
Árgerð 2016, ekinn 45 Þ.KM, bensín,  
sjálfskiptur 6 gírar.  
Verð 5.790.000.Eurodyne stage 2. 390 hp  
Rnr.116883.



**SUZUKI Vitara gl-.**  
Árgerð 2017, ekinn aðeins 28 Þ.KM,  
bensín, sjálfskiptur 6 gírar.  
Verð 3.280.000.1 eigandi umboðsbíll  
Rnr.213590.



**BMW X5 xdrive30d m-tech.**  
Árgerð 2013, ekinn 103 Þ.KM, dísel,  
sjálfskiptur 8 gírar.  
Verð 4.980.000.umboðsbíll  
Rnr.213269.



**LAND ROVER Range rover sport hse  
dynamic.** Árgerð 2015, ekinn aðeins 49  
Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 8 gírar.  
Verð 9.980.000.  
Rnr.213538.



**DODGE Ram 3500 longhorn ltd .**  
Árgerð 2017, ekinn aðeins 23 Þ.KM,  
dísel, sjálfskiptur.  
Verð án vsk 7.250.000.  
Rnr.116841.



Bílafjármögnun Landsbankans

50% afsláttur af  
lántökugjöldum í maí

**HUMBAUR**

**Kerrurnar frábæru frá Humbaur eru til á lager!**

**Öllum 750kg kerrum fylgir nefhjól, lás og strappar.**



**Startrailer 1280**  
750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.  
Verð: 120.888 kr. án vsk.



**Gerð 1376**  
Opnanleg að framan.  
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.  
Verð: 169.355 kr. án vsk.



**Gerð 1374**  
Opnanleg að framan.  
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.  
Verð: 201.612 kr. án vsk.



**Gerð 1384**  
Sturtanleg.  
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.  
Verð: 229.839 kr. án vsk.



**Gerð 1339**  
Opnanleg að framan.  
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð: 350.807 kr. án vsk.,  
en með skráningu.



**Gerð 2331**  
Opnanleg að framan.  
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð: 431.452 kr. án vsk.,  
en með skráningu.

**Topplausnir**

Smíðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.  
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.  
Heimasíða: www.topplausnir.is

## Fasteignir

**EIGNAMÍÐLUN**

GRENSÁSVEGUR 11

SÍMI 588 9090

**FOSSAGATA 14, 101 REYKJAVÍK****OPIÐ HÚS**

Ugluhús í Litla Skerjafirði. Einstakt sjarmarandi bárujárnshús ásamt bílskúr á mjög stórra hornlóð. Eignin skiptist í: forstofu/hol, 4 svefnherbergi, tvær stofur, eldhús, tvö baðherb, þvottahús og geymslu. Á lóð er bílskúr og tvö gróðurhús. Um er að ræða timburhús á steypum kjallara byggt árið 1931. Heildarstærð eignar er um 150 fm. **V. frá 86,9 m.**  
**Opið hús miðvikudaginn 29. maí frá kl. 17 - 17:30**  
**Nánari uppl. Kjartan Hallgeirsson lg.fs. 824 9093, kjartan@eignamidlun.is**

## Tilkynningar

**Aðalfundur SÁÁ**

Aðalfundur SÁÁ verður haldinn fimmtudaginn 6. júní kl. 17.00 í Von, húsi SÁÁ, Efstaleiti 7.

## Dagskrá fundarins er:

1. Skýrsla stjórnar
2. Reikningar samtakanna lagðir fram
3. Lagabreytingar
4. Kosning í stjórn
5. Ákvörðun félagsgjalda
6. Önnur mál

SÁÁ  
Efstaleiti 7  
103 Reykjavík  
Sími: 530 7600  
saa@saa.is  
www.saa.is



## Nudd

**NUDD NUDD NUDD**  
Slökunarnudd í miðbæ Akureyrar.  
Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskípti.  
Straumblik ehf. Löggiltur  
Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt &amp; Selt

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!**


Hringar, hálsmen, armbönd,  
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.  
Hringdu núna og fáðu tilboð þér  
að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-16,  
Skiptiholt 27, 105**

Upplýsingar í síma 782 8800

## Til bygginga

**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**

Vatnasklæðning, panill, pallaefni,  
parket, útihúðir, ofl. Gæði á  
góðu verði. Nýkomnar Eurotec  
A2 harðviðarskrúfur. Penofin  
harðviðarolla. Indus ehf,  
Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi  
í símunum 660 0230 og 561 1122.

## Heimilið

## Barnavörur

**SYSTKINA VAGN/KERRA**

Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar -  
Hliðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313  
barnidokkar.is

## Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**

165 og 285 fm bil með allt að 9 m  
lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð  
malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir  
Sverrir í s. 661 7000**

## Atvinnuhúsnæði

**AUÐBREKKA.**

100-450 fm atvinnuhúsnæði.  
Mjög bjart og góðar innkeyrsludyr.  
Verð frá Kr. 1.500 pr fm  
**Nánari uppl. s. 840 3992**

## FRÍSTUNDABIL.

TIL LEIGU 50 m2 Lofthæð 4 m. Hurð  
3,7 m Lager eða geymsla. Leiga:  
99 þús Facebook: steinhella 14. S:  
661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum  
verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS****SÍMI 555-3464**

Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg  
af því. Allt að 20% afsláttur. www.  
geymslur.is

**GEYMSLURTILLEIGU.IS****SÍMI: 414-3000**

Gerðu verðsamanburð!

## Atvinna

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMÍÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?**

Höfum á skrá menn sem geta  
hafið störf með skömmum  
fyrirvara.

Proventus starfsmannþjónusta  
- proventus.is Sími 551-5000  
Netfang proventus@proventus.is


**GEFÐU VATN**

gjofsemgefur.is  
907 2003

Hjálparstarf  
kirkjunnar

**Þú finnur draumastarfið á Job.is**

Iðnaðarmenn



Heilbrigðisþjónusta




Verslun og þjónusta



Kennsla



Veitingastaðir



Ferðaþjónusta

**GLÆNÝ OG  
FERSK STÖRF  
Í HVERRI VIKU**



**Job.is**

náms eru allt aðrir og meiri en þeir voru bæði árin 2001 og 2008,“ nefnir Jón Bjarki.

**Gerist ekki á einni nóttu**

Valdimar tekur í svipaðan streng og bendir á að umbreyting hagkerfisins á síðustu árum hafi stuðlað að því að Ísland sé að færast nær öðrum ríkjum þegar komi að vaxtastiginu, þó svo að landið verði ekki lágvaxtaland á einni nóttu.

„Það er þessi gjörbreyting á hagkerfinu, sem er nú með jákvæða erlenda stöðu, sem gerir okkur kleift að takast á við samdrátt í hagkerfinu á allt annan hátt en við höfum áður gert,“ segir hann og vísar til þess að Seðlabankinn geti nú, ólíkt því sem áður var, notað peningastefnuna til að milda höggið.

„Bankinn þarf þannig ekki að hafa áhyggjur af því að hann sé að veikja krónuna með því að lækka vexti, eins og stundum hefur verið raunin. Hagstjórnin verður eðlilegri, ef svo má segja,“ bætir Valdimar við.

Konráð segir flest benda til þess að lending hagkerfisins verði mjúk. Í það minnsta mýkri en við höfum átt að venjast. „Verðbólga hefur vissulega aðeins aukist og síðan eigum við eftir að sjá betur á næstu mánuðum áhrifin af samdrætti í ferðaþjónustunni.

En áhrifin verða ekki eins mikil og þekktist sögulega þar sem við höfum horft upp á verðbólguna rjúka upp og gengið falla um tugi prósent. Það er ekkert slíkt í kortunum nema eitthvað óvænt komi upp. Staðan er heilt yfir betri en nokkru sinni áður,“ nefnir Konráð.

Raunvextir hafa lækkað um allan heim undanfarnin ár og áratugi og er Ísland þar ekki undanskilið. Í vörhefti Peningamála, sem Seðlabankinn gaf út samhliða því að hann tilkynnti um vaxtalækkunina, er þó bent á að mismunur raunvaxta hér og í helstu viðskiptalöndum Íslands hafi minnkað að undanförunu – um 1,2 prósentustig frá öðrum fjórðungi síðasta árs – og hafi ekki verið minni síðan á seinni hluta ársins 2013.

Í Peningamálum kemur jafnframt fram að ávöxtunarkrafa á lengstu óverðtryggðu ríkisskuldabréfunum hafi lækkað um tvö prósent frá því að krafan var hæst síðasta haust og sé að jafnaði í kringum fjögur prósent. Langtímavextir hafi ekki verið svo lágir frá því að vaxtamyndun var gefin frjáls á níunda áratug síðustu aldar. Sömu sögu er að segja af verðtryggðum langtímavöxtum sem eru í sögulegu lágmarki.

**Áhrifin smitast til Íslands**

Konráð bendir á að þrátt fyrir spár um hækkandi stýrivexti á stærstu myntsvæðum heims hafi vextirnir haldist lágir og ekki hækkad að ráði nema helst í Bandaríkjunum.

„Og á meðan vextir annars staðar í heiminum eru svona lágir eins og raun ber vitni ættu að vera forsendur til þess að ná þeim niður hér á landi. Áhrifin smitast að miklu leyti til Íslands.“

Hann nefnir að gjörbreytt efnahagsstaða landsins, sem sé orðið nettó lánveitandi við útlönd, með nær engar erlendar skuldir og myndarlegan gjaldeyrisforða, hjálpi verulega til við að milda sveiflur og gera hagkerfið betur í stakk búið til þess að takast á við áföll. Það stuðli að lægra vaxtastigi.

„Seðlabankinn er nú farinn að geta gert það sem honum hefur lengi verið legið á hálsi fyrir að hafa ekki gert, að lækka vexti í niðursveiflu og örva þannig efnahagslífið. Það eru mikil tíðindi,“ segir Konráð.

Hann tekur þó fram að lágir vextir séu ekki markmið í sjálfu sér. Endanlegt markmið hljóti að felast í stöðugri verðbólgu og heilbrigðu efnahagslífi sem birtist svo í lægra vaxtastigi.

„Ég vona að við lendum ekki í sömu vandræðum og mörg ríki í Evrópu hafa þurft að glíma við, þar sem vaxtastigið hefur verið við eða undir núlli. Svo lágt vaxtastig er ekki æskilegt til lengri tíma, heldur



Seðlabankinn er nú farinn að geta gert það sem honum hefur lengi verið legið á hálsi fyrir að hafa ekki gert, að lækka vexti í niðursveiflu og örva þannig efnahagslífið.

Konráð S. Guðjónsson, hagfræðingur Viðskiptaráðs






Við höfum lært mikið frá síðustu niðursveiflu og gert breytingar til batnaðar sem við njótum nú ávaxtanna af.

Jón Bjarki Bentsson, aðalhafgræðingur Íslandsbanka



Þessi gjörbreyting á hagkerfinu, sem er nú með jákvæða erlenda stöðu, gerir okkur kleift að takast á við samdrátt í hagkerfinu á allt annan hátt en við höfum áður gert.

Valdimar Ármann, forstjóri GAMMA Capital Management



**Kjöraðstæður fyrir innviðafjárfestingar**

Valdimar segir tilvalið fyrir ríkið, nú þegar hagkerfið sé farið að kólna og samdráttur víða, t.d. hjá framkvæmdafyrirtækjum í einkageiranum, að ráðast í aðkallandi innviðaframkvæmdir viðsvegar um landið. Ríkissjóður sé vel í stakk búinn til þess.

„Ríkissjóður hefur nýtt uppsveifluna til þess að greiða niður uppsafnaðar skuldir og hefur þess vegna innistæðu fyrir því að ráðast loks í þessar brýnu framkvæmdir. Hagstjórnin, bæði á peningalegu hliðinni og ríkisfjármálahlíðinni, hefur verið góð á síðustu árum – þrátt fyrir að ég hafi gagnrýnt Seðlabankinn fyrir

að halda vöxtum of háum – og nú eigum við nóg inni til þess að koma hagkerfinu aftur af stað. Það mætti líka lita á þessar framkvæmdir, til dæmis í vegakerfinu, að sumu leyti sem fjárfestingu í áframhaldandi stuðningi við ferðaþjónustuna,“ segir Valdimar.

Jón Bjarki tekur í sama streng og segir „heilmikil færi“ fyrir hið opinbera til þess að milda höggið á einkafjárfestingu og mannvirkjageirann með því að bæta tímabundið í innviðafjárfestingar án þess að það stefni fjárhag sveitarfélaga eða ríkisins í mikla hættu. Bæði sé þörfin veruleg og svigrúmið fyrir hendi.

er ástandið víða beinlínis farið að valda vandræðum. En það að þetta hvarfli að okkur – hættan af of lágum eða jafnvel neikvæðum raunvöxtum – segir allt sem segja þarf um gjörbreytta stöðu Íslands,“ segir Konráð.

Jón Bjarki segist telja að vaxtastigið hér á landi verði, þegar fram í sækir, líkara vaxtastiginu í öðrum löndum en áður hefur verið.

„Ein ástæðan er sú að Seðlabankinn hefur meiri möguleika á því að varðveita trúverðuleika peningastefnunnar en bankinn hefur sjálfur

sagt að baráttan við að ná þessum trúverðuleika, sem var mjög ábótavant fyrir nokkrum árum, hafi að hluta skýrt þennan mikla vaxtamun við útlönd. Önnur ástæða, sem kemur ekki til af góðu, er sú að íslenska hagkerfið er einfaldlega að fara að vaxa hægar og í líkari takti við önnur vestræn hagkerfi. Ég tel þó að við séum ekki að fara að horfa upp á neikvæða raunvexti, nema þá rétt í sjónhendingu, af því að horfur hér eru töluvert betri en almennt gengur og gerist til dæmis á

evrusvæðinu, þar sem raunvöxtum hefur verið haldið neikvæðum til þess að ýta undir efnahagslífið. Við erum ekki í þeirri stöðu. Vaxtastigið hér á landi verður væntanlega í herra lagi í fyrirsjáanlegri framtíð en ég tel að það verði mun nær því sem gengur og gerist í heiminum en við höfum séð síðustu áratuginu,“ segir Jón Bjarki.

Hann bendir á að þróun raunvaxta hér á landi hafi í grófum dráttum fylgt þróuninni á alþjóðavísu undanfarna áratugi. Raunvextir hér hafi að jafnaði verið einu og hálfu til tveimur prósentustigum hærrí en í samanburðarríkjum en að þróun vaxtanna hafi verið svipuð þar sem langtímaleitnin hafi verið til lækkunar.

**Endurspeglar vanda**

„Ég bæði tel og vona,“ segir Jón Bjarki, „að vaxtastigið hér fari ekki jafn langt niður og víða í Evrópu, þar sem það er sums staðar neikvætt, því það endurspeglar bara efnahagsleg vandræði. Það er betra að hafa innistæðu fyrir jákvæðum raunvöxtum en að þeir eigi engu að síður eftir að vera að jafnaði talsvert lægri en verið hefur.“

Í áður nefndri yfirlýsingu peningastefnufundarinnar er tekið fram að þótt nýgerðir kjarasamningar á almennum vinnumarkaði feli í sér myndarlegar launahækkningar hafi niðurstaða þeirra verið í

betra samræmi við verðbólgu markmiðið en margir hafi búist við. Verðbólguvæntingar hafi því lækkað á ný en þær hækkuðu umtalsvert þegar leið á síðasta ár og harður tónn var í forkölfum verkalýðshreyfingarinnar.

Aðspurður segir Valdimar að kjarasamningarnir hafi auðveldað Seðlabankanum að lækka vexti. Góð lending í viðræðunum hafi skipt töluverðu máli.

„Það hafði mikla þýðingu að samið var um hóflegar launahækkningar sem eru ekki umfram það sem hagkerfið þolir. Vissulega koma launahækkarnir harkalega niður á sumum fyrirtækjum, sér í lagi þeim sem eru á sama tíma að takast á við fækkun ferðamanna, en niðurstaðan fyrir heildina virðist hafa verið innan marka þess svigrúms sem er fyrir hendi þannig að Seðlabankinn getur stutt á móti með lækkun vaxta,“ segir hann.

Valdimar nefnir að ef vaxtalækkarnir eigi að skila sér almennilega til heimila og fyrirtækja þurfi Seðlabankinn og stjórnvöld að skoða leiðir til þess að draga úr kostnaði bankakerfisins. Stífar eiginfjárfærur og há opinber gjöld leiði til þess að bankarnir þurfi að vera með mikinn vaxtamun á innlánum og útlánunum.

Tækifæri sé fyrir stjórnvöld til að minnka vaxtamuninn og stuðla þannig að lægri vöxtum.



# Umhverfismálin munu hafa mikil áhrif

## Svipmynd

Magnús Orri Schram

### Menntun:

Ég er með BA-próf í sagnfræði frá HÍ 1997 enda var planið að búa til heimildarmyndir, en svo fór ég smátt og smátt í rekstur og tók MBA-gráðu frá HR 2003.

### Störf:

Ég hef starfað í fjölmiðlum, sölu- og markaðsmálum, og sem frumkvöðull, þingmaður og ráðgjafi hjá Capacent en síðustu árin hef ég verið í forsvari fyrirtækis sem vinnur að uppbyggingu ferðaþjónustu í Þjórsárdal.

### Fjölskylduhagir:

Ég er giftur Herdísí Hallmarsdóttur lögmanni, sem stundar MBA-nám við CBS. Við eigum Sigríði Mariu, 25 ára, sem er að ljúka meistaraáráðu í lögfræði og hefur nám við Stanford í haust, og Hallmar Orra, 20 ára stúdent sem núna er að vinna í Kaupmannahöfn, en hefur nám í verkfræði í haust.

**M**agnús Orri Schram, fyrrverandi þingmaður, hefur undanfarið verið í forsvari fyrirtækis sem vinnur að uppbyggingu á ferðaþjónustu í Þjórsárdal. Hann segir mikilvægt að Ísland verði áfangastaður þar sem ferðamenn geti verið umhverfisvænni en heima hjá sér.

*Hver eru þín helstu áhugamál?*

Við búum nálægt Heiðmörk og það er lúxus að hreyfa hunda okkar hjóna í þeirri náttúruverlu. Þá er ég smátt og smátt að falla fyrir fjallahjólum sem er hrikalega skemmtilegt sport. Síðustu fimm árin hef ég verið í stjórn UN Women á Íslandi. Í kjölfar MeToo hef ég farið mjög víða og flutt erindi um jafnréttismál og hvernig við karlmenn getum lagt okkar af mörkum til að jafna stöðu kynjanna. Ætli ég sé ekki búinn að freista þess að reyna að gera riflega þrjú þúsund manns að femínistum á þessum tíma! Það er stórkostlegt að finna hvernig fólk er sífellt að verða móttækilegra fyrir mikilvægi jafnréttis og erum við hjá UN Women mjög þakklát fyrir þann stuðning sem samtökin finna fyrir.

*Hvernig meturðu stöðuna í ferðaþjónustu?*

Í nokkur ár hef ég starfað í ferðageiranum og fram undan eru miklar áskoranir en um leið gefst góður tími til að skýra fókus og stefnu, bæði hjá fyrirtækjunum og í greininni í heild. Ég hef leitt stórt verkefni í Þjórsárdal, bæði við Reykholt þar



Magnús Orri segir að Íslendingar verði að vera meðvitaðir um kolefnislosun í samgöngum og vaxandi flugvískubit ferðalanga. FRÉTTAHLAÐIÐ/ERNIR

**Min skoðun er sú að við eigum að snúa þessum veikleikum upp í styrkleika og vera í fararbroddi í kolefnislausum ferðalögum.**

sem er heit uppspretta og var rekin sundlaug á sínum tíma, og svo einnig í Hólaskógi. Við undirbúning og hönnun leggjum við mikið upp úr umhverfismálum en ég tel að slík nálgun muni skipta öllu fyrir ferðaþjónustu framtíðarinnar á Íslandi. Úti um allt viðskiptalífnið munu umhverfismál hafa mikil áhrif á næstu árum, og þar er ferðaþjónustan ekki undanskilin. Við verðum að vera meðvituð um kolefnislosun flugvéla og samgangna, og vaxandi flugvískubit ferðalanga og hvaða áhrif það hefur á ferðamynstur. Mitt mat er að fólk mun væntanlega

koma sjaldnar til Íslands en dvelja lengur.

*Hvernig eigum við að bregðast við þessari þróun?*

Min skoðun er sú að við eigum að snúa þessum veikleikum upp í styrkleika og vera í fararbroddi í kolefnislausum ferðalögum. Við getum gert Ísland að áfangastað þar sem ferðalangurinn geti verið umhverfisvænni en heima hjá sér. Þannig á gesturinn að upplifa heimsókn til Íslands sem framlag sitt til að gera heiminn betri. Þannig nálgumst við að minnsta kosti verkefnið okkar í Þjórsárdal.

*Hvað hefurðu lesið nýlega sem er áhugavert?*

Ég les mjög mikið og er sífellt að leita að góðum bókum um samfélagsmál og viðskipti. Ég ráðlegg öllum sem ég hitti að lesa Sapiens eftir Harari. Ég vil ekki yfirsela hana en hún hafði mikil áhrif á mig á svo mörgum sviðum – til dæmis lét ég loksins verða af því að segja mig úr Þjóðkirkjunni eftir lesturinn! Margar viðskiptabækur eru algert drasl en þar leynast perlor og ein er sérstaklega falleg – það er bók Yvon Coulthard – Let my people go surfing – stofnanda Patagoniu. Óhefðbundin bók en það er ótrúlegt hvað

sá maður var langt á undan sinni samtíð.

Talandi um framtíð. Í mínu fyrsta starfi sem ráðgjafi hjá Capacent var ég mikið að skoða strauma og stefnur (trend) og ráðleggja stjórnendum hvað væri að gerast á neytendamarkaði. Stundum rætast svona framtíðarspádómar og stundum ekki en við getum gengið að því visu að einn straumurinn mun bara vaxa og vaxa. Það eru umhverfismálin. Því það er alveg ljóst að ef einhver telur að umhverfismál séu mikið í umræðunni núna – hvernig haldið þið að þetta verði eftir tvö ár – eða fimm ár? Því fyrir sem þú eða þitt fyrirtæki fer af stað, því betur ertu í stakk búinn til að takast á við framtíðina og þannig nútíðina. Ad mínu mati er það þess vegna sem Krónan er að hafa betur en Hagkaup um þessar mundir, og Skeljungur lagði Olís þegar rétt var um fækkun bensínstöðva. Skeljungur fagnaði framtakinu og tók sér um leið stöðu með framtíðinni á meðan Olís fór í vörn.

*Þú hefur líka verið að kenna, ekki satt?*

Undanfarið ár hef ég kennt frumkvöðlafræði (Entrepreneurship) í MBA-náminu við Háskólann í

Reykjavík. Ég legg mikið upp úr lífandi kennslu, við heimsækjum fyrirtæki, fáum frumkvöðla í heimsókn og nemendur hlusta á hlaðvörp (podköst) þar sem einstaklingar segja frá sigrum og ósigrum í fyrirtækjarekstri. Hluti kúrsins er unninn í samvinnu við Icelandic Startups, en við bjóðum fyrirtækjum sem hafa síðustu ár tekið þátt í viðskiptahröðlum þeirra, að vinna með MBA-nemendum sem gerast ráðgjafar frumkvöðlanna og leiðbeina þeim um til dæmis fjármál, sölumál eða stefnumótun. Bæðir hópar hagnast mikið á þessari samvinnu. Fyrirtækin fá beint í æð allt það besta og nýjasta úr fræðunum og nemendurnir fá tækifæri til að vinna með fólki sem er að takast á við alvöru vandamál. Það er mikill munur á slíku og að lesa um viðfangsefni í viðskiptabókum.

Seinni hluti kúrsins fer svo fram í Boston. Þá heimsækjum við fyrirtæki í borginni og sitjum í tímum hjá einum fremsta nýsköpunarháskóla í heimi – Babson University. Við erum nýkomin heim frá Boston og að þessu sinni heimsóttum við Amazon, Google og MIT-háskólann ásamt því að stúdera frumkvöðlafræði í Babson.

## Við ráðum vel við þetta



Björn Berg Gunnarsson  
fræðslustjóri  
Íslandsbanka

verð fækkun ferðamanna og loðnubrestur. En góðu fréttirnar eru að við eigum fyrir þessu öllu saman.

### Með belti og axlabönd

Eftir 7 ára samfelld hagvaxtarskeið er ákaflega ánægjulegt að því ljúki, um sinn, án nokkurrar teljandi þynnkun. Vöxturinn hefur ekki verið tekinn að láni, ekki hefur verið gengið með ósjálfbærum hætti á auðlindir og hér eru allar aðstæður til að hagvöxtur verði aftur ásættanlegur strax á næsta ári. Heimili, fyrirtæki og sveitarfélög hafa haldið að sér höndum í skuldsetningu, sparnaður aukist og Seðlabankinn er barmafullur af gjaldeyri. Þar að auki eigum við umtalsverðar eignir umfram skuldir erlendis. Við höfum því heilmikið svigrúm fyrir einstaka magurt ár.

Í fyrrasumar voru heimili og

fyrirtæki þegar farin að undirbúa sig fyrir mögulegt bakslag. Hratt dró úr vexti einkaneyslu og fjárfestingaráformum. Þessu ber að fagna, jafnvel af enn meiri innlifun en 0,5 prósentustiga vaxtalækkun, enda merki um að við sýnum talsvert meiri ráðdeild en oft áður.

En hvað ætlum við að gera þegar hjól atvinnulífsins spóla aftur af stað? Vöðum við fram úr okkur með skuldsetningu og óhóflegum launahækkunum og fylgir nýr seðlabankastjóri og peningastefnunefnd á harðaspretti með itrekudum vaxtahækkunum og allt springur í loft upp? Undanfarið áratugur gefur í það minnsta ástæðu til nokkurrar bjartsýni varðandi hluta þessara þátta. Það skyldi þó aldrei verða að hófsemi og skynsemi verði hér allsráðandi á nýju hagvaxtarskeiði, með lágum vöxtum öllum til heilla?

## Fjárfestingartækifæri í Smáralind

Lögmenn Kirkjutorgi kynna einstakt fjárfestingartækifæri í Smáralind, veitingastaðinn O'Learys sem er hluti af hinni vinsælu veitingahúsakeðju.

Glæsilegur veitingastaður sem var opnaður í desember 2017.

Rekstur með mikla möguleika.

Nánari upplýsingar veitir Jónas Örn Jónasson  
í síma 7708200 eða jonas@logmennk.is

O'Learys



LÖGMENN  
KIRKJUTORGI

# Beiti sér gegn loftslagsbreytingum

Sérfræðingur segir að tengsl séu á milli ábyrgra fjárfestinga og betri ávöxtunar. Stefnusmiðir kalli í meira mæli eftir upplýsingum um hve ábyrgar fjárfestingar séu. Fjármálastofnanir séu undir auknum þrýstingi á að haga sér með ábyrgum hætti eftir fjármálalárun.

Helgi Vífill  
Júliusson  
helgivifill@frettabladid.is



Það er aðkallandi að taka upp ábyrgar fjárfestingar í ljósi loftslagsbreytinga,“ segir Frakkinn Benoit Chéron, fjármálaráðgjafi hjá X.Fin. Ekki sé hægt að takast á við umhverfisvandann án þess að fjárfestar leggi hönd á plóg.

„Æðsta vísindanefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna, IPCC (Intergovernmental Panel on Climate Change), telur að við höfum tólf ár til þess að koma í veg fyrir þær náttúruhamfarir að hitinn aukist um 1,5 gráður á Celsius,“ segir hann.

Ábyrgar fjárfestingar taka mið af umhverfinu, félagslegum þáttum og stjórnarháttum við fjárfestingarákvarðanir. Markmiðið er að draga úr áhættu og skila sjálfbærri ávöxtun til langs tíma.

Félagsleg viðmið lúta að því hvernig komið er fram við starfsfólk, birgja, viðskiptavini og samfélagið. Stjórnarhættir snúa til dæmis að stjórnun fyrirtækja, launum stjórnenda, innra eftirliti, hagsmunarárekstrum, spillingu og réttindum hluthafa.

„Sumir fjárfestar horfa einungis til fyrirtækja sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið og umhverfið í stað þess að sneiða einvörðungu fram hjá þeim sem framleiða eða selja skaðlegar vörur eins og tóbak,“ segir Chéron.

## Betri ávöxtun

Hann segir að rannsóknir sýni að tengsl séu á milli ábyrgra fjárfestinga og betri ávöxtunar að meðaltali en að aðferðafræðin dragi úr hættunni á skakkaföllum. Enn fremur geti fjárfestar kosið að fjárfesta í fyrirtæki sem hafi tiltekinn áhættuþátt en þá sé fjárfestirinn meðvitadur um það og geti gripið til aðgerða. Til dæmis fundið leiðir til að selja úrgang sem myndast við starfseminu til einhvers sem nýtir hann á uppbyggilegan máta. Fyrirtæki sem rekin séu eftir þessari aðferðafræði hugi að því að kynja hlutföll stjórnenda séu jöfn sem leiði til betri árangurs.

Lífeyrissjóðir horfi ekki til þess að fjárfesta til þriggja ára heldur 20-30 ára og því sé æskilegt að þeir líti til áhættunnar sem skapist af loftslagsbreytingum. Þær leiða meðal annars til aukinnar hættu á flóðum. „Loftslagsbreytingar gætu



„Ég veit ekki hvað við munum búa hér lengi, við bjuggum í tólf ár í Lúxemborg. Hver veit nema við verðum hér í fimm til tíu ár,“ segir Benoit Chéron, fjármálaráðgjafi hjá X.Fin, sem fluttist til Íslands í fyrra. FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

Loftslagsbreytingar gætu leitt til þess að fjárfestar tapi háum fjárhæðum.

## Fluttu til Íslands eftir tólf ár í Lúxemborg

Benoit Chéron flutti til Íslands síðastliðið sumar ásamt eiginkonu sinni, innanhússtíllanum Caroline Chéron sem rekur Bonjour hér á landi, og þremur börnum sem ganga í alþjóðlegan skóla í Garðabæ. Þau bjuggu áður í Lúxemborg. Hann starfaði á fjármálamarkaði í 16 ár við eignastýringu og framtaksfjárfestingar. Síðast var hann meðeigandi og fjármálastjóri í Emerging Markets Partner sem stýrir 400 milljónum evra, jafnvirði 55 milljarða króna.

„Ég veit ekki hvað við munum búa hér lengi, við

bjuggum í tólf ár í Lúxemborg. Hver veit nema við verðum hér í fimm til tíu ár. Það er ekkert plan,“ segir hann og veltir því upp gáskafullur að ævintýrið að flytja til Íslands tengist því að hjónin séu orðin miðaldra.

Um þessar mundir er hann að vinna með einu sérhæfðu fyrirtæki í eignastýringu að ábyrgum fjárfestingum. Hann sækist eftir samstarfi við lífeyrissjóði en verkefnið sé flóknara fyrir þá því þeir fjárfesti í mörgum eignaflokkum.

Sumir fjárfestar horfa einungis til fyrirtækja sem hafa jákvæð áhrif á samfélagið í stað þess að sneiða einvörðungu fram hjá þeim fyrirtækjum sem framleiða eða selja skaðlegar vörur eins og tóbak.

leitt til þess að fjárfestar tapi háum fjárhæðum,“ segir hann.

Chéron segir að frá fjármálaláruni hafi fjárfestar og fjármálastofnanir verið undir auknum þrýstingi frá samfélaginu um að fjárfesta með skynsamlegum hætti. Það hafi meðal annars leitt til þess að ábyrgum fjárfestingum hafi vaxið fiskur um hrygg. „Orðsporið skiptir máli,“ segir hann.

Að hans sögn hafi stefnusmiðir ýmissa landa auk þess krafnið stofnanafjárfesta í auknum mæli um að greina frá áhrifum þeirra á umhverfið og samfélagið. Frakkland gerir þá kröfu til stofnanafjárfesta að greina frá í ársskýrslu með hvaða hætti tekið sé tillit til loftslagsbreytinga og félags- og umhverfisþátta og stjórnarháttanna við fjárfestingar.

## Algjörlega hnökralaust

Vodafone hentar mínum rekstri best. Þau hafa þjónustað okkur með allt sem þarf, algjörlega hnökralaust.

Nánar á [vodafone.is/fyrirtaeki](http://vodafone.is/fyrirtaeki)

Framtíðin er spennandi.

## Ertu til?

vodafone  
fyrirtæki

# Alltaf til taks

## Skotsilfur



### Fóru gegn nefndinni

Nokkra athygli vakti á mánudag þegar hluthafar Skeljungs fóru gegn tillögu tilnefningarnefndar félagsins og kusu Þórarín Arnar Sævarsson, svæðisstjóra RE/MAX á Íslandi, í stjórnina í stað Baldurs Más Helgasonar, framkvæmdastjóra viðskipta hjá Regn, sem sóttist eftir endurkjöri. Er það í fyrsta sinn, eftir því sem Markaðurinn kemst næst, að hluthafar skráðs félags fari ekki eftir tillögu tilnefningarnefndar eftir að slíkar nefndir fóru að ryðja sér til rúms hér á landi. **Jón Ásgeir Jóhannesson**, nýr varaformaður stjórnar Skeljungs, fékk flest atkvæði í stjórnarkjörinu.



### Færði sig til Íslandsbanka

Skeljungur, undir stjórn **Hendriks Egholm**, færði viðskipti sín til Íslandsbanka í vor eftir að fyrri viðskiptabankinn, Arion banki, ákvað að nýta heimild í samningi sínum við oliufélagið til hækkunar á vaxtaálagi. Ákvörðun bankans ætti ekki að koma á óvart enda hafa stjórnendur hans sagst nú leggja, einkum í ljósi dræmrar afkomu af fyrirtækjalánum, æ ríkari áherslu á að ná fram viðunandi arðsemi í stað þess að elta markaðshlutdeild.



### Margrét til SFF

**Margrét Arnheiður Jónsdóttir**, sem hefur starfað síðustu ár sem lögfræðingur hjá VÍS, hefur gengið til liðs við Samtök fjármálafyrirtækja. Margrét, sem lauk meistaragráðu frá lagadeild Háskóla Íslands árið 2007, starfaði á skrifstofu forstjóra VÍS og við regluvörslu fyrir tryggingsfélagið frá árinu 2011 til 2018 en þar áður sinnti hún lögfræðistörfum í stjórnsýslunni. Hún lauk auk þess prófi í verðbréfamiðlun árið 2013.



## Sameining Fiat Chrysler og Renault í burðarliðnum



Hlutabréfi ítalísk-bandaríska bílaframleiðandans Fiat Chrysler Automobiles snarhækkuðu í verði eftir að forsvarsmenn framleiðandans lögðu til 33 milljarða evra sameiningu við franska bílaframleiðandann Renault á mánudag. Sameinað fyrirtæki yrði þriðji stærsti bílaframleiðandi heims með framleiðslu upp á 8,7 milljónir bíla á ári en ítalska Agnelli-fjölskyldan og franska ríkið yrðu stærstu hluthafar bílaframleiðandans. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

# Rukkað fyrir hagræðingu



**Örn Arnarson** sérfræðingur hjá Samtökum fjármálafyrirtækja

Fyrir nokkrum mánuðum skiluðu skattgreiðendur framtali síðasta árs til ríkisskattstjóra. Rétt eins og allar götur frá aldamótum telja flestir fram með rafrænum hætti enda hefur embætti ríkisskattstjóra löngum verið í fararbroddi þegar kemur að því að innleiða stafrænar lausnir til þess að bæta þjónustuviðmót stjórnsýslunnar. Þannig tekur það einungis fáeinir mínútur að fara yfir framtalið og skila því inn. Af er það sem áður var þegar gerð framtalsins var tímafrek barátta við endalaust pappírflóð.

Fjármálafyrirtæki eru á þessari sömu vegferð og hefur innreið fjartækninnar á undanförunum árum hraðað för. Stafrænar lausnir hafa umbreytt þjónustu fjármálafyrirtækja við viðskiptavinina. Í dag er

hægt að sækja um lánaþingreiðslu í gegnum netið á nokkrum mínútum. Fyrir nokkrum árum kallaði slíkt á fjölmargar ferðir viðskiptavina í útibú og stofnanir til að safna vídeigandi gögnum.

Í þessu felst verulegt hagræði og tækifæri eru að myndast til þess að lækka kostnað í fjármálakerfinu viðskiptavinum þess til hagsbóta. En til þess þurfa allir, viðskiptalífíð og stjórnsýslan, að leggja saman á eitt.

#### Eykur á kostnað

Það eru allar líkur á því að fjartækni og framþróun stafrænnar tækni muni leiða til enn frekari grundvallarþrýtinga á því með hvaða hætti fjármálaþjónusta verður veitt þegar fram í sækir. Það er mjög mikilvægt að umgjörð þessarar þróunar sé með þeim hætti að tryggt verði að viðskiptavinir fjármálafyrirtækja njóti góðs af og að hún fullnýti þá hagræðingu sem er innan seilingar. Því miður hafa fjármálafyrirtækin verið að reka sig á að opinberar stofnanir haga ekki alltaf málum með þessum hætti.

Þrátt fyrir að einstaklingar geti sótt upplýsingar frá stofnunum á borð við ríkisskattstjóra og þjóð-



**Stafrænar lausnir hafa umbreytt þjónustu fjármálafyrirtækja við viðskiptavinina. Í dag er hægt að sækja um lánaþingreiðslu í gegnum netið á nokkrum mínútum.**

skrá án endurgjalds þá er innheimt sérstakt gjald ef fjármálafyrirtæki sækir þessar sömu upplýsingar til þessara stofnana fyrir hönd viðskiptavina í tengslum við lánaþingreiðslu á netinu svo dæmi sé tekið. Þar sem stærsti hluti viðskiptavina fjármálafyrirtækja kys að sækja sína fjármálaþjónustu með

stafrænum hætti eru til að mynda viðskiptabankar farnir að greiða verulegar upphæðir vegna aðgangsupplýsinga á borð við skattskýrslur og fasteignamat þegar kemur að lánaþingreiðslu. Þetta eykur á þann kostnað sem hlýst við að þjóna viðskiptavinum með stafrænum hætti með óþarfa hættu. Þetta fyrirkomulag vinnur einnig gegn þeim heilbrigðu hvötum sem hin stafræna þróun og fjartækniþynging myndar til að gera fjármálaþjónustu skilvirkari neytendum til hagsbóta.

#### Hámarki hag viðskiptavina

Á undanförunum árum hefur mikið verið rætt um hina svokölluðu fjórðu iðnbýltingu á vettvangi atvinnulífs og hins opinbera. Í því samhengi er brýnt að hafa í huga að umbylting er að eiga sér stað vegna framþróunar stafrænnar tækni, hvaða nafni sem menn kjósa að kalla hana. Það er löngu tímabært að stjórnvöld og þjónustufyrirtæki á borð við fjármálafyrirtæki hefji samtál um þessi mál. Það samtál þarf að snúast um hvernig beri að haga fyrirkomulagi þess þegar fyrirtæki þurfa sækja gögn til hins opinbera og markmiðið ætti að vera hámarka hag viðskiptavina.

## Skjótvirk leið til þess að lækka vexti

### SKOÐUN

Kristinn Ingi Jónsson



Sú ákvörðun peningastefnufélagar Seðlabanka Íslands að lækka stýrivexti bankans um hálf prósentustig markar á vissan hátt tímamót í íslenskri hagsögu. Ólíkt því sem áður hefur þekkt gerir gjörbreytt staða Íslands – sem er orðið fjármagnsinnflytjandi með viðvarandi viðskiptaafgang – bankanum kleift að nota eitt

af stýrivextum sínum – vextina – til þess að mýkja lendingu hagræðisins í stað þess að þurfa að hækka vextina til þess að sporna gegn gengisfalli krónunnar, eins og gerðist fyrir liðlega tíu árum.

Vaxtalækkun peningastefnufélagarinnar nú á miðju samdráttarskeiði – en bankinn gerir ráð fyrir 0,4 prósentu samdrætti í ár eftir 4,6 prósentu hagnöxt í fyrra – er þannig einkar ánægjuleg og gefur vonandi fyrirheit um að áfram verði haldið í að minnka vaxtamun við útlönd. Allar forsendur standa til þess að vextir hér færast nær vaxtastiginu í þeim ríkj-

um sem við berum okkur gjarnan saman við.

En stýrivextir eru aðeins eitt af þeim stýrivextum sem Seðlabankinn og stjórnvöld geta gripið til í því skyni að tryggja stöðugleika. Það þýðir lítt að leggja mat á aðhald peningastefnunnar ein-göngu út frá raunstýrivaxtastiginu á meðan fjölmargir aðrir þættir hafa áhrif á vexti í bankakerfinu.

Í þessu sambandi er nærtækt að nefna þær stífu eiginfjárkröfur sem gerðar eru til bankanna sem og þá séríslensku skatta – bankaskatt, almennan fjársýsluskatt á laun og sérstakan fjársýsluskatt á hagnað

– sem leggja á þá en báðir þessir þættir skila sér í auknum kostnaði í bankakerfinu og stuðla þannig að hærri útlánvöxtum.

Til marks um það var meðal annars tekið fram í minnisblaði sem Bankasýslan tók saman fyrir starfshóp sem skrifaði nýverið hvítbók um fjármálakerfið að tíu prósentu lækkun á eftirlitsgjaldi til Fjármálaeftirlitsins auk helmingslækkunar á fjársýsluskatti á laun annars vegar og hagnað umfram milljarð króna hins vegar gæti lækkað vaxtamun vaxtaberandi eigna og skulda bankanna úr 2,6 prósentum í 2,3 prósent.

Til viðbótar telur Bankasýslan að lægri eiginfjárkröfur og aukin hagræðing geti leitt til þess að vaxtamunurinn fari niður í allt að 2,1 prósent.

Íslenska ríkið setur leikreglurnar á bankamarkaði og hefur það því í hendi sér að draga úr kostnaði í bankakerfinu og skapa þannig skilyrði fyrir lægri vexti. Lækkun stýrivaxta er góðra gjalda verð en fljótlegasta leiðin til þess að ná fram lægra vaxtastigi væri að draga úr kröfum um eigið fé bankanna og færa skattaumhverfi þeirra til samræmis við það sem gengur og gerist í samkeppnisríkjunum.

# Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali

frá 4.995

Hjólafesting á bíl



8.995

Loftdæla OMEGA 12V 30L

Álskóflur



frá 1.999



Sonax hreinsivörur á frábæru verði



Háprýstidæla 1200W 100Bör  
9.999



4.895

Viðgerðarbretti




Hjólattjakkur 2T m/tösku  
3.795



Öflugar háprýstidælur 165Bör 2100W  
22.999



Háprýstidæla 1400W 105Bör  
14.999



6T Búkkar 605mm Par  
9.999



frá 1.495  
Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



Lunchbox útvark ryk/regn/frostpólið

24.995




Ruslapokar 10,20,50stk

frá 395



frá 395  
Ruslatínur

Frábært úrval af dragböndum/ströppum



Hjólbörur 100kg

3.995



Laufahrífur

frá 999



Skóflur frá 995



Strákústar 685

Myndlistavörur í miklu úrvali



34.995

Verkfæraskápur á hjólum

59.995

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

Mikið úrval af verkfæratöskum

frá 795



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle  
6.985



4.985

Skrall-lyklar 8-17



13.995

Flísa sög 80mm

Scanslib Hverfisteinn

frá 19.995



5.999

Fjölsög Höfftech



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



14.999

Hjólsög GMC 1200W



19.995

Súluborvél 350W (m/skrúfstykki)



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.999

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

## Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@simnet.is  
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

## Stjórnar- maðurinn



## Misvísandi fordæmi

Fall WOW air var óumflýjanlegt þegar í september 2018 að mati Stefáns Einarssonar, fréttastjóra viðskipta á Morgunblaðinu, sem skrifað hefur bók um ris félagsins og fall. Jafnframt kemur fram í bókinni að um helmingur þess fjár sem safnaðist í skuldabréfaútböðinu haustið 2018 hafi verið tilkomin með umbreytingu skulda sem þegar hafi verið til komnar. Með öðrum orðum, einungis helmingur þess sem safnaðist kom inn í formi reiðufjár og nýttist því í tilraunum til að leysa lausafjár vanda félagsins. Efsatt reynist hlýtur að teljast líklegt að útböðin hafi einhver eftirmál, enda entist WOW ekki líf til að standa skil á greiðslum á fyrsta vaxtagjaldsdaga skuldabréfanna. Kaupendur mega þó ekki gleyma að líta inn á við og spyrja sig hvað fór úrskeiðis við áreiðanleikakannanir. Skuldabréfaeigendur voru jú full-orðið og sjálfráða fólk.

Hvað sem slíkum bollaleggingum liður er athyglisvert að velta fyrir sér því mati bókarhöfundar að WOW hafi verið óbjargandi strax um haustið. Þá gekk í garð rúmlega hálf tveggja ár þar sem félagið reri lífróður á forsiðum dagblaðanna. Sennilegt er að sjaldan hafi eitt félag háð dauðastrið yfir lengri tíma og fyrir jafn opnum tjöldum. Gjaldþrot bankanna, til samanburðar, bar þrátt fyrir allt til-tölulega brátt að í samanburði, þótt ýmsir hafi þóst vitrir eftir á.

Í báðum tilvikum er þó hægt að velta fyrir sér aðkomu ríkisins. Í tilfalli bankanna var um misheppnadar grundvallaraðgerðir að ræða. Íslenska örmyntin og Seðlabanki sem var í vonlausri stöðu þegar kreppti að. Þegar til kastanna kom fékk ríkið því ekkert við ráðið. Hafði engin verkfæri. Hvað WOW varðar hafði ríkið hins vegar örlög þess í hendi sér og hefði auðveldlega getað gripið inn í. Til dæmis með því að leggja WOW til fé og vinda niður starfsemi þess í rólegheitum, eins og þýska ríkið gerði í tilvikum Air Berlin. Hins vegar var það ákvörðun ríkisstjórnarinnar að aðhafast ekkert.

Því má segja að meginmunurinn sé sá að í bankahruninu tróð ríkið marvaða á lokametrunum þrátt fyrir að sennilega væri aldrei möguleiki að bönkunum yrði bjargað. Í WOW-málinu hafði ríkið öll tromp á hendi en ákvað að aðhafast ekkert. Í raun hefur ekkert komið fram um hvort þar var um að ræða hugmyndafræðilega afstöðu eða hreint úrræðaleyfi. Fordæmin eru hins vegar misvísandi og því eðlilegt að velta því fyrir sér hver verði afstaða stjórnvalda næst þegar þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki lenda í bobba.



## Álver Rio Tinto tapaði ríflega fimm milljörðum

Álver Rio Tinto í Straumsvík var rekið með tapi upp á 42,1 milljón dala, jafnvirði um 5,2 milljarða króna miðað við núverandi gengi, á síðasta ári, samkvæmt nýjum ársreikningi álversins. Til samanburðar tapaði álverið 3,3 milljónum dala árið 2017.

Söluþekjur Rio Tinto á Íslandi námu ríflega 555 milljónum dala, sem jafngildir um 69 milljörðum króna, á síðasta ári og jukust um 6,5 prósent frá fyrra ári þegar þær voru 521 milljón dala. Hins



Rannveig Rist, forstjóri Rio Tinto á Íslandi.

vegar jukust rekstrargjöld álversins um tæp 15 prósent í fyrra og voru um 600 milljónir dala, eða um 74 milljarðar króna, á árinu.

Í skýrslu stjórnar er tekið fram að markaðsaðstæður hafi verið mjög krefjandi í fyrra og álverð lágt en hins vegar hafi eftirspurn eftir afurðum álversins reynst góð. Framleiðslumet var sett í kerskálum þegar tæplega 213 þúsund tonn voru framleidd en á móti dróst framleiðsla saman í steypuskála. – kj

28.05.2019

Mér sýnist afskaplega sennilegt að þegar komið var að þeim tíma þegar útböðin klárast í september 2018 hafi verið orðið um seinan að bjarga félaginu.

Stefán Einar Stefánsson, fréttastjóri viðskipta á Morgunblaðinu



## Verðmæti

**Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar**

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.

PwC | Sími 550 5300 | [www.pwc.is](http://www.pwc.is)

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðisþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvalsóllur | Vestmannaeyjar



# Happaskórnir eyðilögðust

Jack Grealish, leikmaður Aston Villa, vakti athygli fyrir skótátt sinn í leiknum um laust sæti í ensku úrvalsdeildinni. Hann var í þeim vegna hjátrúar en seint verður sagt að skórnir hafi verið nýir og flottir.

**FÓTBOLTI** Fótboltamenn víða um heim vilja frekar líta vel út og tapa en að líta illa út og vinna. Nýir skór, ný klipping, teip á réttum stöðum og jafnvel húðflúr í anda Davids Beckham sjást víða um velli heimsins.

Jack Grealish, stjarna Aston Villa, er öðruvísi en margir en hann er á skósamningi við Nike og hefur verið í sömu Phantom III skónum ansi lengi. Það vakti því athygli þegar leikmenn voru kynntir til leiks að skórnir hans Grealish voru nánast ónýtir en hjátrú orsakaði að hann klæddist þeim.

„Ég kom til baka eftir meiðsli og þá voru skórnir reyndar í góðu ásigkomulagi. Ég náði að skora nokkur mörk og leggja upp svo ég hugsaði að þetta væru mínir happaskór. Ég yrði að halda áfram að spila í þeim,“ sagði Grealish eftir leik en hann var gerður að fyrirlíða skömmu eftir að hann sneri aftur.

Happaskórnir skiluðu Aston Villa upp í efstu deild en 10 leikja sigurrína tryggði sæti í umspilinu og liðið vann sér sæti í efstu deild á ný eftir þriggja ára fjarveru með sigrinum á Derby á mánudag. Grealish

## Jack Peter Grealish

**Fæddur:** 10. september 1995

**Leikir með Aston Villa:** 115

**Mörk:** 13

**7** sinnum var hann valinn maður leiksins.

**13 sæti** var Aston Villa í þann 1. mars. Liðið vann **10** leiki í röð og komst í umspilið þar sem það vann Derby County.

spilaði alla leikina í skónum góðu sem því miður fyrir hann eyðilögðust algjörlega í fögnuðinum.

Þetta er ekki eina hjátrú Grealish en hann er einnig þekktur fyrir Ásgeirs Sigurvins-lúkkið – því það er eins og hann spili ekki með legg-hlífar. Hann spilar með barnalegg-hlífar því í barnæsku minnkuðu sokkarnir hans og í kjölfarið spilaði hann vel. „Sokkarnir eiga að fara yfir kálfana og stundum hafa dómara reynt að benda á þá staðreynd en ég verð að hafa þetta svona. Þetta er hjátrú sem byrjaði snemma og ég verð að hafa sokkana svona,“ sagði Grealish. [benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is)



Grealish er greinilega mjög hjátrúfullur en fyrir utan að spila í nánast handónýtum skóm var hann að sjálfsögðu með barnalegg-hlífarnar um sköflunginn og sokkana niðri. Nokkuð sem hann neitar að breyta. NORDICPHOTOS/GETTY

## Nýr og spennandi Hyundai i20.

Verð frá:  
**2.290.000 kr.**



### Sýndu skynsemi. Veldu nýjan i20.

Nýr i20 er fánlegur með sjálfvirkri neyðarhæmlun, akreinavara og sjálfvirkri hækkun og lækkun aðalljósa. Innréttingin hefur fengið nýtt og vandaðra yfirbragð, nýr 7" snertiskjár nýtir sér fullkomnustu margmiðlunartækni á borð við Apple CarPlay™ og Android Auto™.

Verið velkomin að reynsluaka nýjum og glæsilegum Hyundai i20.

**HYUNDAI**

**5** ÁR  
**ÁBYRGÐ**  
ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | [www.hyundai.is](http://www.hyundai.is)

# TÍMAMÓT



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,  
**Svanhildur Árney Ásgeirsdóttir**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð 27. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 31. maí kl. 13.00.

**Theodóra Á. Svanhildardóttir** **Sigmar G. Guðbjörnsson**  
**Aðalheiður Svanhildardóttir** **Snorri Björn Arnarsson**  
**Tómas Sveinbjörnsson** **Guðborg Kolbeins**  
**Valtýr Reginsson** **Ingibjörg Pétursdóttir**  
**Kolbeinn Reginsson** **Ingvaldur M. Kjartansdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Þórólfur Jónsson**

fyrirverandi aðalbókari, Rafmagnsveitum ríkisins, Drápuhlíð 35, Reykjavík,

lést að morgni sunnudagsins 26. maí. Jarðsungið verður frá Háteigskirkju miðvikudaginn 5. júní kl. 15.00.

**Hulda Guðrún Þórólfsdóttir** **Elfar Bjarnason**  
**Haukur Þórólfsson**  
**Anna Laxdal Þórólfsdóttir**  
**Friðný Heiða Þórólfsdóttir**  
**Sonja, Guðný, Þórólfur, Ingvar, Rúnar, Þorsteinn Jökull, Heiða og Emma**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Hulda Ósk Skarphéðinsdóttir**

Baughóli 8, Húsavík,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans miðvikudaginn 22. maí. Útförin fer fram frá Húsavíkurkirkju föstudaginn 7. júní kl. 14.00.

**Ómar Sigurvin Vagnsson**  
**Hólmfríður Lillý Ómarsdóttir** **Pétur Guðmundsson**  
**Skarphéðinn Ómarsson** **Linda Arilíusdóttir**  
**Sólveig Ómarsdóttir** **Jón Helgi Vigfússon**  
**Ómar Gunnar Ómarsson** **Hulda Rósa Þórarinsdóttir**  
**Birkir Vagn Ómarsson**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, vináttu og stuðning vegna fráfalls okkar ástkæra

**Stefáns Más Haraldssonar**

sjónætkjafraeðings, Daggarvöllum 5, Hafnarfirði,

**Eva Dís Þórðardóttir**

**Alexander Rafn Stefánsson** **Patrekur Rafn Stefánsson**  
**Helga Steingerður Sigurðardóttir** **Haraldur Stefánsson**  
**Sævar Ingi Haraldsson** **Sigurlaug Jónsdóttir**  
**Kristinn Freyr Haraldsson** **Ásthildur Knútsdóttir**  
**Guðbjörg Hjálmarisdóttir** **Þórður Rafn Stefánsson og fjölskylda.**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Sverrir Andræsson**

Bakkatjörn 3, Selfossi,

lést mánudaginn 20. maí. Útförin fer fram frá Selfosskirkju mánudaginn 3. júní kl. 14.00.

**Sigurður Reynir Óttarsson** **Svava Davíðsdóttir**  
**Þórir Sverrisson** **Sigurjón Reynisson**  
**Bragi Sverrisson** **Auður Svala Heiðarsdóttir**  
**Linda Sverrisdóttir** **Hermann Þór Kristinsson**  
**Sævar Sverrisson**  
**Inga Dóra Sverrisdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Við útnefningu bæjarlistamanns Kópavogs 2019. Karen Elisabet Halldórsdóttir, formaður Lista- og menningarráðs Kópavogs, og Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri ásamt Rögnu Fróðadóttur og Soffiu Karlsdóttur, yfirmanni menningarmála bæjarins.

## Vill efla tengslin milli kynslóða með handverki

Bæjarlistamaður Kópavogs 2019 er Ragna Fróðadóttir, textilhönnuður og myndlistarmaður. Hún ætlar að vinna með börnum og eldri borgurum í samvinnu við menningarhúsin.

**M**ér finnst spennandi að tengja saman ólíka aldurshópa, fá þá til að spjalla og vinna að handverki. Það hefur mig lengi langað að gera," segir textilhönnuðurinn Ragna Fróðadóttir, sem er bæjarlistamaður Kópavogs þetta árið og mun starfa með menningarhúsunum í bænum að vissum verkefnum tengdum endurnýtingu.

Hún kveðst horfa til eldri borgara í Gjábakka og skólábarna og hlakka til að setja upp vinnustofur með þeim inni á einhverju safni þar sem unnið verði með fatnað og annað tau. „Margar eldri konur eru flinkar í útsaumi. Þarna skapast vonandi samtal milli kynslóða sem hafa miklu að miðla hvor annarri og ég held að það sé hollt.“

Ragna kveðst hafa aðhyllst þráðlist frá því hún var stelpa. „Ég byrjaði svona tólf ára að sauma á mig fót en ég er meiri hugmyndasmiður en handavinnukona og hef aldrei verið mjög tæknilega sinn-



**Ég byrjaði svona tólf ára að sauma á mig fót en ég er meiri hugmyndasmiður en handavinnukona og hef aldrei verið mjög tæknilega sinnuð.**

uð. Mér er ýmislegt til lista lagt þegar kemur að textil en er ekki handavinnufasisti. Er meira í að brjóta upp hefðir og hef unnið á mörkum myndlistar og hönnunar.“

Í Mosfellsdal ólst Ragna upp innan um rósir og þrjónaskap og segir það hafa verið mjög jákvætt. „Pabbi hét Fróði Jóhannsson og var rósabóndi í Mosfellsdal og mamma mín, Steinunn Björk

Guðmundsdóttir, var mikil þrjónakona, ég fylgdist með henni og teiknaði upp mynstur fyrir hana,“ lýsir hún og neitar því ekki að sem listamaður sé dálitið gott að heita Ragna Fróðadóttir. „Sérstaklega eftir að byrjað var að kalla mig Rögnu Fróða, það er ágætt listamannsnafn og ég er ánægð með það.“

Í dag er Ragna deildarstjóri textildeildar Myndlistaskólans í Reykjavík og kennir kursum við Listaháskólann. Hún hefur verið búsett í Kópavogi reglulega frá árinu 2001 en verið langdvölum erlendis á því tímabili. Á tímabili bjó hún í New York og vann fyrir Lidewij Edelkoort sem er stefnumótandi hönnuður á heimsvísu. Nú kveðst hún ætla að taka að sér verkefni fyrir Edelkoort aftur svo hún þurfi að fara á milli heimsálfa.

„Við verðum að komast úr landi annað slag, hvað sem öllu flugvískubiti líður. Gerum eitthvað annað gott í staðinn, til dæmis með því að stýða umhverfisvæna framleiðslu.“

gun@frettabladid.is



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**Halldór Jón Sigurðsson**

kennari,

lést á krabbameinsdeild Landspítalans föstudaginn 17. maí. Halldór verður jarðsungið frá Grafarvogskirkju föstudaginn 31. maí klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið eða önnur líknarfélög.

**Edda Björnsdóttir**  
**Daði Halldórsson** **Telma Kjaran**  
**Ívar Halldórsson** **Linda María Sveinsdóttir**  
**Oliver Emil, Birnir Dagur, Sólon Snorri og Ingunn Edda**



Okkar ástkæra

**Erlendína Kristjánsdóttir**


aðjúnkt, Funafold 60,

lést á líknardeild Landspítalans 25. maí. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju mánudaginn 3. júní klukkan 15.00.

Ástvinir óska eftir að kirkjugestir mæti í litríkum klæðnaði.

**Guðmundur Edgarsson**  
**Alexander Hilmar Arnarson**  
**Elizabeth Tinna Arnardóttir**  
**Victoria Hekla Guðmundsdóttir**  
og aðrir ástvinir.

ÞÚ GETUR LESIÐ BLAÐ DAGINS  
Á FRETTABLAÐID.IS OG Í FRÉTTABLAÐS APPINU  
HVAR SEM ÞÚ ERT Í SUMAR!



FRÉTTABLAÐIÐ – MEÐ ÞÉR Í SUMAR



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu  
á Facebook og Instagram



# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Miðvikudagur

Reykjavík



10 | 5  
°C | °C

Egilsstaðir



7 | 8  
°C | °C

Ísafjörður



3 | 4  
°C | °C

Kirkjubæjarkl.



7 | 4  
°C | °C

Akureyri



4 | 5  
°C | °C

Hveravellir



2 | 6  
°C | °C

Norðlæg átt 8-15 m/s. Þjart veður SV- og V-lands, dálítill el á N- og A-landi, en skúrir syðst. Hiti í dag frá frostmarki í innsvæitum norðaustan-til, upp í 13 stig á SV-landi. Rigning eða slydda með köflum um landið NA-vert á morgun og snjócoma á heiðum. Viða léttskýjað S- og V-lands. Hiti breytist lítið.

## Fimmtudagur

Reykjavík



11 | 3  
°C | °C

Egilsstaðir



6 | 7  
°C | °C

Ísafjörður



5 | 4  
°C | °C

Kirkjubæjarkl.



9 | 2  
°C | °C

Akureyri



5 | 3  
°C | °C

Hveravellir



5 | 4  
°C | °C

## Föstudagur

Reykjavík



9 | 1  
°C | °C

Egilsstaðir



1 | 3  
°C | °C

Ísafjörður



2 | 5  
°C | °C

Kirkjubæjarkl.



5 | 5  
°C | °C

Akureyri



1 | 1  
°C | °C

Hveravellir



4 | 1  
°C | °C

### LÉTT

2			7	3		6
		5	4		2	8
		4	6			
6			9		8	
			3		6	5
3		9	4			2
	7			4		5
		6		5		7
	2	3		9		

### MIDLUNGS

3		4	7			1
	5	1		8		
6		7			4	
	7			9		4
			2		3	6
4		6				1
				2	3	9
2		3	8		1	
5	4					7

### PUNG

3	6	1				
9		2		7		
		2	9	5	7	
4		8				1
			5	6		9
1						4
2	8		7	1		6
		7				5

### Krossgáta

#### LÁRÉTT

- sukk
- mærð
- klafi
- fjandskapur
- tveir eins
- eðja
- spræna
- frumeind
- aldráður
- kvk nafn

#### LÓDRÉTT

- vegklæðning
- mælieining
- þróttur
- hindrun
- ílát
- samskeyti
- krani
- verkur
- tveir eins

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1. svall, 5. lof, 6. ok, 8. illiska, 10. tt, 11. au, 12. þuna, 13. atóm, 15. gamall, 17. karta. LÓDRÉTT: 1. siltlag, 2. volt, 3. afl, 4. lokun, 7. karfa, 9. saumur, 12. böma, 14. tek, 16. ll. Karfa, 9. saumur, 12. böma, 14. tek, 16. ll.

## Skák Gunnar Björnsson

Ivan Sokolov (2.593) átti leik gegn Mikael Jóhanni Karlssyni (2.146) á opna Íslandsmóttinu í skák – Icelandic Open.

20...e4+! 21. dxe4 Re5+ 22. Ke2 Hxf2 23. Kxf2 Rd3+ 0-1. Minningarmótið um Bergvin Oddsson, skipstjóra á Glófaxa VE, sem fram fór í Vestmannaeyjum, þótti heppnast mjög vel.

www.skak.is: Allt um Íslandsmótið.

### Svartur á leik




6	1	3	9	2	7	8	4	5
5	7	8	6	4	3	1	9	2
9	4	2	1	5	8	3	7	6
1	3	5	4	6	9	2	8	7
2	6	9	7	8	1	5	3	4
7	8	4	5	3	2	6	1	9
4	9	6	3	1	5	7	2	8
8	5	1	2	7	4	9	6	3
3	2	7	8	9	6	4	5	1
9	1	6	4	3	7	2	5	8
2	8	7	5	6	1	9	3	4
5	3	4	8	9	2	1	6	7
6	2	1	9	7	4	3	8	5
7	9	3	1	5	8	6	4	2
4	5	8	6	2	3	7	9	1
1	6	5	2	4	9	8	7	3
3	4	2	7	8	6	5	1	9
8	7	9	3	1	5	4	2	6
2	5	7	3	6	1	4	9	8
8	6	3	4	9	2	1	5	7
9	1	4	5	7	8	6	2	3
4	7	8	1	5	9	3	6	2
1	2	5	7	3	6	9	8	4
3	9	6	8	2	4	5	7	1
5	3	2	9	1	7	8	4	6
6	8	9	2	4	3	7	1	5
7	4	1	6	8	5	2	3	9

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Pondus



## Gelgjan



## Barnalán



**Rafkaup**  
Ármúla 24 • S: 585 2800

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?**

Frettabladid.is færir þér nýjustu fréttir dagsins og ítarlega umfjöllun um málefni liðandi stundar.

Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook

## Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

29. MAÍ 2019

### Orðsins list

**Hvað?** Leigudagurinn - Opinn fundur

**Hvenær?** 09.00-14.00

**Hvar?** Hilton Reykjavík Nordica Félagsmálaráðuneytið og Íbúðalánasjóður boða til fundar til að kalla eftir opinnum umræðu um hvernig breytingar á húsaleigulögum geti best tryggt öryggi á leigumarkaði.

**Hvað?** Kosið í Danmörku - hádegisfundur

**Hvenær?** 12.00-13.30

**Hvar?** Norræna húsið

Opinn fundur á vegum Norðurlanda í fókus og Norræna félagsins um dönsku þingkosningarnar sem fram undan eru 5. júní. Sigurður Ólafsson stjórnmálafræðingur, Eiríkur Bergmann, prófessor í stjórnmálafræði, Ann-Sofie Nielsen Gremaud, lektor við Háskóla Íslands, og Nikólína Hildur Sveinsdóttir mannfræðingur verða með erindi og umræður. Bogi Ágústsson sér um fundarstjórn. Fundurinn fer fram á íslensku og er öllum



Sóltúlípanar eru meðal þeirra yrkja sem sjá má í göngu um Grasagarðinn síðdegis.

opinn. Boðið verður upp á léttan hádegisverð.

**Hvað?** Nýsköpunarhæfni til framtíðar - Málþing

**Hvenær?** 12.00-14.00

**Hvar?** Þjóðminjasafnið Vísindafélag Íslendinga stendur fyrir þinginu. Frummælendur eru Kristjana Stella Blöndal, doktor í uppeldis- og menntavísindum og Haukur Arason, dósent í eðlisfræði og náttúrufræðimenntun. Kristján Leósson, framkvæmdastjóri efnis-, líf- og orkutækni-deildar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands stýrir pallborðsumræðum. Aðgangur er opinn og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

### Myndlist

**Hvað?** Leiðsögn um sýninguna Útlína

**Hvenær?** 12.15

**Hvar?** Gerðarsafn Kópavogi Sýningarstjórnir Brynja Sveinsdóttir og Hrafnhildur Gissurar-dóttir sjá um leiðsögn um línuna sem liggur milli skúlptúra, teikninga og málverka eftir ellefu listamenn. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**Hvað?** Call for Performers - opnun

**Hvenær?** 17.00-20.00

**Hvar?** Midpunkt, Hamraborg, Kópavogi

Mio Hanaoka er fyrsti erlendi

gestur Midpunkt í ár. Hún er japönsk listakona, búsett í París. Í sýningunni ætlar hún að svæfa gesti og veita þeim þannig nýja listræna upplifun.

**Hvað?** Rið – einkasýning Finnboga Péturssonar

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús

### Náttúruskoðun

**Hvað?** Túlípanaganga

**Hvenær?** 18.00

**Hvar?** Grasagarður Reykjavíkur, Laugardal  
Fjallað verður um fjölbreytileika túlípánanna sem skarta sínu fegursta þessa dagana, ræktun og sögu. Hjörtur Þorbjörnsson, forstöðumaður Grasagarðsins, og Björk Þorleifsdóttir, verkefnastjóri fræðslu og miðlunar, sjá um leiðsögnina sem hefst hjá aðalinngangi garðsins. Þátttaka er ókeypis og allir velkomnir!

### Tónleikar

**Hvað?** Kórsöngur

**Hvenær?** 20.00

**Hvar?** Seltjarnarneskirkja Barbörúkórinn og Ensemble Choer3 frá Sviss sameinast á heimshornafлакki og flytja verk frá ýmsum löndum saman og í sitthvori lagi. Abelia Nordmann, stjórnandi Ensemble Choer3, kom til Íslands í mars og hélt námskeið fyrir Barbörúkórinn í austurevrópskum söngstil og verður því fróðlegt að sjá og heyra afraksturinn. Hilmar Örn Agnarsson stjórnar Barbörúrórnnum. Fritt inn, allir hjartanlega velkomnir og lofað er góðri skemmtun.



## GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS

HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

2-FYRIR-1 TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR!

2-FOR-1 OFFER ON ALL MOVIES!

The Wild Pear Tree (ENG SUB) 17:30

BlacKkKlansman (ENGLISH NO SUB) 20:00

Yuli-Carlos Acosta Story (ENG SUB) 17:45

The House That Jack Built (ICE SUB) 21:00

Að sjá hið ósýnilega (ICELANDIC) 18:00

Lords of Chaos (ICE SUB) 22:20

If Beale Street Could Talk (NO SUB) 20:00

Girl (ICE SUB) 22:30



# Fedasz Dental Hungary

sérfræðingar í tannlæknatúrisma


## Sumartilboð!

Ef verð meðferðar er hærra en 3000,- EUR, þá bjóðum við ókeypis gistingu á hóteli okkar ásamt akstri til og frá flugvelli\*

Fyrir



Eftir



Tannlæknastofur | Rannsóknarstofur | Hótel á svæðinu

Hafðu samband

+ 36 70 942 9573

\*gildir ekki með öðrum tilboðum eða afsláttum.

Ríta er tengiliður á milli Íslands og Ungverjalands

## Miðvikudagur

emmessis



## BLÓMLEGRA SUMAR með Ísblómum



— EKTA —  
ÍSLENSKUR  
Rjómaís

## RÚV SJÓNVARP

- 13.00** Kastljós  
**13.15** Menningin  
**13.25** Útsvar 2014-2015 Ölfus - Stykkishólmur  
**14.30** Mósaik 1998-1999 Þættir frá 1998-1999 þar sem raðað er saman ýmsum brotum sem tengjast menningu og listum, auk umræðu um fróðleg og framandi mál. Umsjón hefur Jónatan Garðarsson. Dagskrárgerð: Haukur Hauksson og Þiðrik Ch. Emilsson. Stjórn útsendingar: Haukur Hauksson. e.  
**15.10** Með okkar augum Fimmta þáttaröð þessara einlægu og skemmtilegu þátta þar sem fólk með þroskahömlun skoðar mál-efni liðandi stundar með sínum augum og spyr spurninga á sinn einstaka hátt. Dagskrárgerð: Elin Sveinsdóttir. e.  
**15.45** Sambúð kynslóðanna Heimildarþáttur um ungmenni sem flytja inn á elliheimili í Helsinki. Þar fá þau að búa og borga lága leigu gegn því að umgangast eldri borgarana og veita þeim félagsskap. e.  
**16.15** Á tali hjá Hemma Gunn 1988-1989  
**17.15** Nýja afríska eldhúsið - Eþíópía  
**17.45** Tákn málsfréttir  
**17.55** Disneystundin  
**17.56** Nýi skólinn keisarans  
**18.17** Sigildar teiknimyndir  
**18.24** Dóta lækni  
**18.50** Krakkafréttir  
**18.54** Vikinglotto  
**19.00** Fréttir  
**19.20** Íþróttir  
**19.25** Veður  
**19.30** Eldhúsdagsumræður á Alþingi Bein útsending frá almennum stjórn málaumræðum sem fram fara á Alþingi ár hvert áður en þingstörfum er frestað. Þingmenn og ráðherrar allra flokka taka þátt.  
**22.00** Tíufréttir  
**22.15** Veður  
**22.20** Systir systur þinnar Rómantísk gamanmynd um Jack, sem á erfitt með að takast á við tilfinningar sínar eftir andlát bróður síns. Vinkona hans, Iris, býður honum að dvelja í sumarhúsi fjölskyldu hennar til að ná áttum í ró og næði. Við komuna þangað hittir hann óvænt systur Irisar sem er að jafna sig eftir sambands slit og þegar Iris bætist skyndilega við hópinn daginn eftir taka málin að flækjast. Leikstjórn: Lynn Shelton. Aðalhlutverk: Mark Duplass, Emily Blunt og Rosemarie DeWitt. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.  
**23.50** 120 slög á mínútu Margverðlaunuð frönsk kvikmynd um Nathan, ungan mann sem gengur til liðs við hóp aðgerðasinna sem berjast gegn aðgerðaleysi stjórnvalda og lyfjafyrirtækja í eyðnifaraldrinum snemma á tíunda áratugnum. Þar kynnist hann Sean, sem gefur sig allan í baráttuna og hefur djúpstæð áhrif á hann. Leikstjórn: Robin Campillo. Aðalhlutverk: Nahuel Pérez Biscayart, Arnaud Valois og Adèle Haenel. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna. e.  
**02.05** Dagskrárlök

## GOLFSTÖÐIN

- 08.00** Charles Schwab Challenge  
**13.05** Golfing World  
**13.55** Charles Schwab Challenge  
**18.55** Golfing World  
**19.45** Pure Silk Championship  
**22.45** Golfing World

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
FM 89,5 Retro  
FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
FM 93,5 Rás 1  
FM 95,7 FM957

## SJÓNVARP SÍMANS

- 06.00** Síminn + Spotify  
**08.00** Dr. Phil  
**08.45** The Tonight Show  
**09.30** The Late Late Show  
**10.15** Síminn + Spotify  
**12.00** Everybody Loves Raymond  
**12.20** The King of Queens  
**12.40** How I Met Your Mother  
**13.05** Dr. Phil  
**13.45** The Kids Are Alright  
**14.10** Lambið og miðin  
**14.45** 90210  
**16.00** Malcolm in the Middle  
**16.20** Everybody Loves Raymond  
**16.45** The King of Queens  
**17.05** How I Met Your Mother  
**17.30** Dr. Phil  
**18.15** The Tonight Show  
**19.00** The Late Late Show  
**19.45** American Housewife  
**20.10** Charmed  
**21.00** New Amsterdam  
**21.50** Station 19  
**22.35** Taken  
**23.20** The Tonight Show  
**00.05** The Late Late Show  
**00.50** NCIS  
**01.35** NCIS. Los Angeles  
**02.20** 9-1-1  
**03.05** The Resident  
**03.50** FEUD  
**04.45** Síminn + Spotify

## RÚV RÁS EITT

- 06.45** Morgunbæn og orð dagsins  
**06.50** Morgunvaktin  
**07.00** Fréttir  
**07.30** Fréttayfirlit  
**08.00** Morgunfréttir  
**08.30** Fréttayfirlit  
**09.00** Fréttir  
**09.05** Segðu mér  
**09.45** Morgunleikfimi  
**10.00** Fréttir  
**10.03** Veðurfregnir  
**10.13** Á reki með KK  
**11.00** Fréttir  
**11.03** Mannlegi þátturinn  
**12.00** Fréttir  
**12.02** Hádegisútlit  
**12.20** Hádegisfréttir  
**12.40** Veðurfregnir  
**12.50** Dánarfregnir  
**12.55** Samfélagið  
**14.00** Fréttir  
**14.03** Tónlist frá A til Ö  
**15.00** Fréttir  
**15.03** Samtalum réttindi barna  
**16.00** Siðdegisfréttir  
**16.05** Viðsjá  
**17.00** Fréttir  
**17.03** Lestin  
**18.00** Spegillinn  
**18.30** Útlit Krakka RÚV  
**18.50** Veðurfregnir  
**18.53** Dánarfregnir  
**19.00** Endurómur úr Evrópu  
**20.35** Mannlegi þátturinn  
**21.40** Kvöldsgagan. Húsið  
**22.00** Fréttir  
**22.05** Veðurfregnir  
**22.10** Samfélagið  
**23.05** Lestin  
**00.00** Fréttir  
**00.05** Næturútlit Rásar 1

## STÖÐ 2 BÍÓ

- 10.50** Accepted  
**12.25** A Late Quartet  
**14.10** Snowden  
**16.20** Accepted  
**17.55** A Late Quartet  
**19.45** Snowden  
**22.00** Brokeback Mountain  
**00.15** The Mountain Between Us  
**02.10** Lovelace  
**03.45** Brokeback Mountain

## STÖÐ 2

- 07.00** The Simpsons  
**07.25** Friends  
**07.50** Gilmore Girls  
**08.30** Ellen  
**09.15** Bold and the Beautiful  
**09.35** Jamie's 15 Minute Meals  
**10.00** Fresh Off the Boat  
**10.20** Enlightened  
**10.50** Lego Masters  
**11.45** Logi  
**12.35** Nágrannar  
**13.00** Masterchef USA  
**13.40** World of Dance  
**14.20** God Friended Me  
**15.05** Major Crimes  
**15.50** Hálandisvaktin  
**16.20** Margra barna mæður  
**17.00** Bold and the Beautiful  
**17.20** Nágrannar  
**17.45** Ellen  
**18.30** Fréttir Stöðvar 2 Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.  
**18.55** Ísland í dag  
**19.10** Sportpakinn Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.  
**19.20** Veður  
**19.25** Vikingalottó  
**19.30** Mom  
**19.50** Jamie's Quick and Easy Food  
**20.15** The Bold Type  
**21.00** The Red Line  
**21.45** Gentleman Jack  
**22.45** You're the Worst  
**23.10** The Blacklist  
**23.55** Whiskey Cavalier  
**00.40** Barry  
**01.10** Lethal Weapon  
**01.55** Springfloden  
**02.40** Springfloden

## STÖÐ 3

- 19.10** The Last Man on Earth  
**19.35** The Simpsons  
**20.00** Seinfeld  
**20.25** Friends  
**20.50** Angie Tribeca  
**21.15** Pretty Little Liars. The Perfectionists  
**22.00** Krypton  
**22.45** Westworld  
**23.50** The Mindy Project  
**00.15** Supergirl  
**01.00** Arrow  
**01.45** Seinfeld  
**02.10** Tónlist

## STÖÐ 2 SPORT

- 07.55** HK - Grindavík  
**09.35** Pepsi Max Mörk karla  
**11.05** Premier League World  
**11.35** Grindavík - Vestri  
**13.15** Keflavík - Njarðvík  
**14.55** SPAL - AC Milan  
**16.35** Season Highlights  
**17.30** Meistaradeild Evrópu - fréttapáttur  
**17.55** Evrópu-deildin - fréttapáttur  
**18.30** Chelsea - Arsenal Bein útsending frá úrslitaleik Evrópu-deildarinnar.  
**21.00** Pepsi Max Mörk kvenna  
**22.05** Fylkir - HK/Víkingur  
**23.45** Chelsea - Arsenal

## STÖÐ 2 SPORT 2

- 10.20** ÍA - Stjarnan  
**12.00** Haukar - Selfoss. Leikur 3  
**13.40** Seinni bylgjan  
**14.20** Aston Villa - Derby  
**16.00** Ajax - Tottenham  
**17.45** Grindavík - Vestri  
**19.25** Keflavík - Njarðvík  
**21.05** UFC Now  
**21.55** UFC Fight Night. Dos Anjos vs. Lees

FM 96,3 FM Suðurland  
FM 96,7 Létt Bylgjan  
FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
FM 99,4 Útlit Saga  
FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

# STÖÐVUM FELULEIKINN

**Skrifaðu undir á [unicef.is](http://unicef.is)**  
Líðum ALDREI ofbeldi gegn börnum.



Unicef.is/feluleikur

#stöðvumfeluleikinn fyrir #öllbörn

**Á Íslandi búa 80.383 börn.**

**Fleiri en 13.000 þeirra verða fyrir ofbeldi.**

**Oft þora þau ekki að segja frá**

**– of oft lítum við undan án þess að bregðast við.**



# Var bálsskotin í Dennis Rodman

**Tanja Huld** er fata- og textilhönnuður. Hún hefur vakið mikla athygli fyrir línu sína, Brauðtertán lifir.

**T**anja Huld Levý Guðmundsdóttir er 29 ára listakona með bakklárgráðu í fatahönnun frá Listaháskóla Íslands og diplóma í textilhönnun frá Myndlistaskólunum í Reykjavík. Hún hefur vakið verðskuldaða athygli fyrir línu sína, Brauðtertán lifir, sem samanstóð af brauðtertumynstruðum sundbol og handklæði.

*Hvernig myndir þú lýsa þínum persónulega stíl?*

Ég myndi segja að stíllinn væri óður til þess sem er að gerast í lífi mínu, ég klæði mig eftir stemningunni sem ég vil skapa. Í raun eins og ég nota flíkur sem búning sem segir einhverja sögu. Eins og núna er ég að mála eldhúsið mitt og þá er ég flesta daga í malaragalla. Svo þegar ég fer út að skokka fer ég í krumpugallann, þegar ég er að kenna þá er ég í kennarajakkaftunum, þegar ég fer á tónleika með Írafar og hittir Birgittu Haukdal þá er klæðnaðurinn innblásinn af henni og svo framvegis.

*Hannar þú fót út frá því hverju þú myndir sjálf klæðast?*

Alveg klárlega en í flestum tilfellum er hönnun mín frekar kaotískt skipulag. Í gegnum tíðina hef



Stuttermabolur og palliettubuxur úr línunni Eitur í flösku eftir Tönju.



Kjöll úr afgangum úr línunni Weave me be sem Tanja gerði fyrir Kynjakokteil.



„Þessi galli er úr samstarfsverkefni okkar Loja Höskuldssonar myndlistarmanns. Það kallaðist Upp með sokkana.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR EYJÓLFSSON

## Samtök aldraðra

### AÐALFUNDUR 2019 Byggingasamvinnufélags Samtaka Aldraðra bsvf

Verður haldinn þann 5. júní kl. 14:00  
í safnaðarheimili Grensássóknar,  
Háaleitisbraut 66, Reykjavík.

Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning og skýrslu skoðunarmanns/manna ásamt skýrslu stjórnar um hag félagsins:

#### Dagskrá:

1. Skýrsla stjórnar
2. Staðfesting ársreiknings.
3. Kjör stjórnar og skoðunarmanna.
4. Ákvörðun félagsgjalda fyrir næsta ár.
5. Önnur mál, sem heyra undir aðalfund samkvæmt lögum og félagssamþykktum.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta á aðalfundinn.

*Stjórnin*

ég mest verið að hanna munstraðar flíkur í þægilegum, afslöppuðum, kynlausum sniðum. Upp á síðkastið hef ég meira verið að hanna búninga, sem ég myndi klárlega skarta sjálf ef það væri tilefni til.

*Hverjir eru þínir uppáhalds fatahönnuðir og af hverju?*

Uppáhalds hönnuðirnir mínir eru Walter Van Beirendonck og Jeremy Scott út frá fagurfræðilegu sjónarhorni. Það höfðar mjög mikið til mín hvernig þeir leyfa húmornum og leikgleðinni að vera í fyrirrúmi. Walter Van Beirendonck hefur alltaf verið fyrirmynd í mínum augum en hann nýtir oft á tíðum sína rödd innan tiskuheimins til að vekja athygli á mikilvægum málefnum líðandi stundar. Mér finnst hann vera á mörkunum að vera fatahönnuður og listamaður þar sem hönnun hans líkist oft á tíðum skúlptúrum. Svo hannar hann líka búninga fyrir leikhús, sem er líka ástríða sem ég hef sjálf.

*Hvadan færð þú innblástur?*

Það er ótrúlega misjafnt eftir tímabilum. Ég held að ég sé svolítið eins og svampur sem dregur allt í sig og það er bara mjög flæðandi hvaðan innblásturinn kemur. Ef ég ætti að nefna eitthvað ákveðið þá myndi ég segja fólkið í kringum mig, vinir mínir, og sjónvarpsþátturinn RuPauls Drag Race.

*Hvernig myndir þú lýsa þinni eigin hönnun?*

Skipulagt kaos, maximalistisk, litríkt, leikandi, dass af húmor, afslöppuð, kynlaus snið og þægileg.

*Hefur hönnun þín breyst mikið á þeim tíma sem er liðinn frá því þú varst í Listaháskólanum?*

Ég myndi segja að ég sé enn frekar

**MÉR FINNST ÓSPENNANDI AÐ SJÁ UPPGANG HRADTÍSKUVERSLANA HÉRNA Á ÍSLANDI. SÉRSTAKLEGA EFTIR ALLA ÞÁ UMRÆÐU OG VITUNDARVAKNINGU UM Í HVERNIG AÐSTÆÐUM FÖTIN ERU FRAMLEIDD.**

trú fagurfræðinni sem ég heillast af. Ég hef alltaf haft mjög mikinn áhuga á búningum og ég fékk oft að heyra það í Listaháskólanum að hönnun mín væri búningaleg. Þess vegna finnst mér ótrúlega gaman að fá að spreyta mig á þeirri braut núna eftir öll þessi ár og finn að ég hef mikla ástríðu fyrir því. Í kjölfar fatahönnunarnámsins þyrsti mig í meiri tæknikunnáttu til að framkvæma hugmyndir minar. Þess vegna fór

ég í Myndlistaskólann í Reykjavík í textilhönnun eftir útskrift sem algjörlega kom mér á réttan kjöl.

*Finnst þér eitthvað meira óspennandi en annað sem er í tisku í dag?*

Mér finnst óspennandi að sjá uppgang hraðtískuverslana hérna á Íslandi. Sérstaklega eftir alla þá umræðu og vitundarvakningu um í hvernig aðstæðum fötin eru framleidd, þar sem niðst er á fólki og náttúrunni.

*Er einhver sem þér finnst skara fram úr, erlendur aðili eða íslenskur, þegar það kemur að stíl og fatavali?*

Mér finnst Dennis Rodman klæða sig smart, en ég var skotin í honum þegar ég var lítil. Hann er samt með einhvern bölvadan skæting þessa dagana og alltaf einhverjar skrýtnar fréttir um hann. Ég er ekki lengur skotin í honum en hann skarar fram úr þegar kemur að persónulegum stíl. Ætli það hafi ekki verið hvernig hann lék sér að kynjastöðlum þegar það kom að klæðnaði. Það heillaði mig sem krakka og hefur örugglega haft áhrif á mig og mína hönnun. [steingerdur@frettabladid.is](mailto:steingerdur@frettabladid.is)

# Gömul gólf urðu Söru innblástur

**Sara Björg Bjarnadóttir** opnar sýninguna *Mjúkberg* í Ekkisens galleríi í kvöld. Þar sýnir hún skúlptúra gerða úr endurunnnum svampi.

Listakonan Sara Björg Bjarnadóttir útskrifaðist úr myndlistadeild Listaháskóla Íslands vorið 2015 en hún tók fornam á undan í Myndlistarskólunum í Reykjavík. Hún opnar sína sjöttu einkasýningu, *Mjúkberg*, í Ekkisens galleríi í kvöld.

„Eftir útskrift ákvað ég að fara til Berlínar í starfsnám hjá myndlistarmanninum Markus Zimmermann. Ég var í starfsnámi hjá honum í átta mánuði. Hann trúði lítið á stigveldi eða stigskiptingu og vildi ekki segja mér til verka og varð þá starfsnámið að meiri samvinnu og listrænu samali.“

Eftir dvölina hafði Sara kynnt borginni vel og myndað sterk tengsl við hana. „Þess vegna ákvað ég að setjast að í Berlín, en ég kem reglulega til Íslands og vil rækta samband



Sara mun starfa sem landvörður í Jökulsárgljúfri í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

mitt við samfélagið hér og fjölskylduna. Í sumar verð ég á Íslandi í fjóra mánuði og mun starfa sem landvörður í Jökulsárgljúfri. Ég hlakka mikið til þess og það er alveg frábært að byrja þetta tímabil á einkasýningu í miðbæ Reykjavíkur áður en ég fer á fjöll.“

Galleríið Ekkisens er rekið af Freyju Eilíf myndlistarkonu og er í kjallara hússins þar sem amma hennar býr.

„Gólfið í rýminu var kveikjan að sýningunni. Svona gólf eru mjög algeng í eldri húsum á Íslandi og hluti þess er alveg eins og hjá ömmu minni og afa. Mynstraða gólfið tengdi ég við stórkornóttar bergtegundir og er endurunninn svampur með áþekka áferð. Ég hef unnið mikið með svamp í öðrum verkum mínum.“

Þannig fór af stað ferli þar sem Sara leyfði efniviðnum, sem sagt endurunnna svampinum, að leiða hana áfram.

„Ég ákvað að kalla seríuna *Soft Rock Assemblage*, eða *Mjúkberg*. Ég imyndaði mér að þetta væri eins konar framtíðar bergtegund sem ég væri að vinna með. Í framtíð þar sem náttúruyfyrirbæri væru orðin að hluta til „synthetísk“ og innihéldu leifar af manngerðum efnum.“

Sýningin er opnuð klukkan 17.00 í dag og er í Ekkisens galleríi, Bergstaðastræti 25b, og verður opin klukkan 15-18, laugardaga og sunnudaga, fyrstu þrjár helgarnar í júní.

steingerdur@frettabladid.is

## NOTAÐIR LÚXUSBÍLAR

### SÝNINGARSALUR - HESTHÁLSI 6



#### BMW 640 D Grand Coupe

Nýskr. 5/2014, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 7.490.000 kr.**

Rnr. 420044.



#### JAGUAR F-PACE Portfolio

Nýskr. 11/2017, ekinn 25 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 8.990.000 kr.**

Rnr. 145639.



#### RANGE ROVER Velar S

Nýskr. 2/2019, ekinn 2 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 11.290.000 kr.**

Rnr. 420114.



#### RANGE ROVER SPORT SE

Nýskr. 5/2017, ekinn 61 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 10.900.000 kr.**

Rnr. 103855.



#### PORSCHE Cayenne S e-hybrid

Nýskr. 11/2016, ekinn 31 þús. km, bensín/rafmagn, sjálfskiptur.

**Verð 9.490.000 kr.**

Rnr. 420113.



#### JAGUAR XE 2.0 i4 Prestige

Nýskr. 7/2017, ekinn 23 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 4.990.000 kr.**

Rnr. 420131.



#### RANGE ROVER SPORT HSE Dynamic

Nýskr. 3/2017, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 13.990.000 kr.**

Rnr. 420077.



#### LAND ROVER Discovery Sport HSE

Nýskr. 4/2016, ekinn 30 þús. km, dísil, sjálfskiptur.

**Verð 6.490.000 kr.**

Rnr. 103786.

**APPROVED**  
CERTIFIED PRE-OWNED

Allir bílar sem merktir eru **APPROVED** hafa farið í gegnum gæðaferli notaðra Jaguar og Land Rover bíla. Sjón er sögu ríkari – komdu í reynsluakstur strax í dag.

**JAGUAR - LAND ROVER**  
Hestháli 6-8 / 110 Reykjavík  
525 6500 / jaguarlandrover.is

**HÚSGAGNA  
HÖLLIN**



## GARÐHÚSGÖGNIN Í HÖLLINNI

### CLIPS GARÐHÚSGAGNALÍÑAN



#### CLIPS

Stöðugur og vandaður garðstóll þótt hann sé léttur og einfaldur. Honum er auðvelt að stafla. Stóllinn og armarnir eru úr dufthúðuðu áli en sætið úr plasti sem það dúar ögn/gefur eftir en er þó sterkt og endingargott. Nokkrir litir.

GARÐHÚSGÖGN

**30%**  
AFSLÁTTUR

**13.993 kr.** ~~19.990 kr.~~

#### CLIPS

Slakaðu á í dásamlegum ruggustól. Clips er notalegur og vandaður þótt hann sé léttur og einfaldur. Sethæð stólsins 32 cm. Nokkrir litir með samlitum örmum og grind.

**27.993 kr.** ~~39.990 kr.~~



**HÚSGAGNA  
HÖLLIN**

Sími: 558 1100

Reykjavík 10 – 18 virka daga  
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga  
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga  
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga  
Ísafjörður Skeiði 1

## HVER VANN?

Sportíð á frettablaðið.is færir þér allar nýjustu fréttirnar úr heimi íþróttanna.



Ekki missa af neinu, fylgdu Fréttablaðinu á Facebook



Dægurlagafélagið kemur fram í Skyrgerðinni í Hveragerði í kvöld.

# Hemmi Gunn vildi á Gestalistann

Dægurlagafélagið er með skemmtun í kvöld í Skyrgerðinni í Hveragerði. Þar munu meðlimirnir segja frá því hvernig vinsælustu popplög þjóðarinnar urðu til, ásamt því að spila lög.

**D**ægurlagafélagið er hópur karlanna sem eiga það sameiginlegt að tengjast sveitaballasenu og Suðurlandinu sterkum böndum. Þeir tóku sig til og stofnuðu Dægurlagafélagið, en undir því nafni koma þeir fram og spila sín þekktustu lög og ásamt því að segja sögurnar á bak við tilurð þeirra.

#### Tenging við Suðurlandið

Hópurinn samanstendur af þeim Heimi Eyvindarsyni úr Á móti Sól, Ingólfi „Vedurguð“ Þórarinssyni, Hreimi Erni Heimissyni, forsprakka Lands og sona, og Einari Bárðarsyni dægurlagahöfund. Þeir standa nú fyrir nokkrum viðburðum næstu misseri, en í kvöld koma þeir fram í Skyrgerðinni í Hveragerði.

Kvöldskemmtunina hafa þeir nefnt Saga til næsta bæjar en hún er blanda af uppstandi og tónlistarflutningi. Lögin flytja þeir í órafmögnum útgáfum en þeirra á meðal má nefna lög á borð við Vöðvastæltur, Dreymir, Farin, Spennitur, Djöfull er ég flottur, Bahama, Gestalistinn og Lífið er yndislegt.

„Þetta er í þriðja skiptið sem við höldum svona kvöld. Við höfum hingað til aðallega verið á Selfossi enda allir með tengingu þangað. Þetta er með svolítið ólíku sniði en hefðbundnir tónleikar, við í raun tölum meira en við spilum. Stundum tökum við bara brot úr lögum,“ segir Ingó galvaskur þegar Fréttablaðið náði tali af honum.

**Lögin stundum um fólk í salnum**  
Ingó segir sögurnar í bak við lögin vera í forgrunni.

„Öll þessi lög eiga það sameiginlegt að eiga sér einhverja ákveðna

**LÖGIN Hafa sum MEIRA að segja MÖRG ORÐIÐ TIL EÐA VERIÐ BYGGÐ Á SÖGUM ÚR PARTIUM HÉRNA Á SUÐURLANDI. ÞESS VEGNA ERU HREINLEGA STUNDUM GESTIR Í SALNUM HJÁ OKKUR SEM TENGJAST BEINT GERÐ LAGSINS.**

og skrítna sögu. Einar Bárðar kom upphaflega með hugmyndina um að halda skemmtun með þessu sniði. Fyrst var smá svona Selfossþema en svo vatt þetta aðeins upp á sig og er í raun enn þá að vinda upp á sig.“

Lögin eiga það öll sameiginlegt að vera íslensk dægurlög sem vinsælt hefur verið í gegnum tíðina að spila í partium.

„Lögin hafa sum meira að segja mörg orðið til eða verið byggð á sögum úr partium hérna á Suðurlandi. Þess vegna eru hreinlega stundum gestir í salnum hjá okkur sem tengjast beint gerð lagsins, voru kannski með okkur í FSu á sínum tíma,“ segir Ingó.

**Gestalistinn saminn á Hellisheiði**  
Ingó segir furðulega sögu á bak við flest hans lög. En hvernig kom lagði Gestalistinn til?

„Þetta var á þeim tíma sem ég var bara búinn að gefa út Bahama. Það var náttúrulega spilað mikið og allir orðnir frekar leiðir á því. Svo vorum við að mæta í útvarpsviðtal hjá Ívari Guðmunds á Bylgjunni til að spila lagði í svona fjórtánda sinn, staddir á miðri Hellisheiðinni þegar ég ákveð að við yrðum bara semja lag á leiðinni í viðtali.“

Hann segir að kjölfarið hafi mikið

verið beðið um lagði á tónleikum.

„Æ, þetta var smá svona brandari okkar á milli, fólk var líka mikið að biðja um fara á gestalistann hjá manni og þá spannst lagði út frá því. Ég sagði að ég myndi einfaldlega syngja hverjir væru á listanum, fólk gæti þá bara hlustað á lagði til að vita hvort það væri í boði. En þetta var meira í gríni auðvitað en alvöru,“ segir Ingó hlæjandi.

#### Hemmi Gunn vildi á listann

Aðspurður hvort einhverjum hafi sárnað eða að vera nefndur í laginu segir Ingó svo ekki vera.

„Það var miklu frekar að fólk væri ósátt við að vera ekki nefnt í laginu. Hemmi Gunn heitinn var ekki þar sáttur við að hafa ekki verið á listanum, en hann var mikill stuðningsmaður okkar fyrstu árin. Þannig að hann var frekar svekktur yfir að vera ekki á listanum.“

Ingó segir líkur leiða að því að uppfærsla á laginu sé á næsta leiti.

„Þælingin er að hafa alltaf uppfærsla á tíu ára fresti. Þá er öllum nöfnunum breytt nema kannski einu eða tveimur. Það væru þá hinir sönnu heidursgestir. Þannig að stefnan er að gera þetta á áratugar fresti næstu sjötíu árin.“

Hann segir í gamansömum tón að á næsta lista verði líka tekin ýmis málefni úr samfélaginu svo fólk skal betur passa sig.

„Þeir sem hafa eða munu klúðra illa á næstunni geta vel átt von á því að lenda á næsta lista,“ bætir Ingó við að lokum.

Skemmtunin hefst klukkan 20.00 í Skyrgerðinni, Breiðumörk 25 í Hveragerði.

Dægurlagafélagið heldur svo aðra skemmtun 7. júní næstkomandi í Gamla Kaupfélaginu á Akranesi. Miðar á hana fást á miði.is. [steingerdur@frettabladid.is](mailto:steingerdur@frettabladid.is)

**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir [johannahelga@frettabladid.is](mailto:johannahelga@frettabladid.is) **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Guðaf Bjarnason [guðaf@frettabladid.is](mailto:guðaf@frettabladid.is), Hjördis Zoëga Hjördis [hjordis@frettabladid.is](mailto:hjordis@frettabladid.is), Sigfús Örn Einarsson [sigfus@frettabladid.is](mailto:sigfus@frettabladid.is), Svava Ó'Brien Svava [svava@frettabladid.is](mailto:svava@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@frettabladid.is](mailto:orn.geirsson@frettabladid.is), FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077: Atli Bergmann [atli@frettabladid.is](mailto:atli@frettabladid.is), Arnar Magnússon [arnar@frettabladid.is](mailto:arnar@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ivar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is), FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Benedikt Boas Hinriksson [benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is), RADAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), Vidar Ingi Pétursson [vidar@frettabladid.is](mailto:vidar@frettabladid.is) **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is), Guðrún Inga Grétarsdóttir [guðrunga@frettabladid.is](mailto:guðrunga@frettabladid.is)




# BAUHAUS®

Hefur þú séð nýja sumarblaðið okkar?




Pylsur í boði af grillinu laugardaginn 1. júní á milli 13:00-16:00 og glaðningur fyrir krakkana.



**20%**  
afsláttur  
af öllum ljósum  
m.v. almennt verð

Tilboðin á sumarahátíðinni gilda frá þriðjudeginum 28. maí til og með sunnudeginum 2. júní 2019.



**30%**  
afsláttur af öllum  
garðhúsgögnum  
m.v. almennt verð



**MIKIÐ ÚRVAL, GÆÐI OG LÁGT VERÐ, ALLTAF!**

**OPNUNARTÍMAR: VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**  
BAUHAUS REYKJAVÍK – Lambhagavegur 2-4 – 113 Reykjavík – 515-0800 – upplýsingar@bauhaus.is – www.bauhaus.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 550 5000

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is

Auglýsingadeild 550 5050 auglysingar@frettabladid.is

Prentun Torg. ehf

PÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF  
FRÉTTABLAÐINU VIÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ  
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing Dreifing dreifing@postdreifing.is  
Ef blaðið berst ekki 800 1177

## BAKÞANKAR

Bjarna  
Karlssonar



## Tilfinningatips

Núna er sumarið 2019 að skolast hingað upp. Sumur eru björt, ilmandi og máttug. Hvað skyldi maður eiga eftir að lifa þau mörg? Réttast að vera ekki í neinum tryllingi heldur gera þessa fáu sumardaga að endurnærandi hvíld og kærnum minningum. Ég veit ekki margt. Samt veit ég að tilfinningar eru eins og ský. Þú horfir ekki á ský og segir: „Þetta er rangt ský!“ Tilfinningar eru líka eins og draumar. Ef vinur þinn segir þér draumansar þú ekki: „Ég held að þetta sé réttur draumur.“ Ský, draumar og tilfinningar eru ekki réttar eða rangar. Samt eru þetta allt atriði sem skipta okkur máli í daglegu lífi.

Ef við viljum forðast trylling en njóta sumars þarf að gæta sín á tvennu varðandi tilfinningar: Maður skyldi hvorki bæla þær né fleygja þeim í andlit á fólki. Við höfum alls konar tilfinningar, velkomnar og óvelkomnar. Tilfinningalegt jafnvægi skapast þegar þú viðurkennir með sjálfum þér hvernig þér líður og unír þeirri staðreynd að annað fólk ber ekki ábyrgð á líðan þinni og hugsunum. Samt þurfum við öll að tala um tilfinningar okkar. Þegar ég geri það hefur mér reynst vel að velja persónu sem málið varðar, leggja tilfinninguna á borðið og láta eftirfarandi fylgja: „Þetta er min tilfinning. Hún er ekki rétt og heldur ekki röng. Hún bara er. Ég vil ekki fela þessa tilfinningu fyrir þér og ég ætla heldur ekki að henda henni í andlitu á þér. Þess í stað tek ég ábyrgð á eigin líðan með því að leggja hana fram. Takk fyrri að horfa og hlusta.“ – Og sannauðu til; þegar við gerum þetta, segjum hug okkar en sleppum allri ásökun og sektarkennd, fer lífið að vera líkt og íslenska sumarið; óútreiknanlegt í sjálfu sér en þó alltaf bjart, svalt og ilmandi.

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

**Kvikk**  
ON THE GO

FYRIR SVANGA  
FERÐALANGA

TORTILLA  
OG GOS\*  
COMBO VERÐ:  
**499 KR**



\*0,5 l gos í plasti frá Ölgerðinni.  
Tilbúin vara, ekki hægt að breyta.

**Kvikk**  
ON THE GO

## Springum út með Krakkakorti á 0 kr.

Nokia 3310 er á sólríku sumartilboði fyrir allar fjölskyldur með Krakkakort hjá Símanum. Krakkakort fylgja farsímaáskriftum með 5 GB eða meira og fela í sér 1 GB á mánuði fyrir börnin.

Þú getur meira með Símanum



Tilboð  
**Nokia 3310**  
4.995 kr.\*  
Áður 9.999 kr.

siminn.is

\*Gildir til 12. júní á meðan birgðir endast.